FRÉTTABLAÐIÐ

226. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 24. SEPTEMBER 2016



Undir yfirborðinu

Notendur netsins sjá aðeins hluta þess. Undir yfirborðinu eru **falin net**, sum mikilvæg uppljóstrurum og önnur sem tengjast glæpum. Þangað færa sig æ fleiri til að vernda **friðhelgi einkalífs** síns. → 28

Síðustu ábúendurnir á Ströndum → 32



Þjóðernissinnar í sókn → 6

Uppgjör þriggja þingkvenna → 36

PLÚS 3 SÉRBLÖÐ ● ATVINNA ● FÓLK ● LOCAL FOOD FESTIVAL

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

SMÁRALIND

Veður



Norðaustanátt 8-15 í dag en 13-20 m/s norðvestan til á landinu. Víða rigning og hiti 4 til 12 stig, hlýjast sunnan heiða.
SJÁ SÍÐU 46

Gefa 800 spjaldtölvur

Allir nemar í rafiðngreinum á landinu fá gefins spjaldtölvur frá Samtökum rafverktaka og Rafiðnaðarsambandi Íslands. Alls verða gefnar um 800 tölvur og voru þær fyrstu afhentar í gær í tveimur húsum Tækniskólans, á Skólavörðuholti og Flatahrauni í Hafnarfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Fjölda fyrirspurna ósvarað á þingi

STJÓRNMÁL Alls bíða 28 fyrirspurnir svars ráðherra á Alþingi nú þegar aðeins fjórir dagar eru eftir af þingi, samkvæmt dagskrá. Fjórar fyrirspurnanna bíða munnlegs svars en 24 bíða skriflegs svars.

Elsta fyrirspurnin er frá Jóni Gunnarssyni um skuldauppgjör einstaklinga, félaga og fyrirtækja við fjármálastofnanir í meirihlutaeigu ríkisins, en hún var lögð fram í október í fyrra. Dæmi um aðrar fyrirspurnir sem bíða svars er spurning Steingríms J. Sigfússonar um tekjur af auðlegðarskatti, fyrirspurn Jóhönnu Maríu Sigmundsdóttur um íslenska fanga erlendis og spurning Katrínar Jakobsdóttur um friðlýsingar og virkjunarkosti.

Jóhanna María á raunar flestar útistandandi fyrirspurnir til ráðherra, eða átta talsins. Samtals hefur 309 fyrirspurnum verið svarað skriflega á þessu þingi og 87 munnlega.
– snæ

Cruz styður Donald Trump

BANDARÍKIN „Ég hef ákveðið að á kjördag muni ég kjósa frambjóðanda Repúblikana, Donald Trump," segir í tilkynningu sem bandaríski öldungadeildarþingmaðurinn Ted Cruz sendi frá sér í gær. Cruz var sá sem næst komst því að sigra Trump í forvali Repúblikana og andaði köldu þeirra á milli, meðal annars vegna uppnefnisins „Lyga-Ted" sem Trump hafði um Cruz.

Athygli vakti á landsþingi Repúblikana í júlí að Cruz lýsti ekki yfir stuðningi við frambjóðandann í ræðu sinni. Uppskar hann baul og öskur fyrir það.

Ástæðu stuðningsyfirlýsingarinnar sagði Cruz tvíþætta. Annars vegar loforð sem hann gaf í upphafi forvalsins um að styðja sigurvegara þess og hins vegar þá að Demókratinn Hillary Clinton mætti aldrei verða forseti. **– þea**

Segir virkjun marka tímamót

IÐNAÐUR Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, lagði í gær hornstein að Þeistareykjavirkjun, fyrstu jarðvarmavirkjun sem Landsvirkjun reisir frá grunni. Fjölmenni var við athöfnina, sem fór fram í stöðvarhúsinu.

Á Þeistareykjum er nú verið að reisa 90 MW jarðvarmavirkjun í tveimur áföngum. Stefnt er að því að ljúka fyrri áfanga haustið 2017 og þeim seinni á fyrri hluta árs 2018. Þeistareykjavirkjun verður 17. aflstöð Landsvirkjunar.

Jónas Þór Guðmundsson, stjórnarformaður Landsvirkjunar, setti athöfnina. Hann sagði í ávarpi sínu að bygging Þeistareykjavirkjunar markaði tímamót fyrir iðnað og atvinnustarfsemi á svæðinu, enda væri traust aðgengi að rafmagni forsenda fyrir uppbyggingu af því tagi sem hafin væri og fyrirhuguð á næstu misserum og árum. **– jhh**

Sigurður Ingi svarar kalli flokksmanna

Sigurður Ingi Jóhannsson forsætisráðherra hjó á hnútinn í Framsóknarflokknum í gær með því að bjóða sig fram til formanns flokksins. Prófessor í stjórnmálafræði segir óvenjuharkalegt uppgjör eiga sér stað innan flokksins.

STJÓRNMÁL Sigurður Ingi Jóhannsson forsætisráðherra tilkynnti í gær um framboð sitt til formennsku í Framsóknarflokknum. Sagði hann ákvörðunina hafa verið erfiða en á síðustu vikum hefði hann ekki getað hunsað þrýsting flokksmanna. Sigurður Ingi valdi að tilkynna um framboð sitt í kjördæmi Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, núverandi formanns.

„Ég vil segja að síðustu vikurnar hafa gert það að verkum að ég hef farið að hugsa um þetta af einhverri alvöru," segir Sigurður Ingi.

Hann segir flokkinn ekki á góðum stað núna. „Ég tel það óheppilegt fyrir flokkinn að halda áfram í því andrúmslofti sem hann er í í dag. Það er best að fá skýra lausn í málið á flokksþingi hver sem hún verður. Sá sem kosinn er formaður hefur þá óskorað umboð flokksmanna til að ganga til kosninga."

Þingflokkur Framsóknarflokksins var kallaður saman með skömmum fyrirvara til fundar í Alþingishúsinu í hádeginu í gær til að ræða forystu flokksins. Í rúmar þrjár klukkustundir fundaði þingflokkurinn um stöðu formannsins og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins voru umræður erfiðar en hreinskilnislegar. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins tilkynnti Sigurður Ingi ekki um formannsframboð á fundinum.

„Þetta er óvenjuharkalegt uppgjör sem er að verða innan flokksins en yfirleitt hefur það verið með öðrum hætti en að formaðurinn sé skoraður á hólm korteri fyrir kosningar," segir Eiríkur Bergmann, prófessor í stjórnmálafræði við Háskólann á Bifröst. Hann segir val Framsóknarflokksins nú snúast að miklu leyti um hvor þeirra sé líklegri til að geta komið flokknum aftur í ríkisstjórn. „Það er augljóst að Sigmundur Davíð er umdeildasti stjórnmálamaður landsins og aðrir leiðtogar myndu helst vilja sleppa því að vinna með honum. Sigurður Ingi hefur hins vegar reynst sitja á friðarstóli sem forsætisráðherra og virðist njóta trausts og virðingar annarra forystumanna í stjórnmálum. Það skiptir máli í því mati sem Framsóknarmenn standa frammi fyrir."

Ekki náðist í Sigmund Davíð Gunnlaugsson, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir Fréttablaðsins.
sveinn@frettabladid.is

Sigurður Ingi Jóhannsson vék af þingflokksfundi eftir um 90 mínútur og hélt til Akureyrar. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> Ég tel það óheppilegt fyrir flokkinn að halda áfram í því andrúmslofti sem hann er í í dag.
>
> Sigurður Ingi Jóhannsson forsætisráðherra

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

60 ÁRA 1956 - 2016

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavixl, úr val getur verið mismunandi milli versiana.

SPRENGI VIKA

20% afsláttur af **ALLRI** innimálningu

ÖLL blöndunartæki á **25% afslætti** / **ÖLL** blöndunartæki á **25% afslætti** / **ÖLL** blöndunartæki á **25% afslætti**

25% afsláttur

SPRENGIVIKA / SPRENGIVIKA
13.345 kr
~~17.795 kr~~
Eldhústæki
Eden einnarhandar eldhústæki.
7900023

25% afsláttur

SPRENGIVIKA / SPRENGIVIKA
9.664 kr
~~11.595 kr~~
Handlaugartæki
Pine.
8000033

25% afsláttur

SPRENGIVIKA / SPRENGIVIKA
13.345 kr
~~17.795 kr~~
Sturtutæki
Hitastýrt.
7900032

25% afsláttur

SPRENGIVIKA / SPRENGIVIKA
21.219 kr
~~28.295 kr~~
Blöndunartæki
Damixa sturtusett.
8000586

25% afsláttur af **ÖLLUM** blöndunartækjum

blómaval

ERIKUR
Veljið sjálf
3 stk.
999
~~1.797~~

50 túlipanar, 50 krókusar eða 2 kg páskaliljur

HAUST-LAUKAR
MAGNPAKKNINGAR
1.499
~~1.890~~

RÓSIR
10 stk.
1.990
~~3.490~~

ORKIDEA
2ja greina
1.990
~~2.990~~

Byggjum á betra verði

www.husa.is

TÖLUR VIKUNNAR 18.09.2016 – 24.09.2016

4.700%

var hækkunin á B-vítamín sprautulyfi í innkaupum SÁÁ þegar eitt fyrirtæki fékk einkaleyfi á sölunni á Íslandi. Verðið fór úr 525 krónum á skammt í rúmar 25 þúsund krónur.

544.089

heimsóttu Laugardalslaugina fyrstu átta mánuði þessa árs. Heildaraðsókn í laugina hefur aukist um 43 þúsund frá því í fyrra. Yfir tvær milljónir heimsóttu sundlaugar á höfuðborgarsvæðinu fyrstu átta mánuði þessa árs.

162

slys og óhöpp þar sem 19 slösuðust urðu á gatnamótum Grensásvegar og Miklubrautar frá 2010 til 2014.

150.000

tonn af eldisfiski vilja sjókvíaeldisfyrirtæki framleiða árlega. Nú eru 15 þúsund tonn framleidd af fiski á ári.

34

mörk skoraði kvennalandsliðið í knattspyrnu í undankeppni EM 2017 en fékk aðeins tvö á sig. Stelpurnar unnu sjö leiki af átta.

2.500

hótelherbergi áætlar greiningardeild Arion banka að verði byggð í Reykjavík fram til ársins 2020.

Þrjú í fréttum

Launamunur, hagsmunir og kökumaraþon

Sigríður María Egilsdóttir
frambjóðandi Viðreisnar



segir nýjustu tölur um óútskýrðan launamun kynjanna óásættanlegan en munurinn er 10 prósent. Sigríður kveðst ekki tilbúin að vinna í heilan mánuð á ári launalaust. „Mér finnst ég bara meira virði en það," segir hún. Ráðast þurfi í herferð vegna málsins. Það er jafnframt mat Sigríðar að nýtt Lánasjóðsfrumvarp vegi alvarlega að jöfnuði í landinu.

Stefán Már Stefánsson
prófessor emeritus við lagadeild HÍ

segir opinbera hagsmunaskráningu ekki síður eiga við handhafa dómsvalds en handhafa löggjafarvaldsins. Þetta sé mikilvægt þar sem dómarar beri ábyrgð á því hvernig réttaröryggi kemur fram út á við.

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
stofnandi vefsíðunnar blaka.is

grét gleðitárum þegar forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, mætti óvænt við lok sólarhrings kökumaraþons hennar til styrktar Krafti, stuðningsfélagi fyrir ungt fólk með krabbamein. Að sögn Lilju söfnuðust um 400 þúsund krónur þennan sólarhring.

Árangurslausar viðræður um strætóskýli við Leifsstöð

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum vill að strætisvagnar á vegum sambandsins fái rútustæði við innganga Leifsstöðvar. Forsvarsmenn sambandsins segja um mikið hagsmunamál sveitarfélaganna að ræða. Forsvarsmenn Isavia hyggjast efna til valferlis í stæðin þegar nýtt umferðarskipulag er tilbúið.

SAMGÖNGUR Isavia hyggst ekki taka ákvörðun um úthlutun rútustæða til Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS) á Keflavíkurflugvelli vegna strætóferða fyrr en nýtt umferðarskipulag Leifsstöðvar liggur fyrir.

Þetta kemur fram í svari Isavia við fyrirspurn Fréttablaðsins, en stjórn sambandsins sendi formlega beiðni til fyrirtækisins í lok maí þar sem hún fór fram á að fá stæði við brottfarar- og komuinnganga flugstöðvarinnar. Þar eru nú fyrirtækin Kynnisferðir ehf. og Iceland Excursions Allrahanda ehf. með rútustæði á grunni samninga við Isavia sem renna út í árslok.

Að sögn Berglindar Kristinsdóttur, framkvæmdastjóra SSS, hafa óformlegar viðræður staðið yfir við Isavia frá febrúar 2012 um málið, en sambandið ber ábyrgð á skipulagi almenningssamgangna á Suðurnesjum. Hún segir mikla hagsmuni undir í málinu fyrir sveitarfélögin á Suðurnesjum og er stjórnin sannfærð um að aðsókn í strætó muni aukast ef vagnar geti stoppað við inngang.

„Við vorum með einkaleyfi á akstri frá Flugstöðinni til Reykjavíkur en þáverandi innanríkisráðherra felldi þann hluta einhliða út úr samningum á sínum tíma. Þessi leið var hryggjarstykki samningsins sem gerði okkur kleift að reka kerfið sjálfbært," segir Berglind og bendir á að uppsafnaður halli á rekstri þess um síðustu áramót hafi numið 74 milljónum króna. Hún segir að þessi upphæð muni falla á sveitarfélögin. „Ef ekkert verður að gert gætum við neyðst til að endurskoða alla þjónustuna. Það eru miklir hagsmunir í húfi fyrir Suðurnesjamenn."

Núverandi stoppistöð strætisvagna á vegum Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum er við langtímabílastæðin. Ganga þarf dágóðan spöl til þess að komast þangað. Forsvarsmenn sveitarfélaganna vilja breytingar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ólafur Kr. Ólafsson, varaformaður SSS, segir ástandið óboðlegt, en núverandi stoppistöð er við langtímabílastæði flugstöðvarinnar nokkra tugi metra frá flugstöðinni. „Frá sjónarhóli sveitarfélaganna snýst þetta um að aðgangur að almenningssamgöngum sé boðlegur á flugvallarsvæðinu og standi jafnfætis öðrum samgöngum sem boðið er upp á," segir Ólafur sem bindur vonir við að vilji SSS nái fram að ganga. „Um leið og við náum að efla tekjustreymið þá náum við að efla almenningssamgöngukerfið. Þá minnkar það sem sveitarfélögin þurfa að borga með almenningssamgöngunum og þar með aukast líkurnar á að við getum bætt þjónustuna við íbúana," segir hann.

> **Þessi leið var hryggjarstykki samningsins.**

Berglind Kristinsdóttir, framkvæmdastjóri SSS

> **Um leið og við náum að efla tekjustreymið þá náum við að efla almenningssamgöngukerfið.**

Ólafur Kr. Ólafsson, varaformaður SSS

Isavia hyggst efna til valferlis um rútustæði við flugstöðina á næstunni, en stefnt er að því að ljúka ferlinu eftir áramót. Nákvæm tímasetning verður ákveðin þegar hönnun á nýju umferðarskipulagi við flugstöðina liggur fyrir.

hlh@frettabladid.is

Varst bú í Ísaksskóla?

Eða þekkirðu einhvern sem var í Ísaksskóla?

Ef þú lumar á ljósmyndum eða myndböndum frá Ísaksskóla þá máttu gjarnan senda okkur línu á isaksskoli@isaksskoli.is

Við erum sérstaklega að leita eftir gömlu efni frá upphafi skólans 1926 og fram til 1990.

Ísaksskóli fagnar 90 ára afmæli á þessu ári og unnið er að gerð heimildarmyndar um skólann.

STARF · HÁTTVÍSI · GLEÐI · HAMINGJA

isaksskoli@isaksskoli.is

Ágreiningur við stjórn olli uppsögn

ATVINNULÍF Páll Erland er hættur sem framkvæmdastjóri Orku náttúrunnar.

Páll kynnti ákvörðun sína um að hætta í vikunni. Ástæða uppsagnarinnar er mismunandi sýn Páls og stjórnar ON á mikilvæg viðfangsefni í rekstri fyrirtækisins og hvernig eigi að takast á við þau, að því er Bjarni Bjarnason, stjórnarformaður ON, segir í bréfi til samstarfsfólks. Bjarni er forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur sem er móðurfélag ON.

Þá kemur fram hjá Bjarna að Hildigunnur H. Thorsteinsson, framkvæmdastjóri Þróunar hjá Orkuveitu Reykjavíkur, hafi tekið við starfi Páls tímabundið. Framkvæmdastjórastaðan verði auglýst á næstu dögum. Páll verður fyrirtækinu innan handar næstu mánuði.

Páll sem tók við sem framkvæmdastjóri ON í byrjun árs 2014 hafði starfað fyrir Orkuveituna í fimmtán ár. Bjarni segir Pál meðal annars hafa unnið að krefjandi verkefnum á afar erfiðum tímum. ON framleiðir og selur rafmagn.

Páll Erland hefur verið forstjóri Orku náttúrunnar frá því í ársbyrjun 2014. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hildigunnur hefur verið framkvæmdastjóri Þróunarsviðs OR frá því í ársbyrjun 2013. **– gar**

ÍSLENSKA SÍA IS/TOY 80997 09/16

Frí skoðun og smurning í 2 ár!

Núna færðu Aygo með tveggja ára þjónustupakka í kaupbæti hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota.
Þú getur sleppt því að greiða fyrir þjónustuskoðanir og smurþjónustu í tvö ár. Farðu og slepptu þér!

Fáðu nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum Toyota

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM

Kynntu þér **Toyota FLEX**
- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

Lág innborgun

Tryggt framtíðarvirði

Fastar mánaðargreiðslur

5 3+2 ÁBYRGÐ

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

Stuðningsfólk þýska AfD-flokksins gekk sigri hrósandi um götur í Erfurt í Þýskalandi á mánudaginn, eftir að flokkurinn hafði náð góðum árangri í landsþingskosningum í Berlín. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Þjóðernissinnar að ná stjórnartaumunum

Þriggja ára gamall flokkur hægri þjóðernissinna í Þýskalandi stækkar jafnt og þétt. Ljóst þykir að hann eigi greiða leið inn á þýska þjóðþingið á næsta ári.

ÞÝSKALAND Félagar í þýska stjórnmálaflokknum Alternative für Deutschland eru kampakátir þessa dagana. Þeir hafa náð góðum árangri í kosningum í hverju sambandslandinu í Þýskalandi á fætur öðru undanfarið.

Ýmsir aðrir fyllast þó óhug, sjá flokkinn nærast á því að kynda undir ótta fólks við flóttafólk og útlendinga almennt. Þannig fitni hann eins og púkinn á fjósbitanum.

Nafn flokksins þýðir Valkostur fyrir Þýskaland. Hann vill bjóða fólki upp á aðra nálgun en gömlu flokkarnir, einkum hvað varðar málefni útlendinga.

„Það er hneykslanlegt og í hæsta máta ógnvekjandi hvernig ríkið hefur brugðist," sagði til dæmis Georg Pazderski, leiðtogi flokksdeildarinnar í Berlín, í yfirlýsingu sem hann sendi frá sér nú í vikunni. „Hælisleitendur gera það sem þeim sýnist og gömlu flokkarnir verja þá og styðja í því."

Flokkurinn mælist nú með 16 prósenta fylgi á landsvísu samkvæmt nýrri skoðanakönnun þýska sjónvarpsins ARD, og er þar með orðinn þriðji stærsti flokkur Þýskalands, næst á eftir Kristilegum demókrötum, sem mælast með 32 prósent, og Sósíaldemókrötum sem mælast með 22 prósent.

Þessi nýi stjórnmálaflokkur þjóðernissinna, stofnaður vorið 2013, er samkvæmt þessu orðinn stærri en Græningjar sem mælast með tólf prósent, Vinstriflokkurinn sem mælist með átta prósent og Frjálsir demókratar sem mælast með sex prósent.

Þetta vaxandi fylgi hefur skilað sér inn í kosningar í hverju sambandslandi Þýskalands á eftir öðru síðustu misserin, nú síðast í höfuðborginni Berlín þar sem flokkurinn fékk 14 prósent atkvæða og er kominn með 25 fulltrúa á landsþingið í Berlín.

Landsþingið í Berlín er eitt af sextán landsþingum í Þýskalandi. Hvert sambandslandanna sextán hefur nefnilega sitt landsþing og sína landsstjórn. Á næsta ári verða kosningar til þýska sambandsþingsins, og samkvæmt árangri flokksins undanfarið bendir allt til þess að hann eigi greiða leið þangað inn í fyrsta sinn.

Angela Merkel Þýskalandskanslari brást við þessari þróun nú í byrjun vikunnar, eftir að úrslitin í landsþingskosningunum í Berlín lágu fyrir, með því að viðurkenna að mörg mistök hefðu verið gerð í málefnum flóttamanna.

„Um tíma misstum við stjórnina," sagði hún. „Enginn vill að ástandið frá í fyrra endurtaki sig, ekki ég heldur."

Leiðtogar AfD eru hins vegar í sjöunda himni: „Árið 2017 mun Angela Merkel þurfa að berjast fyrir pólitísku lífi sínu og AfD verður þriðja stærsta stjórnmálaaflið í Þýskalandi, að minnsta kosti," sagði Beatrix von Storch, varaleiðtogi flokksins.

gudsteinn@frettabladid.is

Leiðtogar AfD, þau Frauke Petry og Jörg Meuthen, ásamt Georg Pazderski sem er leiðtogi flokksins í Berlín, á blaðamannafundi í byrjun vikunnar. NORDICPHOTOS/AFP

Árangur AfD í kosningum

Undanfarin misseri hefur AfD náð góðum árangri í þingkosningum í hverju sambandslandi Þýskalands á eftir öðru.



16%

fylgi á landsvísu í nýjustu skoðanakönnun og þar með er AfD-flokkurinn orðinn þriðji stærsti stjórnmálaflokkur Þýskalands.

SUZUKI
Way of Life!
SUZUKI VITARA
TIL Í ALLT!
FJÓRHJÓLADRIFINN, SJÁLFSKIPTUR EÐA BEINSKIPTUR
VERÐ FRÁ KR.
4.030.000

VITARA
Suzuki Vitara er einstaklega sparneytinn, fjórhjóladrifinn sportjeppi með frábæra aksturseiginleika.
Suzuki Vitara er með rúmbetri jeppum í sínum stærðarflokki og er hlaðinn tæknibúnaði.
Sjón er sögu ríkari, komdu og reynsluaktu, þú verður ekki fyrir vonbrigðum.
ALLGRIP
4WD All-grip tryggir öryggi í akstri og gott veggrip við erfiðar aðstæður. Þú kemst alla leið!
Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is
KOMDU OG PRÓFAÐU HANN!
SUZUKI
Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

AUGLÝSING VEGNA ÚTHLUTUNAR ATVINNULEYFA TIL AKSTURS LEIGUBIFREIÐA

Samgöngustofa auglýsir laus til umsóknar 12 leyfi til leiguaksturs fólksbifreiða á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum og 1 á Akureyri.

Þeir einir geta sótt um leyfi sem hyggjast stunda akstur leigubifreiðar að aðalatvinnu og hafa lokið námskeiði fyrir leigubifreiðastjóra. Til að öðlast leyfi þurfa umsækjendur að uppfylla leyfisskilyrði, skv. 5. gr. laga nr. 134/2001 og rg.nr. 397/2003 um leigubifreiðar, með síðari breytingum.

Úthlutun leyfa fer fram á grundvelli starfsreynslu við akstur leigubifreiðar, sbr. 6. gr. rg.nr. 397/2003.

Umsóknareyðublöð má nálgast í afgreiðslu Samgöngustofu, Ármúla 2 í Reykjavík eða á www.samgongustofa.is. Umsóknarfrestur er til og með 30.09.2016.

Samgöngustofa

Sími: 480 6000 • www.samgongustofa.is

Skiptar skoðanir um íhaldssemi flokksins

Ritari Sjálfstæðisflokksins telur ekki fót fyrir gagnrýni nokkurra stjórnarkvenna í Landssambandi sjálfstæðiskvenna sem sögðu sig úr flokknum vegna íhaldssemi hans í jafnréttismálum. Tvær þingkonur segja eitthvað til í gagnrýninni.

STJÓRNMÁL „Þetta er ekki upplifun allra kvenna í Sjálfstæðisflokknum. Það er enn gríðarlega mikið af öflugum konum að starfa af heilindum í flokknum," segir Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, ritari Sjálfstæðisflokksins. Á fimmtudag sögðu ellefu konur innan Sjálfstæðisflokksins sig úr flokknum, þar á meðal þrír fyrrverandi formenn Landssambands sjálfstæðiskvenna. Ástæðan er meint íhaldssemi flokksins í jafnréttismálum.

„Ég hef fundið fyrir því að konum sé treyst innan flokksins en auðvitað tökum við þessa gagnrýni til skoðunar eins og allt annað. Það má upplifa það af tilkynningu þeirra að konur ráði mjög litlu í Sjálfstæðisflokknum en það er bara alls ekki raunin. Við erum tvær konur af þremur í forystu flokksins, þingflokksformaður er kona, formaður Ungra sjálfstæðismanna er kona, formaður sveitarstjórnarráðs er kona og meirihluti þeirra sem stýra málefnanefndum flokksins er konur," segir Áslaug jafnframt.

Skiptar skoðanir eru um stöðu jafnréttismála innan flokksins á meðal Sjálfstæðiskvenna. Þingkonan Sigríður Á. Andersen er sammála Áslaugu Örnu. „Ég hef ekki séð nein dæmi um það að konur eigi erfitt uppdráttar í Sjálfstæðisflokknum."



> **Það má upplifa það af tilkynningu þeirra að konur ráði mjög litlu í Sjálfstæðisflokknum en það er bara alls ekki raunin.**
>
> Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir

Þórey Vilhjálmsdóttir, ein þeirra kvenna sem hættu í flokknum í vikunni, var aðstoðarkona Hönnu Birnu Kristjánsdóttur þingkonu á kjörtímabilinu. Hanna segir mikinn missi að konunum en með úrsögninni sendi þær skýr skilaboð. „Við í Sjálfstæðisflokknum hljótum að taka þau skilaboð alvarlega. Ég hef sjálf sagt það margoft á þeim tuttugu árum sem ég hef starfað í stjórnmálum að Sjálfstæðisflokkurinn er of íhaldssamur þegar kemur að þessum málaflokki. Jafnréttismál og sömu tækifæri kynjanna eru ekki ásýndar- eða áferðarmál heldur risastórt pólitískt mál sem ég vildi óska að flokkurinn minn væri í forystu fyrir."

Í sama streng tekur Unnur Brá Konráðsdóttir þingkona. „Að hluta til er [gagnrýni kvennanna] rétt. Ég sé mjög eftir þeim stöllum mínum úr flokknum. Það mun verða erfitt fyrir flokkinn ef framboðslistar endurspegla ekki íslenskt samfélag."

snaeros@frettabladid.is

Smáhundakynning
Garðheima og HRFÍ

FRÁ 13:00 TIL 17:00 | LAUGARDAG OG SUNNUDAG

KOMIÐ OG KYNNIST FJÖLDA SMÁHUNDA, S.S. GRIFFON, PUG, FRÖNSKUM BULLDOG, MINI SCHNAUZER OFL. ★ FULLT AF SPENNANDI DÝRAVÖRUKYNNINGUM ★ LUKKUPOTTAR HUNDAÞJÁLFUNARRÁÐGJÖF ★ DÝRALÆKNIR ★ RAUÐAKROSSHUNDUR OG MARGT FLEIRA

PRO PLAN · BELCANDO · Hill's · ROYAL CANIN · Brit PREMIUM · NordicGold

BLANDAÐIR
TÚLÍPANALAUKAR
25STK Í POKA
1.230KR

GARÐHEIMAR

Garðheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

Fyrstu heyrnartækin sem taka eðlilegri heyrn fram í háveru umhverfi

Siemens Pure binax eru fyrstu heyrnartæki veraldar sem gera þér kleift að heyra betur en fólk með eðlilega heyrn. Þessi nýju tæki nota háþróaða binaural tækni sem dregur sjálfvirkt fram einmitt það sem þú vilt heyra en síar jafnframt burt eða dempar þau óþarfa hljóð sem þú vilt ekki heyra. Þú getur einnig stefnumiðað hlustunarsviði tækjanna og þannig beint hlustun þinni að einmitt þeirri manneskju sem þú ræðir við hverju sinni. Þannig gera tækin þér auðveldara að halda uppi samræðum í háveru fjölmenni.
Rannsóknir sýna ennfremur að binax tækin greina tal betur í hávaða en fólk með eðlilega heyrn getur. Binax tækin tengjast einnig snjallsímanum þínum svo þú getur stjórnað styrk, hlustunarkerfum og fleiru í gegnum símann.

Siemens heyrnartækin
Sölualiði á Íslandi: Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, Háaleitisbraut 1, s:5813855, www.hti.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

Eðlilegt ef hægt væri að kaupa nýjar íbúðir

Kópavogsbær kynnti í vikunni nýtt úrræði sem gerir leigjendum yfir viðmiðunarmörkum í félagslegu íbúðakerfi bæjarins kleift að kaupa leiguíbúð sína. Formaður velferðarráðs Reykjavíkurborgar segir að skoða þurfi málin vel.

REYKJAVÍK „Okkar skyldur eru gagnvart verst setta og tekjulægsta hópnum og við þurfum að eiga íbúðir fyrir þennan hóp. Það er númer eitt, tvö og þrjú en þessar tillögur eru alveg þess virði að skoða," segir Ilmur Kristjánsdóttir, formaður velferðarráðs Reykjavíkurborgar, um nýtt úrræði sem Kópavogsbær kynnti í fyrradag í félagslegu íbúðakerfi bæjarins. „Það þarf hins vegar að rýna vel í það hvort það sé yfirhöfuð skynsamlegt að lána fé til kaupanna úr borgarsjóði."

Úrræði Kópavogsbæjar felst í því að bærinn býður leigjendum félagslegra íbúða sem eru komnir yfir viðmiðunartekjumörk að kaupa leiguíbúð sína, en hingað til hefur þurft að segja upp leigusamningi á slíkum tímamótum. Um leið býður bærinn þessum einstaklingum upp á 15% verðtryggt lán úr bæjarsjóði til að auðvelda fjármögnun íbúðarkaupanna. Á móti er gert ráð fyrir að kaupandinn taki 80% lán hjá fjármálastofnun og leggi fram 5% eigið fé. Bæjarsjóðslánið er verðtryggt og til 25 ára, en gert er ráð fyrir að það sé vaxta- og afborgunarlaust fyrstu 3-5 árin.

„Þetta hefur verið rætt en við erum í vandræðum með að kaupa íbúðir," segir Ilmur um úrræðið. Hún bætir því við að það sé bagalegt að þurfa að segja upp leigusamningi við einstaklinga í félagslega kerfinu þegar hagur þeirra sé farinn að vænkast, en tekur þó fram að slíkt sé ekki algengt.

Frá miðborg Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

Þetta hefur verið rætt.

Ilmur Kristjánsdóttir, formaður velferðarráðs Reykjavíkurborgar



Ilmur minnir á að ef opnað verði á þann möguleika að félagslegar íbúðir séu seldar með sama hætti og í Kópavogi þurfi Reykjavíkurborg engu að síður að eiga áfram íbúðir fyrir þá tekjulægstu. Þetta eigi sérstaklega við um litlar einstaklingsíbúðir. „Ef það væri hægt að kaupa fleiri íbúðir þá þætti mér þetta mjög eðlilegur framgangur, ekki síst ef aðstæður á húsnæðismarkaði breytast," segir hún og ítrekar að meta þurfi vel hvort ráðlegt sé að lána fé úr borgarsjóði vegna þessa.

Nú þegar hefur einn einstaklingur keypt íbúð í Kópavogi í gegn um nýja úrræðið. Samkvæmt upplýsingum frá Kópavogsbæ hafa fleiri íbúar sýnt úrræðinu áhuga. – **hlh**

HEILSUGÆSLAN

Bólusetning gegn árlegri inflúensu

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins vill vekja athygli á því að skipulögð bólusetning gegn inflúensu hefst á heilsugæslustöðvum mánudaginn 26. september 2016. Bóluefnið myndar mótefni gegn þremur inflúensuveirustofnum þ.á m. svonefndri svínainflúensu.

Hverjum er einkum ráðlagt að láta bólusetja sig?

- Öllum sem orðnir eru 60 ára
- Öllum, bæði börnum og fullorðnum, sem þjást af langvinnum hjarta-, lungna-, nýrna- og lifrarsjúkdómum, sykursýki, illkynja sjúkdómum og öðrum ónæmisbælandi sjúkdómum
- Heilbrigðisstarfsmönnum sem daglega annast fólk með aukna áhættu, sbr. ofantalið
- Þunguðum konum

Þeir sem tilheyra ofangreindum hópum fá bóluefnið sér að kostnaðarlausu en greiða komugjald samkvæmt reglugerð nr. 1144 / 2015. Fyrirkomulag bólusetningar getur verið mismunandi milli heilsugæslustöðva. Vinsamlegast leitið upplýsinga á vef Heilsugæslunnar **www.heilsugaeslan.is**, eða hafið samband við hlutaðeigandi heilsugæslustöð.

Heilsugæslan Árbæ, Reykjavík	s: 585 7800
Heilsugæslan Efra-Breiðholti , Reykjavík	s: 513 1550
Heilsugæslan Efstaleiti, Reykjavík	s: 585 1800
Heilsugæslan Fjörður, Hafnarfirði	s: 540 9400
Heilsugæslan Garðabæ	s: 520 1800
Heilsugæslan Glæsibæ, Reykjavík	s: 599 1300
Heilsugæslan Grafarvogi, Reykjavík	s: 585 7600
Heilsugæslan Hamraborg, Kópavogi	s: 594 0500
Heilsugæslan Hlíðum, Reykjavík	s: 585 2300
Heilsugæslan Hvammi, Kópavogi	s: 594 0400
Heilsugæslan Miðbæ, Reykjavík	s: 585 2600
Heilsugæslan Mjódd, Reykjavík	s: 513 1500
Heilsugæslan Mosfellsumdæmi	s: 510 0700
Heilsugæslan Seltjarnarnesi og Vesturbæ	s: 513 2100
Heilsugæslan Sólvangi, Hafnarfirði	s: 550 2600
Heilsugæslan Lágmúla 4, Reykjavík	s: 595 1300
Heilsugæslan Salahverfi, Kópavogi	s: 590 3900

Búast má við að bólusetning geti veitt a.m.k. 70% vörn gegn sjúkdómnum auk þess sem hann verður vægari hjá þeim í hópi bólusettra sem veikjast. Þeim sem leita vilja ráðgjafar er bent á sína heilsugæslustöð.

Frekari upplýsingar er að finna á vef Heilsugæslunnar, **www.heilsugaeslan.is**
Fræðsluefni um inflúensu má finna á vef Embættis landlæknis, www.landlaeknir.is

Reykjavík, 24. september 2016

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins
Álfabakka 16, 109 Reykjavík sími 585 1300 www.heilsugaeslan.is

Mótmæli þrátt fyrir útgöngubann

BANDARÍKIN Fjölmenn mótmæli voru í borginni Charlotte í fyrrinótt þrátt fyrir útgöngubann, sem lögreglan gerði að vísu enga tilraun til að framfylgja.

Mótmæli hafa verið þar alla daga frá því á þriðjudaginn, þegar svartur maður, Keith Lamont Scott, féll fyrir byssukúlu lögreglumanns.

Lögreglan hefur fullyrt að hinn látni hafi verið vopnaður en fjölskylda hans mótmælir því, segir hann aðeins hafa verið með bók í hendi.

Fjölskyldan krefst þess að lögreglan birti opinberlega myndband, þar sem sjá má hvað gerðist. Lögreglan hefur neitað að verða við því en hefur leyft fjölskyldunni að skoða myndbandið.

Lögmaður fjölskyldunnar segir ekki hægt að sjá á myndbandinu að Scott hafi verið vopnaður. Hann hafi virst hafa verið hinn rólegasti þegar hann varð fyrir skotinu.

Lögreglan segir hins vegar að Scott hafi neitað að verða við fyrirmælum lögreglunnar og því hafi það verið metið svo að hætta stafaði af honum.

Mótmælendur stóðu vaktina alla nóttina í borginni Charlotte í Norður-Karólínu. NORDICPHOTOS/AFP

Á fimmtudaginn var lögreglukona í bænum Tulsa ákærð fyrir manndráp, en hún varð óvopnuðum manni að bana þar í borg á föstudaginn var. – **gb**

Kynhlutlaus klósett eru algeng í Hornafjarðarbæ

STJÓRNSÝSLA Könnun starfsmanns Hornafjarðarbæjar leiddi í ljós að stofnanir sveitarfélagsins bjóða upp á kynhlutlaus salerni að undanskildum félagsheimilum í sveitum. Samtökin '78 hafa ekki vitneskju um að stofnanir sveitarfélags á Íslandi hafi áður boðið upp á kynhlutlaus salerni.

Jón Kristján Rögnvaldsson, félagsmálastjóri Hornafjarðar, segir að ungmennaráð bæjarins hafi borið upp erindi um merkingar á opinberum salernum og í kjölfarið hafi starfsmaður kannað hvernig staðan væri í sveitarfélaginu. „Niðurstaðan var að allir skólar og byggingar sem við ráðum yfir nema eldri byggingar úti í sveitum bjóða upp á kynhlutlaus salerni. Það eru byggingar sem eru lítið í notkun og þarf að skoða samfara viðhaldi," segir Jón.

Í eldri byggingu skólans eru eldri nemendur skólans og þar eru bæði merkt og ómerkt klósett. „Við vorum ekkert að stefna að því að vera fyrsta sveitarfélagið en við erum glöð að þetta sé svona," bætir Jón við. – **bbh**



Peugeot 208 leysir þína orku úr læðingi: með nýtt grill og sportlega hönnun, ný 3D LED afturljós og nýja PureTech vél sem er með betri afköst og minni útblástur á CO_2.

Komdu í sýningarsal okkar og upplifðu nýjan Peugeot 208 með Peugeot i-COCKPIT akstursviðmóti.

NÝR PEUGEOT 208

Verð frá 2.290.000 kr.

MOTION & EMOTION

PEUGEOT

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 8
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

Brimborg og Peugeot áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.



Sýrlenskur hjálparstarfsmaður í Aleppo kannar skemmdirnar eftir loftárás á bækistöð björgunarsveitanna. NORDICPHOTOS/AFP

Harðar árásir á íbúa í Aleppo

Þrjár læknamiðstöðvar og tvær bækistöðvar hjálparstarfsfólks urðu fyrir sprengjum í Aleppo gær. Litlar vonir eru um að vopnahlé komist þar á aftur.

SÝRLAND Sýrlenski stjórnarherinn varpaði í gær, með aðstoð Rússa, sprengjum í gríð og erg á svæði uppreisnarmanna í austurhluta borgarinnar Aleppo. Sýrlandsstjórn sagðist staðráðin í að ná þessum svæðum aftur á sitt vald. Þetta var annar dagurinn í röð sem loftárásir voru gerðar á þessi svæði.

Fréttastofan Al Jazeera segir að þrjár af fjórum bækistöðvum hjálparstarfsmanna í borginni hafi orðið fyrir árásum. Tvær þeirra séu nú óstarfhæfar. Þá hafa þrjár læknamiðstöðvar einnig orðið fyrir loftárásum.

Hátt í þrjú hundruð þúsund manns eru talin búa enn á svæðum uppreisnarmanna, sem árum saman hafa mátt þola linnulitlar loftárásir frá stjórnarherinum.

Lengi hefur illa gengið að koma hjálpargögnum inn á þessi svæði, sem stjórnarherinn situr um.

Skammvinnt vopnahlé rann út í sandinn um síðustu helgi eftir að hafa staðið í tæpa viku.

Bæði Rússar og Bandaríkjamenn reyna nú, ásamt fulltrúum bæði Sýrlandsstjórnar og uppreisnarmanna, að koma á vopnahléi aftur, þótt takmarkaðar vonir séu bundnar við að það takist alveg á næstunni.

John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, segir að eina leiðin til að koma á vopnahléi sé að þeir sem hafi getu til að stunda loftárásir hætti því einfaldlega.

„Ef ekkert meiri háttar af því tagi gerist þá teljum við engan tilgang í því að gefa út fleiri loforð eða áætlanir eða tilkynna um eitthvað sem ekki er hægt að fylgja eftir eða gera að veruleika," sagði hann í gær.

Bandaríkin hafa sagt það vera í verkahring Rússa að fá sýrlenska stjórnarherinn til þess að halda aftur af sér, en í staðinn reyni Bandaríkin að halda aftur af uppreisnarmönnum.

Borgarastyrjöldin í Sýrlandi hefur nú staðið í fjögur og hálft ár og kostað hundruð þúsunda lífið. **– gb**

Krefjast þess að fá lóð Thorsil úthlutaða

DÓMSMÁL Forsvarsmenn Atlantic Green Chemicals krefjast þess að fá lóð sem hafnarstjóri hafði lofað þeim í Helguvík úthlutaða, einnig krefjast þeir þess að breyting á deiliskipulagi á svæðinu frá 2015 verði felld úr gildi.

Aðalmeðferð dómsmálsins Atlantic Green Chemicals (AGC) gegn Reykjanesbæ, Reykjaneshöfn og Thorsil hófst á fimmtudag, en áður hafði málinu verið vísað frá. Forsaga málsins er sú að AGC stefndi Reykjaneshöfn, Reykjanesbæ og Thorsil ehf. vegna deilna um úthlutun lóðarinnar Berghólabrautar 4 í Helguvík.

Jón Jónsson, lögmaður Atlantic Green, segir deiluna um málið aðallega snúast um það hvort loforð, sem fólst í tölvupósti frá hafnarstjóra Reykjaneshafnar til AGC, gildi. „AGC var tilkynnt að Reykjaneshöfn væri reiðubúin að úthluta félaginu þessari lóð og á grunni þessa loforðs vinnur AGC sitt umhverfismat og klárar það. Staðsetningin skipti máli vegna þess að þeir höfðu í huga að nota afgangs varmaorku í sína framleiðslu," segir Jón.

„Þetta verkefni lá niðri um tíma og um mitt ár 2014 varð AGC þess vart að hluti af þeirri lóð sem félaginu var lofað tilheyrir lóðinni sem Thorsil er að semja um vegna kísilvers við Reykjaneshöfn.

> **Atlantic Green Chemicals var tilkynnt að Reykjaneshöfn væri reiðubúin að úthluta félaginu þessari lóð og á grunni þessa loforðs vinna þeir sitt umhverfismat.**

Jón Jónsson, lögmaður Atlantic Green Chemicals

Þetta dómsmál gengur út á það að þeir eigi rétt á að fá þessa lóð úthlutaða, í raun og veru krefjast forsvarsmenn AGC þess. Einnig krefjast þeir þess að nýtt deiliskipulag við Helguvíkurhöfn frá 2015, sem gerir ráð fyrir að þessi lóð verði gerð að stærri lóð sem Thorsil fengi afhenta, verði fellt úr gildi," segir Jón Jónsson. **– sg**

NISSAN

Innovation that excites

NISSAN NAVARA

BESTI PALLBÍLLINN

Nissan Navara sigraði örugglega með langflest stig í pallbílaflokki í vali um bíl ársins 2017 samkvæmt fimm manna dómnefnd Bandalags íslenskra bílablaðamanna (BÍBB)

PALLBÍLL ÁRSINS 2017
INTERNATIONAL PICK-UP AWARDS
SPARAKSTURSKEPPNI FÍB 2016
Sigurvegari í flokki pallbíla
KRAFTMESTA DÍSILVÉLIN
Í sínum flokki
GORMAFJÖÐRUN AÐ AFTAN
Staðalbúnaður
HAGSTÆÐASTA VERÐIÐ

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

BL

ENNEMM / SÍA / NM77462

Við hugsum öðruvísi. Menning Svíþjóðar og loftslag hefur mótað okkur. Kannski er það ástæðan fyrir því að fólk hefur alltaf skipt okkur mestu máli. Alveg frá árinu 1927 hefur útgangspunktur okkar verið fólk. Við höfum fundið upp nýjungar sem gera Volvo bíla meðal þeirra öruggustu í heimi með þægindum sem gera aksturinn áhyggjulausan. Við höfum einnig gert þá betri fyrir umhverfið. Framtíðarsýn okkar er að frá árinu 2020 muni enginn slasast alvarlega eða láta lífið í nýjum Volvo. Vertu í fararbroddi með framúrskarandi öryggi, skandinavískum lúxus og sparneytni. Veldu Volvo. Volvo á Íslandi - Brimborg.

LÍFIÐ ER ÞITT FERÐALAG

Gerðu lífið einstakara með Volvo V40 Cross Country
Frumsýning í dag milli kl. 12 og 16

Þú upplifir ævintýri í V40 Cross Country.
Hann er aflmikill, stórglæsilegur og veghæðin er mikil.
Útlitið er nú orðið enn einbeittara með nýju grilli,
nýjum Þórshamar LED framljósum og 17“ Keid álfelgum.

Verð frá 4.590.000 kr.

KOMDU OG SKOÐAÐU
NÝJAN VOLVO V40 CROSS COUNTRY
Í BRIMBORG, BÍLDSHÖFÐA 6

MADE BY SWEDEN
VOLVOCARS.IS

Volvo V40 R-Design og Volvo S60 Polestar AWD verða einnig á staðnum

FRÉTTABLAÐIÐ

SKOÐUN

Smánarblettur

Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Í vikunni var fjallað um „nýja tískudópið“ á Litla-Hrauni, spice. Það er ekki í fyrsta sinn sem ákveðin lyf verða vinsæl í fangelsum. Í fyrra sögðum við frá misnotkun meðal fanga á lyfinu Suboxone, en það er notað í viðhaldsmeðferðum fyrir sprautufíkla.

Agabrot fanga á Litla-Hrauni vegna fíkniefna- eða lyfjaneyslu voru 34 fyrstu sex mánuði þessa árs, þegar Fréttablaðið leitaði eftir upplýsingum um málið. Til viðbótar voru tæplega fjörutíu agabrot skráð þar sem fangar neituðu að gefa þvagsýni þegar grunur vaknaði um neyslu fíkniefna.

Líklegast er að framboðið ráði mestu um hvaða lyf eru efst á vinsældalistum og hvaða tegundir finnast við sýnatökur. En samkvæmt nýlegri rannsókn glíma tæplega sextíu prósent fanga í íslenskum fangelsum við vímuefnavanda. Um sjötíu prósent eiga sögu um slíkan vanda. Gríðarlega hátt hlutfall fanga glímir við ADHD og annars konar geðrænan vanda, sem þarfnast meðferðar.

Skjólstæðingar Fangelsismálastofnunar eru um 600 talsins, en hjá stofnuninni starfa tveir sálfræðingar, tveir félagsráðgjafar, einn námsráðgjafi auk tveggja sérfræðinga á meðferðargangi á Litla-Hrauni. Þar er pláss fyrir 11 fanga í áfengis- og vímuefnameðferð á meðan á afplánun stendur. Enginn geðlæknir starfar hjá stofnuninni.

Ekki þarf sérfræðikunnáttu til að sjá að fleira fagfólks er þörf ef ætlunin er, líkt og markmið stjórnvalda hlýtur að vera, að fá út úr fangelsunum betra fólk en fór þar inn.

Endurkoma fanga er stórt samfélagslegt vandamál sem kostar mikla peninga. Um helmingur fanga, sem eru í afplánun í fangelsunum, hefur áður setið inni. Beinn kostnaður við hvern fanga er um níu milljónir króna á ári. Ljóst er því að til mikils er að vinna í þeirri viðleitni að bjóða þeim betrunarvist sem lenda á glapstigum og brjóta af sér. Oftast er um að ræða unga karlmenn. En af hverju náum við ekki utan um vandamálið í svo litlu samfélagi? Með því að skera fjárveitingar á þessu sviði við nögl er verið að spara eyrinn og kasta krónunni.

Undirmannað og fjársvelt fangelsiskerfi kemur í bakið á okkur öllum. Þótt vissulega hafi verið þörf á nýju fangelsi á Hólmsheiði, og það verði vonandi tekið í gagnið sem allra fyrst, er ljóst að steinsteypa ein og sér mun litlu breyta um framtíð ungmenna á glapstigum.

Þvert á móti þarf að fjárfesta í fólki; fagfólki, kennurum og öðru starfsfólki í fangelsunum. Sálfræðimeðferðir, samtöl, kennsla og vinna. Í fagmannlegu umhverfi á sér stað raunveruleg betrunarvist. Þannig getum við afstýrt óhamingju fjölda fólks.

Ætli við stöndum undir því að kalla fangelsisvist hér á landi betrunarvist? Varla. Í þessum orðum felst enginn áfellisdómur yfir þeim sem starfa í fangelsunum. Þau vinna gott starf í þröngri stöðu. En fjárveitingarvaldið er sinnulaust. Fyrir vikið er fangelsiskerfið smánarblettur á samfélaginu.

Þótt vissulega hafi verið þörf á nýju fangelsi á Hólmsheiði, og það verði vonandi tekið í gagnið sem allra fyrst, er ljóst að steinsteypa ein og sér mun litlu breyta um framtíð ungmenna á glapstigum.

Gunnar

Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



Apar á Alþingi

Hvað gerist ef við fyllum Alþingishúsið af öpum? (Nei, þetta er ekki samlíking.)

Veruleiki okkar mannanna er tvískiptur. Annars vegar samanstendur hann af hinu áþreifanlega, kaffibollanum í lúkunum á okkur, pappírnum í Fréttablaðinu fyrir framan okkur, stólsessunni undir afturendanum á okkur; hins vegar af sameiginlegum hugarburði mannkynsins.

Fyrir 70.000 árum átti sér stað atburður sem olli því að homo sapiens þróaðist úr því að vera lítilfjörlegt spendýr, í vægðarlausan drottnara jarðarinnar. Stökkbreyting varð í heila mannsins. Í kjölfarið tóku tungumálahæfileikar tegundarinnar óvæntum framförum. Í stað þess að tjá sig aðeins um það sem við blasti í raunheimum – tré, steina, vatnsból og ljón sem lágu í leyni – fór maðurinn að geta tjáð sig um hluti sem ekki voru til í alvörunni.

Bananar í himnaríki

Hvað eiga guð, peningar og lýðræði sameiginlegt? Sagnfræðingurinn og metsöluhöfundurinn Yuval Noah Harari varpar ljósi á spurninguna í nýjustu bók sinni.

Samkvæmt Harari ræður maðurinn ríkjum á jörðinni vegna þess að hann er eina dýrategundin sem getur unnið saman í stórum hóp. Þúsundir, jafnvel milljónir einstaklinga geta sameinast um eitt og sama markmið og náð því. Sá eiginleiki sem gerir okkur mönnunum samstarfið kleift telur Harari vera hæfileika okkar til að tala um það sem ekki er til.

Tökum guð sem dæmi. Okkur tækist aldrei að sannfæra apa um að afhenda okkur banana með því að lofa honum hundrað banönum í himnaríki að lífinu loknu. Og peningar: Peningar eru aðeins mýta sem við sameinumst um að trúa á. Api léti aldrei banana af hendi fyrir pappírssnefil með mynd af Jóni Sigurðssyni.

Sama gildir um stjórnarfar.

Jafnrétti er hugarburður

Hammúrabí, sjötti konungur Babýlon til forna, fór fyrir samfélagi sem byggt var upp eins og píramídi hvað varðaði réttindi og völd; konungurinn var efstur, þrælarnir neðstir. Landsfeður Bandaríkjanna komu hins vegar á fót samfélagi þar sem frelsi og jafnrétti lágu til grundvallar. Það sem tryggði tilvist þessara tveggja ólíku samfélaga var trú þegnanna á skáldaðar grundvallarhugmyndir; annars vegar á söguna um að konungurinn væri réttherri en óbreyttur bóndi og hins vegar söguna um að allir væru jafnir.

Án sagnaheimsins um peninga, lög, mannréttindi og þjóðríki væru stór samfélög Homo sapiens óstarfhæf. Aðrar dýrategundir geta unnið saman undir ákveðnum kringumstæðum en slíkt samstarf er takmarkað og einskorðast við litla hópa. Ef við fylltum Alþingishúsið af öpum færi allt í bál og brand.

Undanfarið hefur þó læðst að manni sá grunur að þótt við fylltum Alþingishúsið af öpum breytti það nákvæmlega engu.

„Computer says no“

Á Alþingi eru samdar sögur, lög og leikreglur sem eiga að tryggja að samfélag 330.000 einstaklinga á eyju norður í Atlantshafi gangi snurðulaust fyrir sig. Síðustu misseri hafa verið uppi háværar kröfur um að þeim „sögum“ sem liggja til grundvallar íslensku samfélagi verði breytt; sögum eins og stjórnarskránni, fiskveiðistjórnunarkerfinu, skattheimtu, fjárframlögum til heilbrigðiskerfisins – já, og landbúnaðarkerfinu.

Umdeildir búvörusamningar voru samþykktir á Alþingi á dögunum. Aðeins nítján þingmenn greiddu með þeim atkvæði. Flestir hinna sátu hjá eða skrópuðu. Margir hafa furðað sig á því hvers vegna þeir sem voru á móti samningunum greiddu einfaldlega ekki atkvæði gegn þeim. Skýringar þingmanna hafa verið loðnar smjörklípur, Létt og laggott í loppunum á ketti með hárlos. Þær hljómuðu einhvern veginn svona: Annað var ekki hægt, „computer says no“, klínum því á kerfið, #ekkiméraðkenna.

Ef hugmyndaflug lýðræðislega kjörinna fulltrúa okkar er af svo skornum skammti að það er á við apa er það okkar kjósenda að hrista hressilega upp í mýtunni sem er hið háa Alþingi. Mýturnar eiga að þjóna mönnunum, ekki öfugt. Kosningar verða haldnar 29. október. Gleymum ekki að kjósa!

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@frettabladid.is, Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.
Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LÍFIÐ: Sara McMahon sara@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson villi@365.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is ÚTLITSHÖNNUN: Silja Ástþórsdóttir siljaa@frettabladid.is

Tími til að tengja?

Kristín Ingólfsdóttir
fv. rektor HÍ, gestaprófessor við MIT

Áundanförnum tíu árum hafa orðið byltingarkenndar breytingar á daglegu hegðunarmynstri okkar - hvernig við nálgumst upplýsingar, þjónustu og hvert annað. Síminn í vasa okkar hefur breyst í ofurtölvu sem gerir hann jafnframt að alfræðiorðabók, bankaútibúi, tónlistarsafni, myndasafni, innkaupakörfu, myndavél, fjölmiðlagátt, ferðaskrifstofu og bókasafni. Listinn gæti verið miklu lengri og lengist sífellt.

Á þessum tíu árum höfum við séð framfarir á ótalmörgum sviðum, en jafnframt röskun heilla atvinnugreina. Því er spáð að tækniþróun verði nú hraðari og umfangsmeiri en nokkru sinni fyrr og muni geta haft mun afdrifaríkari áhrif á lífsviðurværi fólks en áður. Með aukinni „greind“ tölva og sjálfvirkni muni eftirspurn eftir tiltekinni þekkingu og færni sem fólk hefur öðlast í námi og starfi nánast hverfa. Dæmi um þetta sjást jafnvel í tæknigreinum. Framsækin fyrirtæki í þróun tölvutækni eru nú mörg að endurskipuleggja starfsemi sína og segja upp þúsundum starfsmanna vegna þess að tæknin hefur gerbreytt rekstrarumhverfinu sem þau áttu þátt í að innleiða.

Hvernig getum við Íslendingar tryggt að við nýtum tækifærin sem tækniþróun skapar? Hvernig getum við forðað því að samfélagið skiptist í þá sem skilja nýja tíma og ná tökum á nýrri tækni og hina sem sitja eftir?

Eitt er víst. Það hefur aldrei verið brýnna að tengja þarfir framtíðar við stefnumótun nútíðar. Aldrei verið brýnna að skapa nýjar tegundir starfa og ný verðmæti. Það þarf að mennta með nýjum hætti og það þarf að finna nýjar leiðir til símenntunar til að auðvelda tilfærslu milli starfa á lífsleiðinni. Það er lykilatriði að forystumenn þjóðarinnar í stjórnmálum, atvinnulífi og menntamálum skilji hvert stefnir, hafi getu til að móta skýr og ögrandi markmið og hugrekki til að forgangsraða fjármagni til að leiða samfélagið á nýjar brautir.

Það þarf að forgangsraða

Íslenskt samfélag stendur á mikilvægum tímamótum. Kröfurnar um aukna velferð og samfélagsleg gæði hafa aldrei verið háværari. Viðfangsefnin verða þó sífellt flóknari og örðugri viðfangs með breyttri aldurssamsetningu og öldrun þjóðarinnar. Geta til að skilja hvert stefnir í þróun atvinnulífs og menningar, geta til að skilja hvert tækniþróunin er að leiða alþjóðasamfélagið og geta til að búa okkur undir þessa framtíð með fjárfestingu í menntun og vísindum ræður því hvort okkur tekst áfram að bæta hér lífskjör og auka velferð.

Það þarf að forgangsraða. Það þarf að styrkja skólakerfi, háskóla og vísindastofnanir og vinna á sama tíma að því að sníða starf þeirra í takt við þarfir nýrra tíma. Það verður að stuðla í auknum mæli að nýliðun og aukinni þekkingarsköpun og stuðningi við þá sem vilja og geta skapað verðmæti á grundvelli hugvits og rannsókna. Við þurfum stjórnmálaleiðtoga sem skilja kall tímans, setja markið hátt og sækja að því af einurð og festu. Við munum ekki njóta ávaxtanna nema leggja nokkuð undir. Er ekki kominn tími til að tengja?

Það þarf að forgangsraða. Það þarf að styrkja skólakerfi, háskóla og vísindastofnanir og vinna á sama tíma að því að sníða starf þeirra í takt við þarfir nýrra tíma.

ENDURNÝJUN OG VIÐHALD
Löggiltur rafverktaki
Sími:
696 5600
rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
Síðumúla 34 • 108 Reykjavík
Sími 696 5600 • rafsol@rafsol.is



Aðventuferð til Heidelberg og Rothenburg ob der Tauber
1.—5. des 2016
Innifalið flug, gisting í 4 nætur, 2 kvöldverðir, vínsmökkun , ferð til Rothenburg, ferðir til og frá flugvelli.
Verð í tvíbýli kr. 146.600 á mann
Skoðaðu ferðirnar á vefnum okkar
www.aroundtheworld.is
Láttu drauminn rætast

Bakkafrumvarp og sýndarviðræður

Snorri Baldursson
formaður Landverndar

Með úrskurðum í júní og ágúst sl. stöðvaði úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála (ÚUA) til bráðabirgða framkvæmdir í Leirhnjúkshrauni og Þeistareykjarhrauni á línuleiðinni frá Kröflu að iðnaðarsvæðinu á Bakka við Húsavík. Tilefni stöðvunarinnar voru kærur Landverndar og Fjöreggs, félags um náttúruvernd í Mývatnssveit, sem m.a. byggðu á því að nútímahraun njóta sérstakrar verndar samkvæmt nýjum og gömlum náttúruverndarlögum. Margar fleiri málsástæður voru tilteknar í kærunum, svo sem þær að fyrir löngu átti að vera búið að friða Leirhnjúkshraun samkvæmt lögum nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár. Tilgangur samtakanna með kærunum var að tryggja umhverfisvænni leiðir við raforkuflutning að Bakka, ekki að stöðva atvinnuuppbyggingu þar.

Hlutverk ÚUA er: „að úrskurða í kærumálum vegna stjórnvaldsákvarðana og ágreiningsmálum vegna annarra úrlausnaratriða á sviði umhverfis- og auðlindamála [...]. Úrskurðarnefndin er sjálfstæð í störfum sínum“ (lög nr. 130/2011, 1. gr.). Á mannamáli er hlutverk ÚUA að tryggja þau alþjóðlegu mannréttindi að geta borið ákvarðanir stjórnvalda undir óháðan úrskurðaraðila. Nefndin á sér m.a. stoð í Árósarsamningnum og EES-samningnum.

Strax og seinni úrskurðir ÚUA, sem sneru að Þeistareykjahrauni, voru birtir í ágúst sl. komu fram sterkar kröfur um afskipti Alþingis og ríkisstjórnar Íslands af málinu. Í stað þess að einhenda sér í að finna leiðir fyrir línur og jarðstrengi sem sneiða hjá viðkomandi hraunum, og liðka fyrir heimildum Landsnets í þeim efnum, ákvað ríkisstjórn Íslands að freista þess að leysa málið með lagaofbeldi. Að fara á svig við hraunin kostar vissulega eitthvað meira en bein lína yfir fjöll og firnindi en er mun betri fjárfesting til framtíðar.

Þegar iðnaðarráðherra, hinn 21. september sl., kynnti frumvarp til laga um að heimila línulögn að Bakka var það réttlætt með því að yfirvöld hefðu „leitað allra leiða til að ná deiluaðilum saman að annarri lausn“. Þetta er ekki rétt. Hið rétta er að fulltrúar Landverndar voru ítrekað kallaðir á fundi með ráðherrum og embættismönnum í sýndarviðræður til að róa fjárfesta meðan embættismenn unnu hörðum höndum að samningu frumvarpsins.

Til glöggvunar fyrir lesendur eru núverandi raflínuleiðir og breytingatillögur stjórnvalda sýndar á meðfylgjandi korti. Svokallað sátta-

Kröflulínur



tilboð fólst í því að færa línuna um eitt mastur í Þeistareykjahrauni og hliðra henni í Leirhnjúkshrauni um nokkur hundruð metra ofan í vegslóða sem liggur að kaldri borholu í miðju hrauninu (sjá kort: Kröflulína 4 – tillaga stjórnvalda). Þennan slóða átti Landsvirkjun að vera búin að fjarlægja fyrir löngu samkvæmt úrskurði umhverfis- og aulindaráðuneytisins frá 2003. Önnur samsíða lína er fyrirhuguð um Leirhnjúkshraun á næstu árum (sjá kort: Kröflulína 5). Í „sáttatilboðinu“ felst því engin raunveruleg náttúruvernd og það gat aldrei orðið forsenda þess að Landvernd og Fjöregg drægju kærur til baka. Þetta vissu allir sem að málinu komu.

Í stað þess að einhenda sér í að finna leiðir fyrir línur og jarðstrengi sem sneiða hjá viðkomandi hraunum, og liðka fyrir heimildum Landsnets í þeim efnum, ákvað ríkisstjórn Íslands að freista þess að leysa málið með lagaofbeldi.

Nægur tími

Hugmyndum samtakanna um náttúruvænni leiðir fyrir rafstrengi við Leirhnjúkshraun, þ. á m. leið sem sýnd er í svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum, hefur óðara verið hafnað án alvöru rökstuðnings á þeim forsendum að útfærsla þeirra taki of langan tíma. Landsnet hefur þó ekki haft nokkur áform um framkvæmdir á þessu svæði fyrr en næsta sumar, m.a. vegna óútkljáðra deilna við landeigendur og eignarnámsbeiðna sem bíða afgreiðslu í iðnaðarráðuneytinu. Tíminn er því nægur.

Ábyrgð Landsnets í öllu þessu máli er mikil. Fyrirtækið hefur ekki hlustað á ábendingar og tillögur náttúruverndarsamtaka undanfarin ár og það sótti ekki um framkvæmdaleyfi fyrr en í mars sl., heilu ári eftir að skrifað var undir samning við PCC, vitandi það að til kæra gæti komið vegna mikilla náttúruverndarhagsmuna. Sorglegra er þó að ríkisstjórn Íslands hyggist setja neyðarlög sem tryggja lagningu raflína um víðerni og nútímahraun, taka skipulagsvald af sveitarfélögum, fara gegn úrskurði óháðrar úrskurðarnefndar og á svig við alþjóðasamninga til að bjarga Landsneti úr klípunni og bregðast við þrýstingi erlends stórfyrirtækis.

TIL LEIGU GRANDINN 2 HÆÐIR Á EYJARSLÓÐ 9

210 fm efri hæð sem er einn salur án milliveggja með góðri lofthæð. Stórkostlegt útsýni til norðurs og suðurs.

130 fm hæð efri hæð sem er einn salur án milliveggja. Mjög gott útsýni til norðausturs.

Báðar hæðirnar eru lausar. Upplýsingar gefur Ólafur í síma 892 5064



Leigjendur eru ánægðir hjá okkur

Niðurstöður úr nýrri þjónustukönnun Almenna leigufélagsins* sýna að 87% viðskiptavina eru ánægð með að leigja hjá félaginu.

Við erum stolt af niðurstöðunni og munum halda áfram að tryggja einstaklingum og fjölskyldum á leigumarkaði húsnæðisöryggi, sveigjanleika og enn betri þjónustu.



*Könnunin var framkvæmd af Gallup fyrir Almenna leigufélagið dagana 16. - 29. júní 2016.

Ánægð/ur – 87,1 %
Hvorki né – 8,4 %
Óánægð/ur – 4,5 %

Langtíma leigusamningur
Sveigjanleiki
24/7 þjónusta

ALMENNA LEIGUFÉLAGIÐ
almennaleigufelagid.is

Sparkassen-samfélagsbanki

Helga Þórðardóttir
formaður Dögunar

Samfélagsbanki er góð hugmynd fyrir almenning. Í Þýskalandi er samfélagsbanki sem heitir Sparkasse. Um 50 milljónir Þjóðverja eru viðskiptavinir hans af samtals 80 milljónum Þjóðverja. Sparkassen hefur verið starfræktur í 200 ár og nýtur mjög mikils trausts í neytendakönnunum en um 80 prósent Þjóðverja treysta Sparkassen. Til samanburðar þá njóta íslenskir bankar aðeins um sjö prósenta trausts hjá viðskiptavinum. Samfélagsbankar í Þýskalandi eru með um 40 prósent af markaðnum þegar tekið er mið af fjármagnseignum.

Sparkassen er eingöngu viðskiptabanki en ekki fjárfestingabanki. Það þýðir að hann tekur ekki þátt í spákaupmennskunni. Fjárfestingabankar taka oft mikla áhættu sem líkist oft spilavítishegðun. Bankar sem eru eingöngu viðskiptabankar þjóna einstaklingum og fyrirtækjum og eiga þátt í því að styrkja lítil og meðalstór fyrirtæki sem taka þátt í raunhagkerfinu, þ.e. framleiða raunveruleg verðmæti. Viðskiptabankar taka því litla áhættu í rekstri sínum. Þess vegna hafa bankakreppur mjög lítil áhrif á samfélagsbanka.

Það sem skiptir mestu máli er að hlutverk samfélagsbanka er ekki að græða heldur að þjóna samfélaginu. Ef bankinn græðir þá fer gróðinn til samfélagsins.

Það sem skiptir mestu máli er að hlutverk samfélagsbanka er ekki að græða heldur að þjóna samfélaginu. Ef bankinn græðir þá fer gróðinn til samfélagsins. Samfélagsbanki borgar ekki ofurlaun eða bónusa en þrátt fyrir það eru engin vandamál við að ráða starfsfólk. Eigendur einkabanka vilja gróða og sá gróði kemur samfélaginu ekki til góða og er bara rekstrarkostnaður.

Þar sem áhættan er mun minni í rekstrinum og ekki er krafist gróða þá er kostnaður við rekstur samfélagsbanka mun minni en einkabanka. Þess vegna getur samfélagsbanki boðið tryggari og ódýrari þjónustu. Þess vegna eru samfélagsbankar betri fyrir almenning. Auk þess fer hugsanlegur gróði aftur til baka til okkar.

Dögun hefur það að markmiði að koma á samfélagsbanka á Íslandi og þá liggur beinast við að breyta Landsbankanum í samfélagsbanka með nýjum lögum. Vilji er allt sem þarf og hann er til hjá Dögun.

Bragðsveifla í sönnum jólaanda

ENNEMM / SIA / NM77320

Matreiðslumeistarar Satt leika á klassíska jólahlaðborðið í takt við lifandi jazztónlist

Jólin hefjast á Satt 19. nóvember

Hátíðlegt jólahlaðborð á föstudags- og laugardagskvöldum allar helgar fram að jólum. Þekktustu jazzarar landsins leika sér með jólalögin undir borðhaldi um helgar.

Jólahlaðborð á kvöldin 9.900 kr.*

Satt bröns fer í jólafötin 19. nóvember

Jólahlaðborð í hádeginu og hátíðarbröns um helgar. Á laugardögum hljóma jazzaðir jólatónar undir borðhaldi og frá fyrsta sunnudegi í aðventu og fram til jóla er einstök fjölskyldustemning en heyrst hefur að jólasveinninn kíki þá við á Satt.

Jólahlaðborð í hádegi 4.900 kr.*
Hátíðarbrunch um helgar 5.200 kr.*

Icelandair hótel Reykjavík Natura | Nauthólsvegur 52
Pantaðu borð tímanlega og fáðu nánari upplýsingar í síma: 444 4050 eða satt@sattrestaurant.is
Viltu gera meira úr kvöldinu? Bókaðu gistingu á Reykjavík Natura á www.icelandairhotels.is

***Börn 6-12 greiða hálfvirði og 0-5 ára greiða ekkert.**

satt

DEVON
Tungusvefnsófi. Geymsla undir tungu.
Stærð: 241 x 160 x 86 cm

149.990 kr.
~~199.990 kr.~~

LIF
Borðstofustóll. Svart PU leður.

14.990 kr. ~~19.990 kr.~~

1. Poul Pava krús með loki Ø: 8 cm H: 28 cm **4.290 kr.** **2.** Omaggio vasi, 20 cm **7.190 kr.** ~~8.990 kr.~~ **3.** Peili skálar með loki svartar, gráar, ljósar, bleikar eða grænar. 0,25 l **1.992 kr.** ~~2.490 kr.~~, 1,0 l **4.232 kr.** ~~5.290 kr.~~, 4,5 l **7.992 kr.** ~~9.990 kr.~~, 9,0 l **10.312 kr.** ~~12.890 kr~~. **4.** Pomax púði, 50x50 cm **7.990 kr.** **5.** Poul Pava vatnsflaska, 0,65 l blágræn, svört, bleik, græn eða glær **1.490 kr.** ~~1.990 kr.~~

DEVON
Einfaldur og traustur svefnsófi. Blómamunstur eða einlitur.
Stærð: 151 x 86 x 82 cm

111.992 kr.
~~139.990 kr.~~

MODENA
Barstóll, ljósgrár og svartur.

23.990 kr. ~~29.990 kr.~~

LECCE
Barstóll, hvítur, rauður og svartur.

19.990 kr. ~~26.990 kr.~~

FRIDAY
Tungusófi, hægri eða vinstri tunga.
Grátt eða brúnt áklæði.
Stærð: 260 × 170 × 87 cm

159.990 kr. ~~179.990 kr.~~

SALMA
2,5 sæta sófi. Ljósgrátt áklæði. Einnig fáanlegur 3ja sæta. Stærð: 212 x 90 x 80 cm

229.990 kr.
~~269.990 kr.~~

Reykjavík
Bíldshöfði 20
10 – 18 virka daga
11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri
Dalsbraut 1
10 – 18 virka daga
11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.

Ævintýralegt haust í Höllinni

Skoðaðu úrvalið í blaðinu okkar

ELLY
Stóll. Litir: Ljósgrár, grár og dusty grænn.
Stærð: 83 x 82 x 85 cm

55.990 kr. ~~69.990 kr.~~

ELLY
Þriggja sæta sófi. Litir: Ljós- og dökkgrár, dusty grænn og bleikur.
Stærð: 183 x 82 x 85 cm

79.990 kr. ~~99.990 kr.~~

BROADWAY
Tungusófi.
Hægri og vinstri tunga.
Silfurgrátt áklæði.
Stærð: 258 x 90/153 x 78 cm

249.990 kr. ~~319.990 kr.~~

Þú finnur nýja bæklinginn okkar á husgagnahollin.is

HÚSGAGNA HÖLLIN

Ágúst Gylfason er með Fjölnisliðið í fínni stöðu og á mikilvæga leiki fyrir höndum á næstu sex dögum í Evrópubaráttunni. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

Tveir leikir á sex dögum og tugir milljóna króna í boði

Evrópubaráttan fer á flug í Pepsi-deild karla um helgina en tvær umferðir eru eftir og eru fjögur lið í baráttunni um tvö sæti í forkeppni Evrópudeildarinnar. Fjölnir er eina nýja nafnið í baráttunni um milljónatugina sem skipta félögin svo miklu máli. Blikar eru í bílstjórasætinu en KR gæti komist inn bakdyramegin.

Tómas Þór Þórðarson
tom@frettabladid.is

FÓTBOLTI FH er orðið Íslandsmeistari í Pepsi-deild karla í fótbolta. Því verður ekki breytt en Hafnarfjarðarliðið fagnaði áttunda Íslandsmeistaratitli sínum á mánudagskvöldið án þess að spila.

Baráttan er samt enn þá hörð um Evrópusæti og á botninum. Stórleikur fer fram í Evrópubaráttunni á sunnudaginn þegar 21. umferðin verður leikin í heild sinni en þar mæta Fjölnismenn liði Stjörnunnar á heimavelli.

Fjögur lið eru enn þá í baráttunni um sætin tvö sem gefa þátttökurétt í forkeppni Evrópudeildarinnar á næsta ári og milljónatugina sem því fylgja. Valur er eina örugga liðið í Evrópu þökk sé öðrum bikarmeistaratitli liðsins í röð en þó það sé í efri hlutanum getur það ekki haft nein áhrif á baráttuna um Evrópusætin þar sem það mætir liðum utan hennar í síðustu tveimur umferðunum.

26 milljónir klárar í kassann

Sala á leikmönnum og Evrópupeningar eru það sem íslensku liðin þrífast á og þar skilur oftast á milli liða sem berjast um feitustu bitana á félagaskiptamarkaðnum þegar hausta tekur. Ekki er nóg með að lið sem er á leið í Evrópukeppni hafi vanalega meira á milli handanna heldur líta leikmenn á það sem bæði spennandi verkefni fyrir sjálfa sig og auglýsingaglugga.

Peningarnir eru miklir og skipta liðin máli. Fyrir það eitt að spila leik í fyrstu umferð forkeppni Evrópudeildarinnar fá liðin 200.000 evrur eða 26 milljónir króna. Vissulega fer eitthvað af því í ferðalagið sjálft og uppihald en þetta er upphæð sem getur tekið félögin marga mánuði að safna. Komist svo eitthvert lið áfram í aðra umferð fást 210.000 evrur eða 27 milljónir króna.

Ef félögin eru svo heppinn að mæta liðum sem eru það spennandi að erlendir sjónvarpsréttarhafar vilja sýna leikina bætist við í kassann en það er vissulega mjög sjaldgæft í fyrstu umferðum Evrópudeildarinnar.

Blikar í bílstjórasætinu

Breiðablik, Fjölnir, Stjarnan og KR eru liðin fjögur sem berjast um Evrópusætin í síðustu tveimur umferðunum sem fram fara á sunnudag og annan laugardag. Á 180 mínútum af fótbolta spiluðum með sex daga millibili ræðst hvaða lið fá Evrópusætin mikilvægu og hverjir sitja eftir með sárt ennið um miðja deild.

Blikar eru í bílstjórasætinu en þeir eru með 35 stig í öðru sæti deildarinnar og mæta Skaganum sem hefur að engu að keppa á sunnudaginn. Þeir fá svo heimaleik gegn Fjölni í lokaumferðinni þar sem þeir geta gulltryggt Evrópusætið – ef þeir verða þá ekki búnir að því. Miðað við heimavallarárangur þeirra er reyndar ekkert klárt í þeim efnum.

KR getur komið sér bakdyramegin inn í Evrópu en liðið er í sjötta sæti með 32 stig, tveimur stigum á eftir Fjölni. KR-ingar, sem hafa undir stjórn Willums Þórs Þórssonar verið á miklum skriði að undanförnu, eiga eftir mjög fýsilega leiki gegn Ólsurum og Fylki. Vissulega lið í lífsbaráttu í deildinni en KR-liðið er miklu betra og á að vinna þessa leiki.

Tveir risastórir hjá Fjölni

Fjölnir úr Grafarvogi er í þriðja sæti deildarinnar með 34 stig. Liðið er nú þegar búið að bæta sinn besta árangur í efstu deild (33 stig 2015) og á góðan möguleika á að komast í Evrópukeppni í fyrsta sinn.

Næstu tveir leikir geta breytt ímynd og framtíð Fjölnis. Þetta unga félag getur orðið það 17. sem kemst í Evrópukeppni og orðið fyrsti nýliðinn síðan Stjarnan komst í Evrópu fyrir tveimur árum.

Fjölnir hefur ekki verið lið sem sparkáhugamenn tengja við toppbaráttu og Evrópukeppni en Ágúst Gylfason er búinn að gera ótrúlega hluti með Grafarvogsliðið og fær nú tvo stærstu leiki í sögu félagsins með sex daga millibili til að taka risastórt skref með Fjölnismenn.

Alvöru tugmilljóna króna leikur fer fram í Grafarvoginum á sunnudaginn þar sem Fjölnir tekur á móti Stjörnunni. Garðbæingar eru, með tveimur sigrum í röð, aftur komnir í Evrópusæns og komast upp fyrir Fjölnismenn með sigri. Þá yrðu Evrópudraumar Grafarvogsliðsins ekki lengur í þess höndum. Það er því óhætt að fullyrða að leikur Fjölnis og Stjörnunnar er mikilvægasti leikur í stuttri sögu Fjölnis. Liðið fékk tvö tækifæri 2007 og 2008 til að komast í Evrópukeppni sem bikarmeistari en tapaði tveimur úrslitaleikjum í röð. Nú hefur Fjölnir unnið fyrir sínu allt tímabilið og yrði sárt fyrir þá gulu að horfa á eftir flugvélinni til meginlandsins í síðustu tveimur umferðunum.

Evrópubaráttan

Staðan
2. Breiðablik 35 **+11**
3. Fjölnir 34 **+15**
4. Stjarnan 33 **+8**
5. Valur 32 **+16**
6. KR 32 **+5**

Leikir liðanna
21. umf:
ÍA - Breiðablik
Fjölnir - Stjarnan
Víkingur Ó. - KR

22. umf
KR - Fylkir
Stjarnan - Víkingur Ó.
Breiðablik - Fjölnir

VERÐUR STJARNAN MEISTARI?
Stjarnan getur orðið Íslandsmeistari í Pepsi-deild kvenna í fótbolta í dag, laugardag, þegar næstsíðasta umferðin í deildinni verður spiluð í heild sinni. Stjarnan er með tveggja stiga forskot á Breiðablik sem er eina liðið sem á raunhæfa möguleika á titlinum ásamt Garðbæingum. Stjarnan verður meistari ef liðið vinnur KR á útivelli og Breiðabliki tekst ekki að vinna botnlið ÍA. Fastlega má reikna með sigri beggja liða og að úrslitin ráðist endanlega í lokaumferðinni. Skagakonur geta aftur á móti fallið vinni þær ekki Blika. Sigur gæti þó ekki verið nóg en þær eru fjórum stigum frá öruggu sæti og verða líka að treysta á að önnur úrslit falli með þeim.

AFTURELDING EÐA GRÓTTA?
Það ræðst í dag hvort það verður Afturelding eða Grótta sem fylgir ÍR upp úr 2. deildinni í Inkassodeildina. Grótta er í betri stöðu í 2. sæti með 43 stig en Afturelding er í 3. sæti með 41 stig. Grótta sækir Hött heim í dag, laugardag, en Mosfellingar unnu Hött, 7-2, í síðustu umferð. Afturelding verður að vinna topplið ÍR á útivelli og vona að Höttur nái að minnsta kosti jafntefli gegn Gróttu ætli eldingin upp um deild.

Það helsta á Sportstöðvunum

L11.20	Man Utd - Leicester	Sport
L12.50	Þór - KA	Sport4
L13.30	Augsburg - Darmst.	Sport3
L13.50	Liverpool - Hull	Sport
L14.00	Tour Champion.	Golfstöðin
L14.10	Sporting - Barcelona	Sport2
L16.00	Arsenal - Chelsea	Sport
L16.20	A. Villa - Newcastle	Sport2
L18.40	Las Palmas - Real M.	Sport3
S13.30	Fylkir - Þróttur	Sport2
S13.30	Fjölnir - Stjarnan	Sport
S13.50	Vík Ó. - KR	Sport3
S14.50	West Ham - S'oton	Sport4
S16.00	Tour Champion	Golfstöðin
S20.00	Pepsi-mörkin	Sport
S20.20	Kansas - NY Jets	Sport2

Frumsýningar á leikjum

L16.15	Swansea - Man. City	Sport4
L18.00	Stoke - WBA	Sport4
L18.30	MBoro - Tottenham	Sport2
L18.45	Bournm. - Everton	Sport
L20.10	Sunderl. - C. Palace	Sport2

Pepsi-deild karla

S14.00	Fylkir - Þróttur	Flórídanav.
S14.00	Fjölnir - Stjarnan	Fjölnisv.
S14.00	Víkingur - FH	Víkin
S14.00	ÍA - Breiðablik	Norðurálsv.
S14.00	Vík. Ó - KR	Ólafsvíkurv.
S14.00	ÍBV - Valur	Hásteinsvöllur

Pepsi-deild kvenna

L14.00	FH - ÍBV	Kaplakriki
L16.00	Breiðablik - ÍA	Kópavogsv.
L16.00	KR - Stjarnan	Alvogenv.
L16.00	Þór/KA - Fylkir	Þórsvöllur
L16.00	Selfoss - Valur	JÁVERKv.

Inkasso-deildin

L13.00	HK - Leiknir F.	Kórinn
L13.00	Selfoss - Huginn	JÁVERKv.
L13.00	Þór - KA	Þórsvöllur
L13.00	Grindavík - Fram	Grindavík
L13.00	Leiknir - Keflavík	Leiknisv.
L13.00	Fjarðab. - Haukar	Eskjuv.

Olísdeild kvenna

L13.30	ÍBV - Fylkir	Fylkishöll
L14.00	Selfoss - Valur	Selfossi
L14.00	Stjarnan - Grótta	TM-höll
L16.00	Haukar - Fram	Schekerh.

Olísdeild karla

S16.00	FH - ÍBV	Kaplakriki
S16.00	Stjarnan - Grótta	TM-höll

GERIR GOTT BETRA

1.36 KG.

HERSEY´S SYRUP SÚKKULAÐI

Verð núna

299

Verð áður 699 1.36 KG

57% AFSLÁTTUR

OPIÐ **24** TÍMA

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland

Stærsti Star Trek viðburður sem haldinn hefur verið á Íslandi

FImmtíu ára afmæli Star Trek verður haldið hátíðlegt í Bíó Paradís um helgina. Aðdáendur þáttanna eru hvattir til að mæta í búningum en margir eiga sinn uppáhaldskarakter.

Einn ástsælasti vísindaskáldskapur sögunnar, Star Trek, verður heiðraður í Bíói Paradís í kvöld.

Star Trek á 50 ára afmæli í ár en fyrsti þátturinn fór í loftið 8. september 1966. Af því tilefni halda Bíó Paradís og Nexus veglega afmælishátíð.

Haldin verður skemmtidagskrá í öllum sölum, pöbb-kviss og kynning á Star Trek spilum frá Nexus. Þá verður hægt að gæða sér á afmælistertu með Star Trek þema, fá sér drykk á Quarks Bar og láta taka mynd af sér í transporternum.

Aðdáendur sem vilja gleðjast á þessum stærsta Star Trek viðburði sem haldinn hefur verið hérlendis eru hvattir til þess að mæta í búningum.

Gísli Einarsson, framkvæmdastjóri Nexus, segir þættina fyrst og fremst heilla vegna bjartsýnnar framtíðarsýnar. „Mannkynið er búið að leysa öll sín vandamál og breiðir út fagnaðarerindið um geiminn. Það eru svo bara geimverurnar sem eru með vesen," segir Gísli. „Vísindaskáldskapur á alltaf sína dyggu aðdáendur. Fólk vill heimsækja þessa heima aftur og aftur og þykir eftirsóknarverðar pælingarnar sem einkenna þessa tegund skáldskapar, sem eru heimspekilegar, um eðli mannsins og siðferði."

Hrönn Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri Bíós Paradísar, segir sinn uppáhaldskarakter vera Spock. „Ég talaði við Brynjar Níelsson í morgun um að klæðast Spock-búningi fyrir mig, en hann gat það ekki, var á leiðinni út á land," segir Hrönn. **kristjanabjorg@frettabladid.is**

Hrönn Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri Bíós Paradísar, ásamt þeim Baldvin Frey Kristjánssyni og Gunnhildi Eyborgu Reynisdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Smack the Pony og Amy í uppáhaldi

Júlíana Sara Gunnarsdóttir og Vala Kristín Eiríksdóttir hafa slegið í gegn í gamanþáttunum, Þær tvær, sem eru á dagskrá Stöðvar 2 á sunnudagskvöldum. Þetta er önnur þáttaröð sem tekin er til sýninga, en þær fara sjálfar með helstu hlutverk og skrifa handritið. Þær kunna vel við sig í gríni og eiga sér fyrirmyndir sem þær líta upp til í skemmtibransanum. Júlíana minnist sérstaklega sketsaþáttaraðarinnar Smack the Pony, með þremur gamanleikkonum í aðalhlutverki.

„Ég var um tíu ára og þær höfðu mikil áhrif á mig, þessir þættir voru og eru í algjöru uppáhaldi. Þarna voru konur sem brutu öll form sem ég áður þekkti," segir Júlíana frá.

Vala Kristín nefnir Amy Poehler sem góða fyrirmynd. Poehler er þekkt gamanleikkona sem varð fyrst þekkt í þáttunum Saturday Night Live. Hún sló svo rækilega í gegn með Tinu Fey þegar þær voru kynnar á Golden Globe verðlaunaafhendingunni árið 2013 og gerðu mikinn usla. „Annars horfi ég skelfilega lítið á sjónvarp miðað við að ég vinn við þetta," segir Vala Kristín.

Júlíana og Vala vita varla hvernig samstarf þeirra hófst. „Við kynntumst í Versló. Við eigum bara svo vel saman," útskýrir Vala. „Við bullum ótrúlega mikið saman, tölum í belg og biðu og í hringi um alls konar hluti. Það lá beinast við að skrifa sketsa," segir Júlíana. **– kbg**

Vala og Júlíana Sara fara með nærri öll hlutverk og semja gamanþættina Þær tvær sem eru á dagskrá Stöðvar 2 á sunnudögum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

EA SPORTS
FIFA 17
FORSALA Á ELKO.IS
KVÖLDOPNUN Í LINDUM 28. SEPTEMBER
SALA OG AFHENDING HEFST KL. 22
PS4
DELUXE EDITION
EINNIG Á PS3, PC
OG XBOX ONE
ALLIR SEM KAUPA LEIKINN Í FORSÖLU EÐA Á KVÖLDOPNUN FÁ DORITOS
OG MOUNTAIN DEW OG EIGA MÖGULEIKA Á AÐ FÁ LEIKINN ENDURGREIDDAN
Doritos
Mountain Dew
KAUPAUKI
ELKO

RENAULT SIG

Nýr Renault Talisman var í gær kjörinn **Bíll ársins 2017** af Bandalagi íslenskra bílablaðamanna (BÍBB). 36 bílar kepptu til úrslita en aksturseiginleikar, notagildi, verð og búnaður tryggði Renault Talisman sigurinn með nokkrum yfirburðum.

www.billarsins.is

1

RENAULT TALISMAN
ELDSNEYTISNOTKUN
FRÁ 3,7 L/100 KM* - DÍSIL
VERÐ FRÁ: 4.190.000 KR.

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

2

NÝR RENAULT MEGANE Í ÖÐRU SÆTI Í SÍNUM FLOKKI

Renault Megane hefur aldrei verið glæsilegri en í þessari nýju útgáfu verðlaunahönnuðarins Laurens van den Acher. Nýr Megane er ekki einungis glæsilegur útlits heldur er hann hlaðinn tækninýjungum og staðalbúnaði sem setur ný viðmið í þessum stærðarflokki bíla.

RENAULT MEGANE
ELDSNEYTISNOTKUN
FRÁ 3,7 L/100KM* - DÍSIL
VERÐ FRÁ 3.190.000 KR.

RENAULT
Passion for life

URVEGARAR

RENAULT CLIO ÍSLANDSMEISTARI Í SPARAKSTRI 2016

Renault Clio sigraði í sparaksturskeppni FÍB 2016. Renault Clio 1,5 dísil var ekið 380 km leið frá Reykjavík til Akureyrar á löglegum hraða fyrir aðeins 2.740 kr. (4,02 l/100 km).

RENAULT CLIO
ELDSNEYTISNOTKUN
FRÁ 3,4 L/100KM* - DÍSIL
VERÐ FRÁ 2.290.000 KR. - BENSÍN

* Eldsneytisnotkun miðast við uppgefnar tölur frá framleiðanda í blönduðum akstri.

ENNEMM / SÍA / NM77463

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Smári hefur kennt rannsóknaraðferðir til að rekja ólöglega starfsemi á netinu í Tyrklandi og Úkraínu. Oktavía hefur kennt fólki að dylja sig á netinu víða um heim. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

Fleiri velja að dyljast á netinu

Undir yfirborði internetsins eru falin net, sum mikilvæg uppljóstrurum og vísindamönnum og önnur sem eru vettvangur glæpastarfsemi. Æ fleiri færa sig undir yfirborðið til að vernda friðhelgi einkalífs síns.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is

Það sem almennir notendur verða venjulega varir við á internetinu er aðeins lítill hluti þess.

Þetta er hinn opni hluti sem er efnisskráður og leitarvélar eins og Google geta flett upp og birt skráninguna. Sá hluti sem hefur ekki verið skráður á þann veg er stundum kallaður djúpvefurinn, eða „dark web“. Það þykir mörgum notendum þó villandi uppnefni. Það sé tæknilega merkingarlaust og ruglandi.

Það sem hægt er að segja með vissu er að undir yfirborði hins skráða nets er hægt að vafra um án þess að skilja eftir sig slóð. Nafnleysið getur haft mikla kosti fyrir netnotendur sem þurfa að tryggja öryggi sitt eða vilja frið frá markaðsöflum.

Þar er mikill fjöldi stórra gagnagrunna og bókasafna og vefsíður sem krefjast innskráningar frá viðurkenndum notendum.

Mikil aukning á notkun Tor

Huldunet eru hluti af þjónustu Tor í þeim skilningi að það þarf að beita sérstökum ráðstöfunum til að tengjast þeim. Umferð um huldunetin hefur stóraukist síðustu ár. Í júlí 2013 voru um 800.000 notendur á dag á Tor-netkerfinu um allan heim. Fjöldi daglegra notenda var um 2,5 milljónir árið 2014 og eykst enn.

Europol greindi í umfangsmikilli skýrslu á síðasta ári frá því að meðfram aukinni notkun hulduneta hafi glæpastarfsemi á þeim aukist til muna. Slíkir glæpir krefjist nýrrar nálgunar lögreglu. Nálgun sem kalli á mun öflugri alþjóðlega samvinnu lögregluliða.

Evrópska tölvu- og netglæpamiðstöðin sem Europol starfrækir er fyrirmynd að slíkri samvinnu.

Ríkislögreglustjóri gerir einnig grein fyrir þessu í skýrslu sinni um helstu ógnir á sviði tölvu- og netglæpa sem gefin var út á þessu ári.

Hvað eru huldunet?

Huldunet veita notendum sínum nafnleynd. Til þess að ná fram leynd á staðsetningu og nafni eru internetsamskiptin flutt á milli fjölda mismunandi staðsetningarpunkta (netþjóna/tölva) og samskiptaslóðinni eytt jafnóðum. Þetta kemur í veg fyrir að hægt sé að rekja upphafsstaðinn. Dæmi um slík netkerfi eru Tor (The Onion Router) og I2P (Invisible Internet Project).

Vandi löggæslunnar er í skýrslunni sagður sá að glæpamenn misnoti nafnleysið. Í raun hafi myndast glæpamarkaður á netinu þar sem alls kyns ólögleg starfsemi er í boði. Þar á meðal viðskipti með ólöglega lyf og fíkniefni, sala á vopnum og stolnum vörum, ofbeldi gegn börnum, leigumorð, mansal og sala á stolnum greiðsluupplýsingum. Einnig standi til boða að kaupa sem þjónustu fjölda tölvu- og netglæpa svo sem klæðskerasniðnar tölvuárásir á einstaklinga eða fyrirtæki/stofnanir (DDoS-árásir, lykilorðaþjófnaður, ruslpóstur o.fl.).

> BLAÐAMENN OG MANNRÉTTINDABARÁTTUFÓLK NOTAR TOR DAGLEGA TIL AÐ FELA SLÓÐ SÍNA, TIL AÐ MINNKA LÍKURNAR Á EFTIRLITI MEÐ SÉR OG OFBELDI GEGN SÉR.
>
> Smári McCarthy

Tor er ómissandi

Smári McCarthy og Oktavía Hrund Jónsdóttir Píratar eiga það sameiginlegt að nota Tor mikið í lífi og starfi. Smári hefur meðal annars kennt rannsóknaraðferðir til að rekja ólöglega starfsemi í gegnum Tor í Tyrklandi og Úkraínu.

„Alls staðar þar sem góðir hlutir geta gerst geta slæmir hlutir einnig gerst,“ segir Smári. „Megnið af ólöglegu starfseminni eru sölusíður fyrir vímuefni, falsaða peninga, og þess háttar. Einnig er eitthvað af klámi, mislöglegu, og hryðjuverkasamtök nota stundum Tor til að fela samskiptasíður sínar,“ segir Smári.

Oktavía segir heiminn allan geta verið hættulegan. Netið sé engin undantekning. „Notum bara sömu reglur á Tor eins og annars staðar, til dæmis ekki að sækja í skuggaleg horn eða sund,“ bendir hún á og minnir á að þrátt fyrir þessi skuggasund á nafnlausa netinu þá sé Tor ómissandi.

„Tor hefur gefið fólki aðgengi að upplýsingum til dæmis í sambandi við kosningar þar sem ritskoðun hefur lokað á t.d. BBC, Al-Jazeera og aðra miðla. Það opnar upplýsingaflæði fyrir fólk sem er að berjast fyrir réttindum og getur ekki eða þorir ekki að tjá sig opinberlega út af mögulegum afleiðingum, svo sem fangelsi og ofbeldi. Tor er ómissandi.“

Forðast leyniþjónustur

Smári hefur starfað við upplýsingaöryggismál og við ýmis mál þar sem tækni og mannréttindi fara saman í rúman áratug.

„Ég hef undanfarin ár unnið sem yfirmaður tæknideildar hjá Organized Crime and Corruption Reporting Project, þar sem ég sá m.a. um öryggismál fyrir rúmlega 200 rannsóknarblaðamenn í Austur-Evrópu og Mið-Asíu. Á undan því var ég „Principal Consultant“ í upplýsingaöryggisdeild hjá alþjóðlegu ráðgjafarfyrirtæki, og þar á undan framkvæmdastjóri IMMI, Alþjóðlegrar stofnunar um upplýsinga- og tjáningarfrelsi, þar sem ég sit nú í stjórn.“

Smári notar helst Tor þegar hann vill ekki að hægt sé að fylgjast með ferðum hans á netinu. „Það kom sér mjög vel í síðasta starfinu mínu, þar sem ég var mjög oft að leita að upplýsingum um hættulega glæpamenn, eða að reyna að forðast að leyniþjónustur ýmissa landa gætu fylgst með okkur,“ segir Smári.

Hann notar Tor aðallega til að skoða venjulegar vefsíður með einni undantekningu. „Undantekningin er ein fréttaveita um öryggismál sem nokkrir vinir mínir reka, en hana má aðeins nálgast í gegnum Tor,“ segir Smári.

„Blaðamenn og mannréttindabaráttufólk notar Tor daglega til að fela slóð sína, til að minnka líkurnar á eftirliti með sér og ofbeldi gegn sér. Raunin er sú að rafrænt eftirlit er sjaldnast lokamarkmiðið. Það er gríðarlega oft sem rafrænt eftirlit með blaðamönnum og starfsfólki mannréttindasamtaka er undanfari árása,“ bendir hann á.

Kennir fólki að leynast á netinu

Oktavía hefur unnið við að aðstoða blaðamenn og mannréttindaaðgerðasinna um allan heim í öryggismálum til að verja þá hættu. „Bæði hvað varðar netöryggi, líkamsöryggi og það sem við köllum sálaröryggi,“ útskýrir Oktavía. „Ég tel það vera grunnstoð mannréttinda í heiminum að stjórnvöld og fyrirtæki líti mannréttindi okkar allra sömu augum á internetinu eins og í raunheimum,“ segir hún.

Oktavía er afar fær í nafnleysi í netnotkun og kennir fólki að fara leynt á netinu. „Alls staðar eiginlega. Í Bandaríkjunum, Simbabve, Danmörku, Spáni, Keníu, Líbanon, mörgum löndum í Suður-Asíu, Mið-Ameríku, Evrasíu og víða í hinum arabískumælandi heimi. Ég hef til

Langar þig að læra að brugga?

Þinn eigin bjór **geymir 100 bjóruppskriftir úr víðri veröld, auk fjölda bruggráða og litmynda af endanlegum afurðum.**

Ljósmyndir leiða þig skref fyrir skref í gegnum allt bruggferlið – hvort sem þú ert algjör nýgræðingur eða hefur reynslu af bjórgerð.

www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39

dæmis kennt hinsegin fólki að vinna að breytingum með aktívisma. Ég hef kennt blaðakonum að nota Tor í umhverfi þar sem netnotkun er hættuleg fyrir konur og nafnleynd er nauðsynleg, rannsóknarblaðamönnum að vinna í viðkvæmum spillingarmálum, bandarískum blaðamönnum sem vilja vernda sig og heimildir sínar fyrir PRISM, finfisher og öðrum löglegum og ólöglegum neteftirlitstólum og pólitískum hreyfingum," segir Oktavía.

Venjulegt fólk í felum

Oktavía segir fólk líka nota Tor í þeim einfalda tilgangi að njóta friðhelgi einkalífs síns. „Alveg eins og ég get ekki komið heim til þín og séð hvað þú ert að gera heima hjá þér, þá getur fólk sem er á Tor ekki séð hvað annað fólk er að gera á netinu. Ef fólk upplifir enga friðhelgi, veit að það er verið að fylgjast með ferðum þess og hagnýta upplýsingar þess um netnotkunina og skerða aðgang að upplýsingum, þá breytir fólk hegðun sinni. Venjulegt fólk er farið að nota nafnleysi á netinu og það af mjög góðri ástæðu," segir hún.

Enginn með ökuskírteini

Oktavía bendir á ýmsar ástæður fyrir því að fólk er farið að breyta hegðun sinni á netinu. „Tryggingafyrirtæki, til dæmis í Danmörku, kaupa gögn frá símafyrirtækjum og kortleggja hegðun fólks eftir netnotkun. Þá er neytendum stundum launað í lægra verði ef þeir gefa upplýsingar um sig. Íslendingar eru mikið á Facebook. Hver pælir í því hvað er gert með gögn um Íslendinga á Facebook? Facebook er að selja upplýsingar, það finnst mér ógnvænlegt. Lögreglan ætti að kanna það; borgaraleg réttindi Íslendinga á Facebook!"

Oktavía notar umferðarmyndlíkingu til að skýra vandamál internetsins. „Mjög fá okkar vita hvernig internetið virkar. Við lærðum það aldrei. Sum okkar voru á traktor í sveit, og vitum þess vegna í grófum dráttum hvernig bílar virka. Ímyndum okkur að þetta sé umferð. Við erum öll í bíl. Enginn er með ökuskírteini. Við skiljum ekki skiltin. Við erum að gera eins og allir hinir og vonum að við lendum ekki í óhappi. Hver er að passa upp á veginn? Hver lagði veginn? Hver er að laga hann þegar það koma göt í hann? Við verðum að skilja þetta nýja umhverfi okkar, þetta skiptir miklu máli," segir Oktavía.

Lenti í hlerunum án vitundar

Smári segist hafa áhyggjur af áhuga yfirmanna lögreglunnar á því að fá vopn og forvirkar rannsóknarheimildir. „Það hefur verið agalegt ástand hjá lögreglunni í langan tíma. Hún fær alltof lítinn stuðning, lítið fjármagn og býr við manneklu og óstöðugt starfsumhverfi. Þar af leiðandi er freistandi að vilja stytta sér leið með forvirkum rannsóknarheimildum, í stað þess að láta góðar og gildar rannsóknaraðferðir gilda," segir Smári, sem þekkir af eigin reynslu hvernig það er að lenda undir smásjá yfirvalda án ástæðu. „Ég lenti í því fyrir nokkrum árum að bandarískur dómstóll ákvað að ég og 130 aðrir værum áhugaverðir út af einhverju máli. Dómstóllinn sendi kröfu til Google og bað þá um allar tengingar og allt um þessa 130 einstaklinga. Þá var líka dómsúrskurður um að fyrirtækið mætti ekki greina þessum 130 einstaklingum frá rannsókninni. Ég mátti ekki vita af því að bandarískur dómstóll væri með öll gögnin mín fyrr en tveimur árum síðar. Þetta þýddi það að af því að ég fékk ekki að vita að ég væri til rannsóknar þá hafði ég engin lagaleg úrræði til að bregðast við því," segir Smári frá.

Þörf mannréttindabarátta

Oktavía tekur undir þetta og segir mikilvægt að efla mannréttindi fólks á netinu. „Það er ekki svo stór munur á mér hér og mér á netinu. Ég vil bara sömu réttindi.

Lögreglan má ekki framkvæma forvirkar rannsóknir og það eru ástæður fyrir því. Vegna þess að lögregla hefur heimildir til að ganga mjög nærri fólki. Hvað ef lögreglan mætti rannsaka hvern sem er án gruns um glæp? Hvað þá? Út frá einhverjum duttlungum? Það gæti orðið mjög ljótt mjög hratt," segir hún.

„Ég er á netinu 6-7 tíma á dag. Ég er að búa til punkta um mig. Hvar ég er og hvað ég er að gera. Hvern ég er að tala við, hvern ég þekki. Þú getur tekið öll þessi gögn og búið til hvaða sögu sem er og fært hana fram og sagt: Við sækjum um leyfi til að hlera hana Oktavíu. Hún var í Skeifunni í gær klukkan fjögur. Jón Jónsson, sem við vitum að er að selja eiturlyf var líka í Skeifunni á nammibarnum á sama tíma. Allt í einu er búið að búa til þessa skökku mynd um mig," bendir hún á.

Rauðu þríhyrningarnir í Shenzhen

Smári tekur undir og nefnir raunverulegt dæmi sem er líkast vísindaskáldsögu. „Shenzhen í Kína er sú borg heimsins sem er með hvað mest af eftirlitsmyndavélum. Allar myndavélarnar eru tengdar inn í hugbúnað sem er með andlitsgreiningartæki. Þess vegna máttu ekki vera með hatt þegar þú kemur á flugvöllinn á Hong Kong. Ef þú ert með hatt þá kemur einhver og segir þér að taka hann niður. Ástæðan er sú að það er verið að tagga þig inn í kerfið. Alls staðar þar sem þú gengur um. Þetta andlit er á þessum tímapunkti á þessum stað. Flestir eru merktir með grænum ferningi, en þekktir afbrotamenn með rauðum ferningi. Ef þeir sem eru merktir grænir eru oft nálægt þeim sem eru merktir rauðir þá fá þeir svona rauðan þríhyrning fyrir ofan hausinn á sér. Þeir eru þá orðnir varhugaverðir."

Þarf að vernda íslenska borgara

Þau benda bæði á að það sé nauðsynlegt að breyta regluverkinu með það að markmiði að vernda íslenska borgara og upplýsingar þeirra. „Til dæmis heilbrigðisupplýsingar. Friðhelgi einkalífs er gríðarlega mikilvæg og er þungamiðja í allri vinnu er lýtur að netöryggi," segir Oktavía og bendir á að menntamálaráðuneytið setti fram fjögur frumvörp um tjáningar- og upplýsingafrelsi nýlega, frumvörp sem byggð eru á þingsályktun frá 2010 sem oft er talað um sem IMMI (Icelandic Modern Media Initiative). „Það er rétta leiðin áfram. Svo verðum við að takast á við það að þróunin síðasta áratug hefur verið með þeim hætti að núna leyfum við fyrirtækjum að hafa réttindi og erum með reglur fyrir fólk. Það ætti að vera öfugt, réttindi fyrir fólk og reglur fyrir fyrirtæki. Við verðum að tryggja mannréttindi okkar á netinu og eins og staðan er í dag erum við að minnka réttindi borgara á netinu," segir Oktavía.

Smári segir regluverkið og stofnanir ekki ráða við þær öru breytingar sem eiga sér stað. „Góður vilji hefur ekki skilað nægum árangri, að hluta til vegna skorts á viðunandi tækniþekkingu innan stjórnmálanna. Ekki bætir úr skák að margar þeirra stofnana sem eiga að stuðla að netöryggi, öryggi borgaranna, og gæta að því að mannréttindi séu virt eru illa fjármagnaðar í dag," segir Smári.

Þetta fann blaðamaður á Tor eftir 5 mínútna leit

Hakkari til leigu.

Falsaðir dollarar til sölu á Tor.



Breskar byssur til sölu.

Fölsuð vegabréf eru eftirsótt. Þau eru boðin til sölu á Tor á fleiri en einni sölusíðu.



Europol greinir frá því að eiturlyfjasala færist í auknum mæli á internetið og erfitt sé að eiga við sölu á földum netum.

Hvað er Tor?

Tor er skammstöfun fyrir **The Onion Router** eða lauknetið. Það var notað af bandaríska sjóherinum til að koma í veg fyrir að óvinaher gæti greint samskipti þeirra á milli. Þegar Tor er notað er ekki hægt að rekja IP-tölur.

Það var herbragð að bandaríski sjóherinn opnaði notkun fyrir almenningi. Þannig geta óvinir ómögulegt greint hvort samskipti á Tor-netinu eru á vegum sjóhersins eða bara venjulegs fólks.

Svona nota Smári og Oktavía Tor

Oktavía Netnotkun mín er ekki öðruvísi á Tor en í Chrome eða Firefox, mér líður bara betur að vita að ég er öruggari þar sem notandi. Ef þú átt við sérkenni Tor Browsers, þá finnst mér síðustu uppfærslur á UX/UI (user experience, user interface) í Tor hafa stórbatnað frá því að vera í raun og veru nördatól í að vera „bara vafri eins og allir aðrir vafrar". Það er miklu auðveldara að skipta um stafræna sjálfsmynd núna (gott ef maður er staddur í ríki sem ritskoðar netaðgengi til dæmis) og svo er þjónustan ekki eins hæg og hún var – sem er hreinlega mjög mikilvægt fyrir netnotendur.

Smári Ég nota það helst þegar ég vil ekki að það sé hægt að fylgjast með ferðum mínum. Það kom sér mjög vel í síðasta starfinu mínu, þar sem ég var mjög oft að leita að upplýsingum um hættulega glæpamenn, eða að reyna að forðast að leyniþjónustur ýmissa landa gætu fylgst með okkur.

Ég nota Tor aðallega til að skoða venjulegar vefsíður. Undantekningin er ein fréttaveita um öryggismál sem nokkrir vinir mínir reka, en hana má aðeins nálgast í gegnum Tor.



Hvað fann Europol á Tor?

292 síður tengdust misnotkun á börnum

133 síður tengdust fölsuðum vörum

60 síður tengdust DDoS árásum

8 síður tengdust „upplýsingaveiðum" (e. phishing)

105 síður tengdust „tölvuinnbrotum" (e. hacking)

279 síður tengdust eiturlyfjum

204 síður tengdust greiðslukortum

83 síður tengdust vopnum

18 síður tengdust fölsuðum skilríkjum og hryðjuverkum

72 síður tengdust svikum

*Síður tengdar glæpum eru brotabrot af síðum Tor sem er með með 2,5 milljón notendur.



Umferð um huldunetin hefur stóraukist síðustu ár. Fjöldi daglegra notenda var um 2,5 milljónir árið 2014 og eykst enn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> ÍSLENDINGAR ERU MIKIÐ Á FACEBOOK. HVER PÆLIR Í ÞVÍ HVAÐ ER GERT VIÐ GÖGN UM ÍSLENDINGA Á FACEBOOK? FACEBOOK ER AÐ SELJA UPPLÝSINGAR, ÞAÐ FINNST MÉR ÓGNVÆNLEGT.
>
> Oktavía Hrund Jónsdóttir

Local Food Festival

24. september 2016

KYNNINGARBLAÐ Eyjabiti | Markaðsráð kindakjöts

Glæsileg matarveisla á Akureyri

Norðlenska matarhátíðin **Local Food Festival** fer fram á Akureyri 29. september til 1. október. Hátíðin samanstendur annars vegar af sýningunni **Local Food** sem haldin er í Íþróttahöllinni á Akureyri á laugardag og hins vegar af **Food and Fun Pop UP Akureyri**.

Sólveig Gísladóttir
solveig@365.is

„Hátíðin hefst með Food and Fun, sem er í fyrsta skipti hluti af hátíðinni. Þar eru fengnir íslenskir gestakokkar á sjö veitingastaði hér í bænum sem reiða fram fjögurra rétta matseðla úr hráefni úr héraði," lýsir Davíð Rúnar Gunnarsson, verkefnastjóri hátíðarinnar.

„Hátíðin hefur verið haldin í fjölmörg ár en gekk áður undir nafninu Matur Inn. Viðburðastofa Norðurlands tók við henni í fyrra og breytti nafninu í Local Food Festival," segir Davíð en hátíðinni er einnig ætlað að vekja athygli á norðlenskum mat víðar en á Íslandi. „Í fyrra komu fjölmargir erlendir kokkar, innkaupastjórar og fleiri til að sækja hátíðina heim, fóru hér í ferðir um Eyjafjörðinn og Norðurland í heila viku til að skoða hvað væri að gerast í matvælaiðnaðinum og luku ferðinni á matarhátíðinni," segir Davíð.

> **Í fyrra komu fjölmargir erlendir kokkar, innkaupastjórar og fleiri til að sækja hátíðina, fóru hér í ferðir um Eyjafjörðinn og Norðurland í heila viku.**
>
> *Davíð Rúnar Gunnarsson, verkefnastjóri Local Food Festival*

Gestum boðið til veislu

Matarhátíðin í Íþróttahöllinni á Akureyri hefur fyrir löngu fest sig í sessi. Í ár verða einhverjar breytingar. „Til dæmis verður haldinn bransahittingur á föstudaginn. Þá bjóða sýnendur viðskiptavinum á sýninguna og líklegt að þá verði mikið spjallað."

Sýningin verður opnuð almenningi á laugardaginn klukkan 13. Hún er opin öllum og ókeypis inn. „Hátt í þrjátíu sýnendur af fjölbreyttum toga taka þátt og margt skemmtilegt í boði," segir Davíð. Hann nefnir meðal annars matvælalínu sem kallast Frá haga í maga. „Þar sýnum við hvernig matur er meðhöndlaður. Kjötiðnaðarmenn úrbeina kjöt sem er síðan afhent þeim sem pakka og svo heldur hráefnið áfram eftir línunni þangað til kokkurinn tekur við matnum og eldar hann, afhendir þjóninum sem ber hann á borð fyrir gesti sýningarinnar."

Davíð Rúnar Gunnarsson, verkefnastjóri Local Food Festival.

Fjölbreytt keppni

Á sýningunni fara fram spennandi keppnir. Til dæmis keppni um Local Food-kokk ársins 2016. Keppendur reiða fram tveggja rétta matseðil og fer matreiðslan fram fyrir framan gesti sýningarinnar.

Einnig er keppt um Local Foodnemann árið 2016 en þá er keppt um besta saltfiskréttinn. Barþjónar keppa sín á milli um besta kokteilinn og kaffiþjónar keppa um besta kaffidrykkinn. Almenningi gefst kostur á að taka þátt í keppninni um bestu kökuna sem fer þannig fram að þátttakendur baka kökuna heima, koma með á sýninguna og skreyta fyrir framan áhorfendur. Bakarar og kokkar dæma svo um hvaða kaka er best á bragðið og hefur fallegasta útlitið.

Búist er við að um fimmtán þúsund manns komi á sýninguna í Íþróttahöll Akureyrar laugardaginn 1. október.

Söguleg sýning

Á efri hæð Íþróttahallarinnar mun Iðnaðarsafnið á Akureyri setja upp sýningu þar sem litið er til fortíðar í matvælaframleiðslu síðustu áratuga en Akureyri á sér langa sögu í matvælaframleiðslu.

Davíð býst við að þrettán til fimmtán þúsund gestir mæti á sýninguna líkt og síðustu ár, en hátíðin verður haldin annað hvert ár héðan í frá.

Sjá nánar á www.localfood.is

Birgir Snorrason bakarameistari situr í dómnenfnd um Köku Akureyrar. Júlía Skarphéðinsdóttir við hlið hans. MYND/LOCAL FOOD FESTIVAL

Kaka Akureyrar

Samkeppni um Köku Akureyrar verður haldin í dag og geta bæjarbúar látið reyna á uppáhaldsuppskriftina sína. Birgir Snorrason bakari situr í dómnefnd en það verður eitt af lokaverkum hans sem bakari í bænum.

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is

„Ég á von á því að Akureyringar taki vel við sér og taki þátt í samkeppni um Köku Akureyrar," segir Birgir Snorrason, bakarameistari hjá Kristjánsbakaríi og einn þeirra sem munu leggja mat á kökurnar sem berast í keppnina um Köku Akureyrar í dag. Hann segir bragðið vega þyngst, þá útlit og framsetningu. Fólk skuli þó ekki skila kökunni inn á dýrmætu kökufati.

„Það er áríðandi að kökunni sé skilað inn á einnota diski því það verður illa hægt að nálgast kökufötin aftur. Þá þarf fólk að skila inn kökum milli klukkan 13 og 15 í dag í Íþróttahöllina og fær þá númer. Dómnefndin mun svo blindsmakka kökurnar í bakherbergi og skal tekið fram að nefndin sjálf tekur ekki á móti kökunum. Við vitum því ekkert hver bakaði hvað. Í lok dags munum við svo tilkynna sigurvegara að Köku Akureyrar."

Birgir situr í fleiri dómnefndum á hátíðinni og segir það hreint ekki leiðinlegt starf að smakka dýrindis rétti og kökur. Þetta verður þó meðal síðustu verka hans sem bakari í bænum eftir rúmlega fjóra áratugi í Kristjánsbakaríi.

„Já, ég hætti að baka um helgina. Gæðabakstur keypti Kristjánsbakarí af okkur um áramótin og nú er komið að því að ég hætti og bara gott um það að segja," segir Birgir en reiknar með því að talsverð viðbrigði verði að þurfa ekki að vakna fyrir klukkan 5 á morgnana.

„Ég þarf kannski nokkra daga til að átta mig á því að ég er ekki lengur á vaktinni, hef verið mættur klukkan 5 eða fyrr, í fjörutíu og tvö og hálft ár," segir hann en Kristjánsbakarí hefur verið starfrækt af fjölskyldu Birgis í 104 ár. „Við bræðurnir erum þriðja kynslóðin í bakaríinu. En ég er bara glaður með þetta."

ÚTGEFANDI | 365 miðlar ehf. Skaftahlíð 24 | s. 512 5000
VEFFANG visir.is
UMSJÓNARMAÐUR AUGLÝSINGA Ólafur Hákonarson| olafurh@365.is | s. 512-5433
ÁBYRGÐARMAÐUR Svanur Valgeirsson

ÍSLENSKT KJÖT
NORÐLENSKA
NAUTAKJÖTIÐ
Íslenskur uppruni
Umhverfisvænar umbúðir
Gæðavara
Norðlenskur ferskleiki
Fagmennska
Gott kvöld

Hollur og ljúffengur haustmatur

Júlía Skarphéðinsdóttir matreiðslumaður er í sýningarstjórn matvælasýningarinnar Local Food sem haldin er á Akureyri um næstu helgi. Í fyrra heimsóttu um fimmtán þúsund gestir sýninguna sem er vettvangur norðlenskra matvælafyrirtækja til að kynna sig.

Elín Albertsdóttir
elin@365.is

Júlía segir að Norðurland sé matarkista. Mörg öflug matvælafyrirtæki eru starfrækt á Akureyri. „Hér framleiðum við mikið af mat og fagfólki í matvælageiranum," segir hún. „Verkmenntaskólinn útskrifar kokka, þjóna og kjötiðnaðarmenn. Veitingahúsum hefur fjölgað mikið hér og það er mikil vöntun á fagfólki í þessum greinum."

Júlía sér um keppnissvæði Local Food en ýmsar kokkakeppnir verða í gangi á laugardeginum. Meðal annars verður Local Food Festival-kokkur ársins 2016 kosinn. Hægt er að skoða nánari dagskrá á localfood.is en sýningin er í Íþróttahöllinni á Akureyri.

Júlía hefur starfað lengi í faginu á hinum ýmsu veitingahúsum bæjarins. Meðal annars var hún lengi matreiðslumaður á KEA-hóteli. Núna starfar hún hjá Garra og sér að auki um eldhúsið í Frímúrarahúsinu. Hún er fædd og uppalin á Akureyri. Júlía bendir á að um helgina fari einnig fram í fyrsta skipti Food and Fun á Akureyri. Fimm veitingahús taka þátt og bjóða spennandi matseðla.

Júlía gefur lesendum hér uppskriftir að íslenskum haustmat. Hún segir að þetta sér „local" matur, ræktaður í næsta nágrenni. „Þetta eru einfaldir og þægilegir réttir sem allir geta gert," segir hún.

Júlía Skarphéðinsdóttir, matreiðslumaður á Akureyri. MYND/AUÐUNN NÍELSSON

HAUSTLEG GRÆNMETISSÚPA

Á þessum árstíma er sérstaklega skemmtilegt að gera súpur, hér kemur ein sem allir geta gert. Bara nota það sem til er í ísskápnum, óþarfi að mæla.

Piparostur
½ l vatn
1 l mjólk
Tómatar
Salsasósa
Sveppir
Gulrætur
Hvítlaukur
Blómkál
Grænmetiskraftur

Ostur og vatn sett í pott og osturinn soðinn í sundur. Öllu hinu bætt í og soðið við vægan hita. Gott að bera fram með ristuðum brauðteningum og rifnum osti.

BAKAÐIR LAMBASKANKAR MEÐ TIMJANI, HVÍTLAUK OG HVÍTVÍNI

Hráefni
8 lambaskankar
Salt og nýmalaður pipar
2 laukar, skrældir og skornir í báta
2 heilir hvítlaukar
3-4 timjanbrúskar
3½ dl hvítvín eða mysa

Kryddið skanka með salti og pipar og setjið í eldfast mót með loki ásamt lauknum, hvítlauknum og hvítvíninu, lokið sett á og eldað við 150°C í um 3-4 tíma (fer aðeins eftir ofnum).

Með þessu og á þessum tíma er tilvalið að bera fram haustgrænmetið úr garðinum, t.d. vænar gulrætur, gulrófu, hvítkál, lauk, kartöflur. Grænmetið er skorið gróft í annað opið eldfast mót og bakað með skönkunum síðasta klukkutímann, kryddað með salti, pipar og hunangi.

Sósa löguð úr soðinu af skönkunum.

Þennan mat er frábært að elda á haustin og þessi aðferð er þægileg, lítill undirbúningur og rólegheit.

Hollustuvara sem fagnar vaxandi vinsældum

Harðfiskur frá **Eyjabita** verður á Local Food Festival og geta gestir gætt sér á harðfiski úr ýsu, þorski og steinbít. Harðfiskur á vaxandi vinsældum að fagna og hefur sala á vörunni aukist jafnt og þétt bæði hérlendis sem og erlendis.

Fyrirtækið Darri framleiðir harðfisk undir nafninu Eyjabiti og starfa þar um þrettán manns árið um kring. Þrátt fyrir eyjanafnið er fyrirtækið staðsett á Grenivík og fagnar það tuttugu ára afmæli sínu í nóvember. „Fyrirtækið var keypt frá Vestmannaeyjum þar sem það starfaði undir nafninu Eyjabiti og ákváðum við að halda nafninu. Við framleiðum harðfisk úr þremur fisktegundum, ýsu, þorski og steinbít. Við erum með um tíu vörumerki, poka í mismunandi stærðum og svo er líka hægt að fá bitafisk," útskýrir Heimir Ásgeirsson, eigandi fyrirtækisins. Hann bætir við að einnig sé hægt að fá valsaðan harðfisk og óbarinn líka. „Við erum með óbarða ýsu sem mörgum þykir góð, þeir segja að hún sé þá eins og hún kom úr hjallinum í gamla daga."

Nánast bara prótein

Harðfiskur hefur haldið vinsældum sínum í gegnum tíðina og segir Heimir að salan hafi aukist hjá þeim að undanförnu. „Já, þetta hefur allt verið upp á við hjá okkur. Það má heldur ekki gleyma því að við erum líka að selja á erlenda markaði, til Færeyja, Grænlands og Noregs mest. Það eru alveg um fjörutíu prósent framleiðslunnar sem fara út. Síðastliðin tíu ár höfum við verið mikið í útflutningi og salan er líka að aukast þar," segir Heimir.

Harðfiskur hefur haldið vinsældum sínum í gegnum tíðina og segir Heimir að salan hafi aukist hjá þeim að undanförnu.

Margir tengja harðfisk við hollustu og tekur Heimir undir það. „Þetta er mikil heilsuvara og harðfiskur er nánast eingöngu prótein eða um 82 prósent. Engin næring hverfur úr fiskinum við þurrkunina."

Eyjabiti á matarhátíð

Árlega vinnur Eyjabiti úr 500 tonnum af slægðum fiski. Úr þeim fást um 42 tonn af harðfiski sem alltaf hefur tekist að selja. Heimir segir þessa rýrnun fisksins vera ástæðu þess að harðfiskur er eins dýr og hann er. „Fiskurinn rýrnar um 91,5 % frá því hann er keyptur slægður og það næst því um 8,5 prósenta nýting úr fiskinum. Úr einu tonni af slægðum fiski fást því um 84 kíló, þá er búið að taka haus, bein og roð af og mikið af vatni líka þannig að í raun er bara fiskurinn sjálfur eftir og verðið endurspeglar það."

Eyjabiti tekur þátt í Local Food Festival um helgina þar sem boðið verður upp á allar vörutegundir fyrirtækisins og gestum og gangandi leyft að smakka.

Eyjabiti tekur þátt í Local Food Festival um helgina þar sem boðið verður upp á allar vörutegundir fyrirtækisins og gestum og gangandi leyft að smakka.

Fyrirtækið Darri framleiðir harðfisk undir nafninu Eyjabiti og starfa þar um þrettán manns árið um kring.

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ
24. SEPTEMBER 2016 LAUGARDAGUR

40+
FEMARELLE REJUVENATE
- Minnkar skapsveiflur
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur orku
- Eykur teygjanleika húðar
- Viðheldur eðlilegu hári

50+
FEMARELLE RECHARGE
- Slær hratt á einkenni (hitakóf og næturtsviti minnka)
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur orku
- Eykur kynhvöt
- Hefur engin áhrif á vef í brjóstum eða legi



60+
FEMARELLE UNSTOPPABLE
- Inniheldur kalsíum og D3-vítamín sem eru nauðsynleg til að styrkja bein að innan
- Stuðlar að heilbrigðri slímhúð legganga
- Eykur liðleika
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur orku sem stuðlar að sálfræðilegu jafnvægi

Eva Ólöf er hressari þegar hún notar Femarelle.

Selma Björk er mjög ánægð með áhrifin af Femarelle.

Femarelle skiptir Valgerði miklu máli.

BETRI STJÓRN – BETRA JAFNVÆGI

Icecare kynnir Femarelle er náttúruleg lausn fyrir konur á breytingaaldri. Hormónalaus lausn fyrir mismunandi stig tíðahvarfa. Tvær nýjar Femarelle vörur eru nú komnar á markað. Þær Selma, Valgerður og Eva mæla með Femarelle.

Virkni Femarelle hefur verið staðfest með fjölda rannsókna á undanförnum árum. Nú hefur Femarelle verið gert enn betra og bætt í það B6-vítamíni. Þrjár vörur eru nú í Femarelle línunni, Femarelle Rejuvenate sem hentar konum fyrir tíðahvörf, Femarelle Recharge sem veitir stjórn yfir tíðahvörfunum á öruggan og áhrifaríkan hátt og Femarelle Unstoppable sem hjálpar konum eftir tíðahvörf að viðhalda eðlilegum lífsstíl og lífsþrótti eftir því sem árin færast yfir.

VERTU ÞÚ SJÁLF Á NÝ

Samsetning Femarelle Rejuvenate hentar best til að mæta þörfum kvenna 40 ára og eldri til að vinna á einkennum forstigs tíðahvarfa. Það inniheldur hörfræjaextrakt sem stuðlar að eðlilegri líðan þegar kemur að tíðahvörfum og bíótín sem hjálpar konum að halda eðlilegu andlegu jafnvægi. B2-vítamín og bíótín (B7) stuðla að viðhaldi eðlilegs hárs og húðar og eðlilegum efnaskiptum ásamt eðlilegri sálfræðilegri starfsemi og minni þreytu og sleni.

TAKTU STJÓRN Á LÍKAMANUM

Femarelle Recharge hefur áhrif á þau einkenni sem konur þjást af á meðan á tíðahvörfum stendur. Femarelle Recharge er sama vara og upprunalega Femarelle að viðbættu B6-vítamíni en það magnar þau áhrif sem Femarelle hefur. Femarelle Recharge inniheldur hörfræjaextrakt sem hjálpar konum á aldrinum fimmtíu ára og eldri til að taka stjórnina á einkennum tíðahvarfa á öruggan og áhrifaríkan hátt.

SIGRAÐU FRAMTÍÐINA

Femarelle Unstoppable hjálpar konum að halda aftur af einkennum í kjölfar tíðahvarfa. Það inniheldur kalk og D-vítamín fyrir eðlilega starfsemi beina og vöðva ásamt B2 og B7 fyrir jafnvægi slímhúðar sem og að minnka þreytu og slen. Femarelle Unstoppable hjálpar konum á aldrinum sextíu ára og eldri að viðhalda kraftmiklum lífsstíl þegar árin færast yfir.

GÓÐ REYNSLA AF FEMARELLE

Þær Eva Ólöf Hjaltadóttir, Selma Björk Grétarsdóttir og Valgerður Kummer Erlingsdóttir hafa allar góða reynslu af Femarelle. „Ég hef notað Femarelle um nokkurt skeið og finn það núna hve miklu máli það skipti fyrir mig að byrja á þessari snilldarvöru," segir Valgerður. Eva Ólöf tekur í sama streng og segir: „Ég er svo ánægð með Femarelle, ég er hressari af þeim og ég mæli með þeim við allar vinkonur mínar." Selmu Björk líður líka betur eftir að hún fór að nota Femarelle. „Ég er mjög ánægð með áhrifin af Femarelle, ég er í betra jafnvægi og er öruggari með sjálfa mig."

IceCare
Þín heilsa

SÖLUSTAÐIR OG UPPLÝSINGAR
Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, www.icecare.is

Lifirðu krefjandi lífi?

Heilinn og líkaminn þurfa á fjölbreyttum næringarefnum að halda til að tryggja gott ástand og eðlilega frammistöðu. Þessi næringarefni eru enn mikilvægari ef líf okkar er annasamt og krefjandi, fullt af streituvaldandi aðstæðum og óvæntum uppákomum.

Hvernig virkar No Stress?

No Stress inniheldur Lavender sem á þátt í að auka slökun og stuðla að eðlilegum svefni. Pantothenic sýra og L-theanin í grænu tei ýta undir eðlilega andlega starfsemi og hjálpar meðal annars með einbeitingu. C- vítamín sem hjálpar til við að viðhalda eðlilegri hugrænni starfsemi ásamt því að slá á slen og þreytu. Joð leggur sitt af mörkum til að viðhalda eðlilegri hugrænni starfsemi sem er afar mikilvægur þáttur í andlegri hæfni.

No Stress fæst í apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.
Nánari upplýsingar eru á **www.icecare.is**



ÓHEPPIN EN FYNDIN BRIDGET JONES

Kvikmyndin **Bridges Jones's Baby** var frumsýnd hér á landi í gærkvöldi. Þetta er þriðja myndin um þessa skemmtilegu en oft óheppnu konu sem fólk um allan heim hefur dýrkað og dáð. Margar konur geta samsamað sig persónunni, konunni sem vill vera fullkomin í starfi og útliti en á í stöðugri baráttu við aukakílóin, tóbaksfíknina og mislukkuð ástarsambönd.

Elín Albertsdóttir
elin@365.is

Fyrsta myndin, Bridget Jones's Diary, var frumsýnd árið 2001 og síðan eru liðin heil fimmtán ár. Sú seinni kom í kvikmyndahús 2004. Síðan hafa báðar myndirnar átt velgengni að fagna í endursýningum sjónvarpsstöðva. Með fyrstu myndinni var sleginn dálítið annar tónn en var í sjónvarpsþáttunum Sex and the City sem voru gríðarlega vinsælir frá árunum 1998 til 2004.

Í nýju myndinni er Darcy (Colin Firth) enn viðloðandi líf Bridget þótt hjónabandið hafi fjarað út en Daniel Cleaver (Hugh Grant) hverfur á braut. Í staðinn kemur nýr sjarmör, Jack Qwant (Patrick Dempsey). Bridget er 43 ára, hún er barnshafandi og áhorfendur fá að fylgjast með ferli meðgöngunnar og þegar hún verður móðir í fyrsta skipti.

Höfundur Bridget Jones er Helen Fielding, enskur rithöfundur, fædd 19. febrúar 1958. Hún sló í gegn með bókunum um Bridget Jones. Bækur sem fjalla um einhleypa konu á fertugsaldri sem býr í London og reynir að ná tökum á lífi sínu og líkamsþyngd. Fyrsta bókin kom út árið 1996 og sú næsta 1999. Bækurnar voru gefnar út í 40 löndum og voru seldar í meira en 15 milljónum eintaka. Það var því greinilega vöntun á lesefni á þessum nótum fyrir konur.

Hver man ekki eftir þessu atriði úr fyrstu myndinni?

VINSÆLT LAG

Mörg laganna sem flutt voru í Bridget Jones's Diary urðu vinsæl. Sérstaklega má nefna lagið Have You Met Miss Jones? Með söngvaranum Robbie Williams.

Bíómyndirnar urðu ekki síður vinsælar á alþjóðlegum vettvangi. Búast má við að þriðja myndin, Bridges Jones's Baby, fái ekki minni aðsókn. Bókin Bridget Jones's Baby: The Diaries fylgir myndinni úr hlaði og kemur út í Bretlandi 11. október.

Helen Fielding fæddist í Yorkshire á Englandi. Hún starfaði sem blaðamaður og síðan sjónvarpsfréttamaður. Helen ferðaðist víða á blaðamannsárum sínum, til Afríku, Indlands og Mið-Ameríku. Í dag er hún í fullu starfi sem rithöfundur og býr jöfnum höndum í London og Los Angeles.

Það eru mörg ógleymanleg atriði í Bridget Jones myndunum. Það er hægt að skemmta sér yfir þeim minningum og rifja þau upp. Búningar í Bridget Jones þóttu margir kostulegir og margir leita þangað þegar farið er í búningapartí. Hver man ekki eftir jólapeysum, náttfötum eða stórum ömmunærbuxum? Eða þessum orðum?

Bridget: *Wait a minute – nice boys don't kiss like that.*
Mark Darcy: *Oh, yes, they fucking do.*

Við spurðum nokkrar konur hvert væri eftirminnilegasta atriði þeirra úr Bridget Jones myndunum.

Ömmunærbuxur Bridget Jones vöktu heimsathygli.

Renee Zellweger og Patrick Dempsey kynna Bridget Jones's Baby í New York.

HVAÐ SEGJA ÞÆR?

MARGRÉT EIR SÖNGKONA

Það er náttúrlega alltaf frábært móment ... fyrir mig sem söngkonu og kynsystir þegar hún „BLASTAR" út af lífs og sálarkvölum (já og ég meina kvölum, ekki prentvilla) „ All by myself ... ANYMORE !!!!" Ég held að við eigum öll okkur Celine Dion moment, hvort sem það er á skralli með vinum, á bömmer heima eða í bílnum. Það er svo gott að syngja.

SIGURLAUG MARGRÉT JÓNASDÓTTIR
DAGSKRÁRGERÐARMAÐUR



Klárlega slagsmálin á milli Marks Darcy og Daniels Cleaver við gosbrunninn, algjörlega ómótstæðileg slagsmál.

HELGA MÖLLER
SÖNGKONA



Það fyrsta sem kemur upp í hugann er atriðið með stóru nærbuxunum. Gat svo sannarlega sett mig í þessi spor og elska sjálf svona þægilegar nærbuxur og stelst í þær af og til :)

HEIÐDÍS LILJA MAGNÚSDÓTTIR
LÖGFRÆÐINGUR



Litríkar aukapersónur eru aðalsmerki Bridget Jones myndanna og atriðið sem kemur fyrst upp í huga mér er einmitt borið uppi af tveimur eftirminnilegum aukapersónum: Pamela, mamma Bridget snýr aftur heim til Colins, eiginmanns síns, eftir að hafa gefist upp á appelsínugula sjónvarpsmarkaðsgerpinu með hvíttuðu tennurnar, honum Julian. Hún gengur hikandi inn í stofuna seint um kvöld, leggur ferðatöskuna frá sér og sest við hlið manns síns í sófanum. Eftir andartaksþögn segir hún svo, bljúg og einlæg: The thing is – well, close up, he was almost purple. You were such a lovely normal color." Þær gerast varla fallegri, ástarjátningarnar.

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
UMSJÓNARMENN EFNIS: Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Lilja Björk Hauksdóttir, *liljabjork@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367* Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* | Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358* Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357* **SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429* | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is, s. 512 5433*

SVEFNSÓFAR

góðir að nóttu sem degi...

TILBOÐ
114.300

RECAST SVEFNSÓFI 140x200 cm kr. 129.900 / SKEMILL 66x66 cm kr. 35.700

- SVEFNSÓFADAGAR -

TRYM SVEFNSÓFI 140x200 cm kr. 198.900

TILBOÐ
175.000

ZEAL SVEFNBEKKUR 70x200 cm kr. 79.900

TILBOÐ
69.900

SLY SVEFNSÓFI 140x200 cm kr. 139.900
* HNAKKAPÚÐI SELDUR SÉR

TILBOÐ
123.000

LÍNAN

BÆJARLIND 16 KÓPAVOGUR SÍMI 553 7100 WWW.LINAN.IS
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARD. 11 - 16

SKELLIR Í LUMMUR

Unnur Birna Bassadóttir fiðluleikari og söngkona hefur ýmislegt á prjónunum um helgina. Hún æfir með Fjallabræðrum og syngur bakraddir á Rolling Stones-heiðurstónleikum í Hörpu.

Sólveig Gísladóttir
solveig@365.is

Stendur eitthvað sérstakt til um þessa helgi? Í kvöld syng ég bakraddir og spila á fiðlu á Rolling Stones-heiðurstónleikunum Forty Licks í Hörpu. Þar spilum við öll bestu lögin með Rolling Stones. Síðan verð ég á æfingum með Fjallabræðrum en við erum að fara að taka upp í Abbey Road Studio á næstunni. Ég er að spila með þeim og syng svo með þeim eitt lag eftir sjálfa mig. Ég býst ekki við mikilli slökun þessa helgi, nema ég fari í heita pottinn hjá mömmu og pabba á sunnudagskvöldið.

Hvernig er draumahelgin? Að vera í friði einhvers staðar í náttúrunni. Ég held mikið upp á landsvæðið fyrir austan fjall og ef maður kæmist norður í Laxárdal þá er það draumastaðurinn.

Gerir þú þér dagamun um helgar? Ég reyni að hafa sem minnst að gera á daginn og vil helst vera heima hjá mér. Annars gerist það sjaldan því ég er snarofvirk.

Ferðu oft út að skemmta þér? Nei, ekki oft, nema ég sé sjálf að skemmta. Maður fer þó stundum á pöbbarölt í Hveragerði þar sem ég bý. Maður getur fengið sér ölkrús á Hótel Örk eða Skyrgerðinni og fleiri stöðum.

Hver er uppáhaldshelgarmaturinn? Það er grænmetislasanjað sem ég geri.

Hvað færðu þér í morgunmat um helgar? Ef við höfum gleymt að kaupa brauð þá skelli ég stundum í lummur sem eru æðislegar með bláberjunum sem ég tíndi í sumar.

Hvað verður með sunnudagskaffinu? Hvaða sunnudagskaffi?

Vakir þú fram eftir? Ef ég gæti myndi ég gera það, en ég rotast alltaf fram á borðið því ég er svo kvöldsvæf. Það er ekki hægt að horfa á sjónvarpið með mér.

Sefur þú út um helgar? Nei, en vildi að ég gæti það. Stundum næ ég þó að sofa til tíu.

Hvar er best að eyða laugardagseftirmiðdegi? Í faðmi fjölskyldunnar í Hveragerði.

Með hverjum er skemmtilegast að verja helginni? Með eiginmanninum og köttunum. Ég á þrjá, elstu dóttur mína fengum við 2008, svo fengum við aðra fyrir tveimur árum. Svo tókum við að okkur læðu með fjóra kettlinga fyrir nokkru, þeir fengu allir önnur heimili en læðan var svo skemmtilegur karakter að hún varð eftir hjá okkur.

> Ég er að reyna að klára plötuna mína. Svo er ég að fara til Frankfurt með Ian Anderson að taka Rokkóperuna um Jethro Tull upp á DVD.
> Unnur Birna Bassadóttir

Hvað er annars að frétta? Ég er að reyna að klára plötuna mína. Svo er ég að fara til Frankfurt með Ian Anderson að taka Rokkóperuna upp á DVD. Ég er í einu af kvenhlutverkunum í Rokkóperunni sem hann skrifaði um Jethro Tull. Hingað til hef ég, ásamt fleiri leikurum, komið fram á skjá í Rokkóperunni. Núna verðum við öll með í upptökunum fyrir DVD-diskinn.

Unnur Birna spilar á fiðlu og syngur bakraddir á Rolling Stones-tónleikum í kvöld.
MYND/GVA

FULL BÚÐ AF NÝJUM HAUSTVÖRUM Á FRÁBÆRU VERÐI

NÝTT KORTATÍMABIL

STÆRÐIR 14-28 EÐA 42-56

SKYRTA
VERÐ: 5.990 KR
STÆRÐIR 14-28

PEYSA
VERÐ: 7.990 KR
STÆRÐIR 14-28

KÓSÝ GOLLA
VERÐ: 7.990 KR
STÆRÐIR 14-28

ÚLPA
VERÐ: 12.990 KR
STÆRÐIR 14-26

PEYSUKJÓLL
VERÐ: 7.990 KR
STÆRÐIR 14-26

KJÓLL
VERÐ: 7.590 KR
STÆRÐIR 14-20

LEGGINGS
VERÐ: 3.500 KR
STÆRÐIR 12-20

BUXUR
VERÐ: 7.990 KR
STÆRÐIR 14-26

ÚLPA
VERÐ: 12.990 KR
STÆRÐIR 14-28

TOPPUR
VERÐ: 5.590 KR
STÆRÐIR 14-24

PONCHO
VERÐ: 7.990 KR
STÆRÐIR 14-26

JAKKI
VERÐ: 9.990 KR
STÆRÐI: 14-22

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ EÐA PANTAÐU Á WWW.CURVY.IS

Afgreiðslutímar í verslun okkar að Fákafeni 9

Alla virka daga frá kl.11-18
Laugardaga frá kl. 11-16

Curvy.is

Fákafeni 9, 108 RVK
Sími 581-1552 | www.curvy.is

ÓEIRÐIN HIÐ INNRA

Ljósmyndir sem fjalla um hvers kyns óeirð eru viðfangsefni sýningarinnar Þættir úr náttúrusögu óeirðar sem myndlistarmaðurinn Unnar Örn Auðarson opnar í dag í Harbinger sýningarrými.

Lilja Björk Hauksdóttir
liljabjork@365.is

Sýning listamannsins Unnars Arnar Auðarsonar, Þættir úr náttúrusögu óeirðar (On the Natural History of Unrest), í Harbinger fjallar um óeirð. Á sýningunni eru sýndar ljósmyndir sem birta óeirð af einhverju tagi. Þær sýna hvers kyns samkomur sem farið hafa fram hérlendis, mótmæli, fjöldagöngur, jafnvel hátíðir eða formlegar athafnir valdhafa. Ljósmyndirnar spanna tímabilið frá 1880 til dagsins í dag en verkið er að mestu leyti unnið upp úr heimildum af Ljósmyndasafni Reykjavíkur. „Ég hef mikið verið að skoða ljósmyndir í minni myndlist og þá aðallega myndir eftir aðra. Undanfarin tvö ár hef ég einblínt á hugtakið óeirð. Ég velti fyrir mér muninum á óeirð og óeirðum. Óeirð held ég að búi í öllum einstaklingum en óeirðir er eitthvað sem fjöldinn framkallar, kannski þar sem margir koma saman sem haldnir eru óeirð og sleppa henni lausri í einhverju formi," útskýrir Unnar.

LÝKUR PÆLINGUM UM ÓEIRÐ

Í tengslum við sýninguna gefur Unnar Örn út bók samnefnda sýningunni sem inniheldur um níutíu myndir. Hluti verka sem Unnar Örn sýnir hefur oft áður verið í formi prentaðs efnis og bætist bókin því í safn verka sem hann hefur gefið út á síðustu tíu árum. Með útgáfu bókarinnar og sýningunni í Harbinger er Unnar Örn að binda enda á pælingar sínar um óeirðina en verk með áþekku viðfangsefni voru meðal annars í sýningunum Brotabrot úr afrekasögu óeirðar: II. hluti á Listasafni ASÍ árið 2014 og á sýningunni Niðurinn í Safni Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri við Arnarfjörð árið 2015. Spurður að því hvort hann hafi komist að einhverri niðurstöðu að loknum þessum pælingum segir hann að það búi óeirð í okkur öllum. „Stundum hleypum við henni út en stundum ekki, ég held aftur á móti að það sé mjög mikilvægt að líta á þessa óeirð sem stóran hluta af því að vera manneskja og mikilvægt að geta fundið henni einhvern farveg. Óeirð er ekki einstakt dæmi heldur hluti af samhangandi sögu og það er þessi saga sem ég hef áhuga á."

Í myndum á sýningunni er beitt annarri grunntækni ljósmyndarinnar og þær sýndar negatífar. Verkin eru neikvæð, ljósi og skugga hefur verið snúið við, og gefa til kynna ástand óeirðar.

Sýning Unnars Arnar Auðarsonar, Þættir úr náttúrusögu óeirðar, verður opnuð í dag.
MYND/GVA

EIN SAMFELLD SAGA

Áhugann á þeirri sögu segir Unnar hafa kviknað þegar hann hafi skoðað ljósmyndir í gagnasöfnum og gömlum blöðum og tímaritum. „Þegar maður blaðar í gegn um þetta efni sér maður að það eru ákveðnir hlutir í borgarmenningunni sem eru sérstaklega skráðir og ljósmyndarar hafa haft mikinn áhuga á. Til dæmis hátíðarhöld og ýmiss konar mótmæli. Það er til mikið af myndum af fjöldanum, þessum hópi af fólki sem er saman kominn af einhverri ástæðu. Þegar maður rýnir í sögu hóps fólks sem maður tengir ekki endilega við skilur maður til dæmis ekki af hverju fólk hittist árið 1905 og mótmælti lagningu ritsímans en fattar svo að þetta er ein samfelld saga, saga óeirðar – þeirra sem eru á öðru máli. Þetta eru vissulega ólíkir hópar fólks og ólíkar ástæður sem liggja að baki en það er sama hugmyndin sem er til grundvallar og mikilvægt að finna óeirðinni farveg. Ég er þó ekki almennt að hvetja til beinna aðgerða þó ég telji að þær séu mjög mikilvægur hluti af því að vera til og ég held að óeirðin sé eitthvað sem fylgi manni í öllu því sem maður gerir," lýsir listamaðurinn Unnar Örn.

Sýningin verður opnuð í dag klukkan fjögur og er opin til sunnudagsins 23. október. Harbinger sýningarrými er opið fimmtudaga til laugardaga frá tvö til fimm.

Áhugaverð stjórnenda- og sérfræðistörf hjá PCC BakkiSilicon



Viltu búa og starfa í návígi við ægifagra náttúru? PCC BakkiSilicon tekur til starfa á Bakka við Húsavík síðla árs 2017. Þegar er farið að huga að fyrstu ráðningum fyrir þetta spennandi verkefni. Kísilverið verður búið nýjustu tækni til framleiðslu og verður eitt tæknivæddasta kísilver í heiminum í dag. Umhverfis- og öryggismál verða sett á oddinn og skipa mjög mikilvægan sess.

Hjá PCC BakkiSilicon verður unnið eftir jafnréttisáætlun og hvetjum við konur jafnt sem karla til að sækja um.

Umhverfis- og gæðastjóri

Umhverfis- og gæðastjóri hefur umsjón og eftirlit með gæða- og umhverfismálum fyrirtækisins. Hann sér um uppbyggingu og innleiðingu á samræmdu stjórnkerfi byggðu á ISO 9001, 14001 og OHSAS 18001. Viðkomandi sér um rekstur rannsóknarstofu og stýrir því starfi ásamt samskiptum við stjórnvöld varðandi umhverfismál. Viðkomandi þarf að vera framsýnn og hafa haldgóða reynslu af gæða- og umhverfismálum ásamt því að hafa tileinkað sér verkfæri LEAN í framleiðsluferli. Áhugi og áhersla á heilsu-, öryggis- og umhverfismál er mjög mikilvægur þáttur í þessu starfi. Viðkomandi mun hafa mannaforráð og þarf að búa yfir afburða samskiptafærni ásamt hæfni til að fá aðra með sér til góðra verka.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun í verkfræði eða önnur háskólamenntun á sviði vísinda eða tækni
- Lágmark 5 ára reynsla frá sambærilegum iðnaði
- Góð reynsla af því að hafa mannaforráð
- Þekking á verkfærum LEAN í framleiðslu
- Reynsla af HSEQ (heilsa, öryggi, umhverfi og gæði) í iðnaðarumhverfi
- Reynsla af uppbyggingu og innleiðingu á stöðugum umbótum
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Afburða samskiptahæfileikar
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku

Umsókn óskast fyllt út á www.talent.is og henni þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf, þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Umsjón með störfunum hefur Lind Einarsdóttir, lind@talent.is og í síma 552-1600.

Umsóknarfrestur er til og með 8. október nk.

Sérfræðingur í gæðakerfum og straumlínustjórnun (LEAN)

Sérfræðingur í gæðakerfum og straumlínustjórnun hefur umsjón og eftirlit með samræmdu stjórnkerfi byggðu á ISO 9001, 14001 og OHSAS 18001. Viðkomandi þarf að vera framsýnn og hafa haldgóða reynslu af gæðakerfum og straumlínustjórnun ásamt því að hafa tileinkað sér verkfæri LEAN í framleiðsluferlinu. Áhugi og áhersla á heilsu-, öryggis- og umhverfismál er mjög mikilvægur þáttur í þessu starfi.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun í verkfræði eða önnur sambærileg menntun
- Þekking á verkfærum LEAN í framleiðslu
- Reynsla af uppbyggingu og innleiðingu á stöðugum umbótum
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Afburða samskiptahæfileikar
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku

Umsjónarmaður tölvumála

Starfið felst í að tryggja rekstraröryggi tölvukerfa sem og uppsetningu ásamt notendaþjónustu. Um er að ræða umsjón með útstöðvum og netþjónum, uppsetningum og viðhaldi á þeim auk vinnu við öryggis- og aðgangsstýringar, ásamt öðrum verkefnum er tengjast starfinu.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Lágmark 3 ára reynsla af rekstri upplýsingakerfa
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Þekking og reynsla af Microsoft stýrikerfum og hugbúnaði svo sem Office 365, Microsoft Dynamics NAV og SharePoint
- Þekking og reynsla af netsamskiptum og Cisco netbúnaði
- Frumkvæði, sjálfstæði og ögun í vinnubrögðum
- Góðir samstarfshæfileikar og rík þjónustulund

Verkefnastjóri bókhalds

Verkefnastjóri bókhalds hefur umsjón með bókun reikninga, uppgjöri á virðisaukaskatti og afstemmingum. Hann kemur að uppgjörsmálum og vinnur náið með öðrum starfsmönnum fjármáladeildar.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Góð reynsla af bókhaldi og skilum til endurskoðanda
- Almenn tölvufærni
- Talnagleggni
- Færni í mannlegum samskiptum
- Sveigjanleiki og sjálfstæði í starfi

Verkefnastjóri viðhaldsmála

Verkefnastjóri viðhaldsmála heldur utan um skipulagningu viðhalds í nánu samstarfi við framleiðslu- og viðhaldsteymi. Meðal verkefna er að áætla notkun á tíma, varahlutum, efni og öðrum búnaði sem þarf til viðhaldsverka. Lögð verður áhersla á fyrirbyggjandi viðhald og þarf viðkomandi að vera framsýnn og afburða skipulagður. Áhugi og áhersla á heilsu-, öryggis- og umhverfismál er mjög mikilvægur þáttur í þessu starfi.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Nám í vélfræði, iðnfræði, vélvirkjun eða sambærilegt
- Þekking og reynsla af verkefnastjórnun
- Reynsla af skipulagningu viðhalds og áætlanagerð
- Góð enskukunnátta
- Góð tölvukunnátta
- Góð kostnaðarvitund
- Frumkvæði, sjálfstæði og ögun í vinnubrögðum

lind@talent.is bryndis@talent.is

TALENT RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF
www.talent.is | talent@talent.is

RARIK

RARIK - sérfræðingur í Orkuviðskiptahóp

RARIK ohf. er hlutafélag í eigu ríkisins með meginstarfsemi í dreifingu raforku auk þess að reka fimm hitaveitur.

Starfsmenn RARIK eru um 200, aðalskrifstofa er í Reykjavík og um 20 starfsstöðvar eru dreifðar vítt og breitt um landið

Upplýsingatæknideild sinnir rekstri og þróun vél- og hugbúnaðar RARIK, þar á meðal rekstri viðskiptakerfis fyrirtækisins í nánu samstarfi við tækni- og fjármálasvið fyrirtækisins og sinna 8 starfsmenn þessum verkum.

Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess ***www.rarik.is***

RARIK óskar eftir að ráða sérfræðing inn í Orkuviðskiptahóp Upplýsingatæknideildar. Leitað er að drífandi og metnaðarfullum einstaklingi til að taka þátt í innleiðingu, þróun og rekstri á nýju Orkuviðskiptakerfi innan Dynamics Ax. Um er að ræða fullt starf og er starfsstöðin í Reykjavík.

Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Þátttaka í þróun og rekstri orkuviðskiptakerfis
- Þátttaka í innleiðingu á nýju kerfi innan Dynamics Ax
- Samskipti við ytri aðila og starfsmenn Rarik
- Skýrslugerð

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Viðskiptamenntun ásamt þekkingu á upplýsingatækni eða kerfisfræði-/ tölvunarfræðimenntun með viðskiptaþekkingu
- Reynsla á sviði viðskipta og/eða upplýsingatækni er æskileg
- Reynsla af innleiðingu nýs kerfis er æskileg
- Þekking og reynsla af Dynamics Ax
- Nákvæmni og skipulag í vinnubrögðum
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Jákvæðni og góðir samstarfshæfileikar

Nánari upplýsingar veita Helga Rún Runólfsdóttir (helga@intellecta.is) og Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 3. október. Farið verður með allar fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is *og henni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf.*

Intellecta Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir



Sérfræðingur í Vinnslu- og aðgangsstjórn

Upplýsingatæknideild Landsbankans leitar að áhugasömum aðila í starf sérfræðings í Vinnslu- og aðgangsstjórn sem tilheyrir UT Rekstri. Meginhlutverk UT Reksturs er markviss uppbygging og rekstur á tölvukerfum Landsbankans til að tryggja öruggt aðgengi viðskiptavina og starfsmanna að kerfum og gögnum.

Helstu verkefni

- Daglegur rekstur á runu-vinnslum
- Aðgangsstýring starfsmanna að tölvukerfum bankans
- Starfsfólk í Vinnslu- og aðgangsstjórn skiptir með sér bakvöktum

Hæfnis- og menntunarkröfur

- Kerfisfræði eða önnur tölvumenntun
- Þekking og reynsla af rekstri á runuvinnslum og rekstrar-umhverfi tölvukerfa
- Reynsla af aðgangsstýringu er kostur
- Skipulagshæfni og öguð vinnubrögð

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veita Ragnheiður Steinsen, hópstjóri Vinnslu- og aðgangsstjórnar, í síma 410 7022 og Berglind Ingvarsdóttir hjá Mannauði í síma 410 7914.

Umsókn merkt *Sérfræðingur í Vinnslu- og aðgangsstjórn* fyllist út á vef bankans, landsbankinn.is. Umsóknarfrestur er til og með 6. október nk.

Jafnlaunaúttekt
PwC

Starfsmaður á lager

Ísfell ehf. óskar eftir að ráða starfsmann á lager Ísfells í Hafnarfirði
Ísfell er eitt öflugasta fyrirtæki á sviði veiðarfæraþjónustu á Íslandi.

Fyrirtækið rekur alhliða heildsölu með útgerðar-, björgunar- og rekstrarvörur að Óseyrarbraut 28 í Hafnarfirði. Að auki rekur Ísfell veiðarfæragerðir á sjö stöðum á landinu. Sterk staða fyrirtækisins markast helst af góðu úrvali af gæðavörum, áreiðanleika gagnvart viðskiptavinum og frábæru starfsfólki með góða þekkingu á sviði veiðarfæra, útgerðar-, björgunar- og rekstrarvörur.

Starfslýsing
- Almenn lagerstörf

Hæfniskröfur
- Reynsla af lagerstörfum
- Lyftarapróf er kostur
- Meirapróf er kostur
- Þekking á sjávarútvegi er kostur

Umsóknarfrestur er til mánudagsins 3.október næstkomandi
Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigurður Rúnar Baldursson lagerstjóri, s. 5 200 519 / 664 0519
Umsóknir um starfið óskast sendar á netfangið katrin@isfell.is

ÍSFELL

Ísfell ehf • Óseyrarbraut 28 • 220 Hf • Sími 5200 500 • isfell@isfell.is

ERT ÞÚ REYNSLUBOLTI Í SMUR- OG DEKKJAÞJÓNUSTU?

Bílaleiga Flugleiða ehf. Hertz auglýsir eftir starfsmanni á viðhaldssvið fyrirtækisins.

Hæfniskröfur
- Reynsla af smur- og dekkjaþjónustu er skilyrði
- Meirapróf er kostur
- Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst
- Um framtíðarstarf er að ræða.

Áhugasamir sendi inn umsókn á www.hertz/atvinna
Umsóknarfrestur er til 3. október n.k.

Hertz®

SELHELLA 5 | 221 HAFNARFJÖRÐUR | SÍMI 522 44 00

Vegna aukinna umsvifa, leitum við eftir góðu starfsfólki á ýmis svið fyrirtækisins. Ef þú vilt starfa hjá sívaxandi, fjölbreytilegu og traustu fyrirtæki þá hvetjum við þig til að leggja inn umsókn hjá okkur á https://www.hertz.is/atvinna

ADMINISTRATIVE ASSISTANT
(TEMPORARY 3 YEARS PROJECT)

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir tímabundna stöðu Administrative Assistant lausa til umsóknar.

Umsóknarfrestur er til **30. september, 2016**.
Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins:
http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the temporary full time position of Administrative Assistant. The closing date for this postion is **September 30, 2016.** Application forms and further information can be found on the Embassy's home page:
http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html

Please send your application and resumé to :
reykjavikvacancy@state.gov

Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Hjúkrunarfræðingur	Heilsugæslan Grafarvogi	Reykjavík	201609/1256
Sérfræðilæknir	Landspítali, bráðadeild	Reykjavík	201609/1255
Yfirlæknir meltingarlækninga	Landspítali, lyflækningasvið	Reykjavík	201609/1254
Hjúkrunarfræðingur	Landspítali, taugalækningadeild	Reykjavík	201609/1253
Hjúkrunarfræðingar	Landspítali, blóð-/krabbameinslækn.	Reykjavík	201609/1252
Hjúkrunarfræðingar og ljósmæður	Landspítali, vökudeild, Barnaspítali	Reykjavík	201609/1251
Fangaverðir	Fangelsismálastofnun, Hólmsheiði	Reykjavík	201609/1250
Hjúkrunarfræðingar	Landspítali, gjörgæsla við Hringbraut	Reykjavík	201609/1249
Skrifstofumaður á lager	Landspítali, skurðstofur	Reykjavík	201609/1248
Eftirlitsmenn, véla- og tækjaeftirlit	Vinnueftirlitið	Suðurnes	201609/1247
Fagstjóri lækninga	Heilsugæslan Mosfellsumdæmi	Mosfellsbær	201609/1246
Svæfingahjúkrunarfræðingur	Landspítali, svæfingadeild Fossvogi	Reykjavík	201609/1245
Verkefnastjóri	Landspítali, göngudeild BUGL	Reykjavík	201609/1244
Námsstöður í skurðlækningum	Landspítali	Reykjavík	201609/1243
Lektor í íslenskri málfræði	Háskóli Íslands, ísl.- og menningard.	Reykjavík	201609/1242
Embætti safnstjóra	Listasafn Íslands	Reykjavík	201609/1241
Verkefnastjóri	Nýsköpunarmiðstöð Íslands	Sauðárkrókur	201609/1240

Íslensk verðbréf

Sérfræðingur í sérhæfðum fjárfestingum

ÍSLENSK VERÐBRÉF
síðan 1987

Íslensk verðbréf hf. leitar að sérfræðingi í sérhæfðum fjárfestingum á starfsstöð félagsins í Reykjavík. Viðkomandi mun starfa í teymi sérhæfðra fjárfestinga við greiningar á fyrirtækjum og fjárfestingakostum, eftirfylgni fjárfestinga, ásamt upplýsingagjöf og skýrslugerð til fjárfesta. Leitast er eftir aðila sem býr yfir öguðum og góðum vinnubrögðum, afbragðs færni í framsetningu upplýsinga ásamt brennandi áhuga á íslensku atvinnulífi.

Umsóknarfrestur
2. október

Upplýsingar og umsókn
capacent.is/s/3737

Starfssvið
- Greining fjárhagsupplýsinga og fjárfestingakosta
- Gerð verðmata
- Skýrslugerð til fjárfesta og sjóðsstjóra
- Eftirfylgni og vöktun fjárfestinga

Hæfniskröfur
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Mjög góð þekking og færni í Microsoft Office
- Gott vald á íslensku og ensku
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Greiningarhæfni, vandvirkni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð þekking á íslensku atvinnulífi

Íslensk verðbréf eru sérhæft eignastýringarfyrirtæki stofnað 1987 sem sinnir viðskiptavinum um allt land. Starfsmenn búa yfir mikilli reynslu og þekkingu á verðbréfamarkaði samfara fjölbreyttri menntun. Íslensk verðbréf eru með starfsstöði á Akureyri sem og í Reykjavík.

Umsóknir verða unnar um leið og þær berast og því eru áhugasamir hvattir til að sækja um sem fyrst.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

Kerfisrekstur - Linux og fleira

Spennandi tækifæri í boði og miklir framtíðarmöguleikar fyrir einstaklinga sem njóta sín í krefjandi verkefnum. Tölvunarfræðingar eða verkfræðingar með reynslu af kerfisrekstri eru sérstaklega áhugaverðir. Verkefnin eru í alþjóðlegu umhverfi og góð enskukunnátta mikilvæg.

Sjá nánar á www.intellecta.is.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is

OKKUR VANTAR MIKILVÆGA HLEKKI Í KEÐJUNA

Landspítali auglýsir m.a. eftirtalin störf laus til umsóknar:

- Yfirlæknir meltingalækninga á lyflækningasviði
- Sérfræðilæknir í bráðalækningum á bráðadeild
- Námsstöður í skurðlækningum við Landspítala
- Hjúkrunarfræðingur á dag- og göngudeild blóð- og krabbameinslækninga
- Hjúkrunarfræðingur á gjörgæslu við Hringbraut
- Hjúkrunarfræðingur á taugalækningadeild
- Hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir á Vökudeild Barnaspítala Hringsins
- Sveffingahjúkrunarfræðingur á sveffingadeild í Fossvogi
- Skrifstofumaður á lager á skurðstofum
- Verkefnastjóri á göngudeild BUGL (barna- og unglingageðdeildar)

Ef þú hefur áhuga á að takast á við krefjandi starf í líflegu og skemmtilegu umhverfi þá erum við að leita að þér.

Nánari upplýsingar á heimasíðu Landspítala;
www.landspitali.is/mannaudur og Starfatorgi; www.starfatorg.is

Landspítali er lifandi og fjölbreyttur vinnustaður þar sem yfir 5000 manns starfa í þverfaglegum teymum og samstarfi ólíkra fagstétta. Framtíðarsýn Landspítala er að vera háskólasjúkrahús í fremstu röð þar sem sjúklingurinn er ávallt í öndvegi. Lykiláherslur í stefnu spítalans eru öryggismenning, skilvirk og vönduð þjónusta, uppbygging mannauðs og stöðugar umbætur.

LANDSPÍTALI

UMHYGGJA ▪ FAGMENNSKA ▪ ÖRYGGI ▪ FRAMÞRÓUN

ICELAND RECRUITMENT
Your key to Iceland recruitment

Breskir smiðir, kranamenn, JCB vélamenn tilbúnir til vinnu um allt Ísland.

alan@icelandrecruitment.is Alan s. 775 7336

Nám í áfengis- og vímuefnaráðgjöf

Lausar eru til umsóknar stöður nema í áfengis- og vímuefnaráðgjöf við Sjúkrahúsið Vog. Starfshlutfall er 100%.

Helstu verkefni og ábyrgð
Námið fer fram á heilbrigðisstofnunum SÁÁ þar sem áfengis- og vímuefnaráðgjafanemar fá starfs- og náms-aðlögun auk kennslu. *Sjá nánar námskrá: http://saa.is/grein/um-afengis-og-vimuefnaradgjafa-saa/*

Hæfniskröfur
- Stúdentspróf æskilegt.
- Góð færni í mannlegum samskiptum og skipulögð vinnubrögð.

Kjör fara eftir kjarasamningi SÁÁ og SFR. Umsóknum skal skilað á Sjúkrahúsið Vog, Stórhöfða 45, 110 Reykjavík eða í tölvupósti á: hjalti@saa.is

Nánari upplýsingar veitir
Hjalti Björnsson, dagskrárstjóri
s. 8247620, netfang: hjalti@saa.is

SÁÁ

Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

Menntasvið
- Starfsmaður í Sundlaug Kópavogs – karl
- Frístundaleiðbeinandi

Leikskólar
- Leikskólakennari í leikskólann Austurkór
- Leikskólakennari í leikskólann Marbakka
- Deildarstjóri í leikskólann Núp

Grunnskólar
- Starfsmenn í dægradvöl í Kársnesskóla
- Forfallakennari í Salaskóla
- Skólaliði í ræstingu og gangavörslu í Snælandsskóla
- Starfsmaður í dægradvöl í Vatnsendaskóla

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is, þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.

Kópavogsbær
kopavogur.is

Bílstjóri óskast

AKUREYRI – BORGARNES - AKUREYRI

Óskum eftir bifreiðastjóra í fullt starf til þess að sjá um akstur strætó **milli Akureyrar og Borgarnes.**

Hæfniskröfur:
- D réttindi (rútupróf)
- Rík þjónustulund og góð mannleg samskipti
- Hreint sakavottorð

HÓPBÍLAR

www.hopbilar.is

Upplýsingar um starfið og móttöku umsókna veita:
Ágúst, gusti@hopbilar.is s. 822-0073
Hildur, hildur@hopbilar.is s. 822-0069

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

www.hagvangur.is

Viðskiptastjóri

Öflugt ráðgjafarfyrirtæki leitar að söludrifnum viðskiptastjóra.

Hlutverk viðskiptastjóra er að sinna helstu viðskiptavinum fyrirtækisins m.t.t. þarfa og lausna í upplýsingatæknimálum. Viðskiptastjóri ber ábyrgð á öllum samskiptum við núverandi viðskiptavini ásamt þróun nýrra viðskiptasambanda.

Við viljum ráða einstakling með brennandi áhuga á því nýjasta í upplýsingatæknimálum, sterkt tengslanet, háskólamenntun á viðeigandi sviði og mikla þjónustulund.

Viðkomandi þarf að vera söludrifinn, hugmyndaríkur og óhræddur við að sækja ný viðskipti.

Upplýsingar veitir:
Sverrir Briem
sverrir@hagvangur.is
Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is
Umsóknarfrestur er til og með 3. okt nk.
Fullum trúnaði heitið.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

LANDSPÍTALI

Landspítali er lifandi og fjölbreyttur vinnustaður þar sem fleiri en 5.000 manns starfa í þverfaglegum teymum og samstarfi ólíkra fagstétta. Framtíðarsýn Landspítala er að vera háskólasjúkrahús í fremstu röð þar sem sjúklingurinn er ávallt í öndvegi. Lykiláherslur í stefnu spítalans eru öryggismenning, skilvirk og vönduð þjónusta, uppbygging mannauðs og stöðugar umbætur.

Deildarstjóri samskiptadeildar

Landspítali auglýsir eftir öflugum einstaklingi með mikla reynslu af samskipta- og kynningarmálum til að leiða samskiptadeild spítalans. Hlutverk samskiptadeildar er að móta og innleiða stefnu um innri og ytri samskipti og skipuleggja virka upplýsingamiðlun um stefnu og starfsemi spítalans, þ.m.t. innri og ytri vefmál.

Leitað er að kraftmiklum einstaklingi með mikinn metnað fyrir hönd spítalans og þekkingu á og reynslu af starfssviðinu. Starfið er krefjandi, í því felst mikil ábyrgð og verulega reynir á frumkvæði, stefnumótandi hugsun og samskiptahæfileika.

Starfssvið:
- Fagleg forysta um ytri og innri samskiptamál spítalans
- Stefnumótun, innleiðing stefnu og samhæfing í samskipta- og kynningarmálum
- Yfirumsjón með ytri vef, innri vef og samfélagsmiðlum
- Fjölmiðlatengsl og stuðningur við talsmenn spítalans
- Umsjón með stærri viðburðum og útgáfu á vegum spítalans
- Umsjón með framleiðslu á kynningarmyndböndum
- Rekstur og stjórnun samskiptadeildar

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Reynsla af almannatengslum og kynningarmálum
- Reynsla af stjórnun og teymisvinnu
- Góð þekking á íslensku fjölmiðlaumhverfi
- Góð þekking á vefumsjón, vefþróun og samskiptamiðlum
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Jákvætt lífsviðhorf og framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Góð íslenskukunnátta og hæfni í tjáningu í ræðu og riti
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi

Upplýsingar veitir:
Leifur Geir Hafsteinsson
leifurgeir@hagvangur.is
Sótt er um starfið rafrænt á www.landspitali.is, undir „Laus störf“. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Umsóknarfrestur er til og með 10. okt. nk.

Ráðið verður í starfið frá og með 1. desember 2016 til 5 ára.
Laun eru samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Um er að ræða fullt starf. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

Landsvirkjun

Við leitum að **framúrskarandi** fólki

Landsvirkjun er rótgróið fyrirtæki í örri þróun. Við vinnum með virkum hætti að uppbyggingu í orkumálum og viðskiptalífi og viljum vera í fararbroddi við að móta ný tækifæri á þessum sviðum. Hjá okkur starfar hópur metnaðarfulls starfsfólks með ólíka menntun og fjölbreytta starfsreynslu.

Verkefnisstjóri
Þróun gestastofa

Við óskum eftir að ráða útsjónarsaman og skipulagðan starfskraft til að ganga til liðs við samskiptasvið fyrirtækisins og leiða rekstur og þróun gestastofa. Í starfinu felst einnig að þróa tækifæri til samstarfs við ferðaþjónustuaðila um land allt.

Allt rafmagn á Íslandi er unnið úr endurnýjanlegum orkugjöfum; vatni, jarðvarma og vindi. Þetta er einn þeirra fjölmörgu þátta sem skapa Íslandi sérstöðu á heimsmælikvarða og býður þar af leiðandi upp á ótal tækifæri. Árlega heimsækja yfir 30 þúsund innlendir og erlendir ferðamenn gestastofur í aflstöðvum Landsvirkjunar.

Sótt er um starfið á vef Capacent, capacent.is.

Nánari upplýsingar veita Hilmar Garðar Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Sturla Jóhann Hreinsson (sturla.johann.hreinsson@landsvirkjun.is).

Sérfræðingur
Mývatnssvæði

Um er að ræða stöðu sem snýr að fjölbreyttum viðhalds- og rekstrarverkefnum um endurbætur, innkaup og utanumhald búnaðar auk lagerhalds. Viðkomandi ber ábyrgð á að viðhaldsstefnu Landsvirkjunar sé framfylgt og að verk séu faglega unnin ásamt því að hafa umsjón með gæða-, umhverfis- og öryggismálum á svæðinu.

Sótt er um starfið á vef Capacent, capacent.is.

Nánari upplýsingar veita Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) og Þóra María Guðjónsdóttir (thora.maria.gudjonsdottir@landsvirkjun.is).

Verkefnisstjóri
Umhverfis- og samfélagsmál

Starfið er á Þjórsársvæði og í því felast fjölbreytt verkefni á sviði umhverfis-, heilbrigðis-, gæða- og samfélagsmála. Viðkomandi vinnur að eftirliti, gagnaöflun og kynningu á niðurstöðum úr mælingum og rannsóknum í þessum málaflokkum. Verkefnisstjóri annast eftirlit með ytri og innri kröfum vegna starfsleyfis aflstöðva á Þjórsársvæði og hefur umsjón með að þeim sé framfylgt. Verkefnisstjórinn hefur auk þess umsjón með samskiptaáætlun Þjórsársvæðis og fylgir eftir samskiptum við eftirlits- og hagsmunaaðila ásamt því að hafa umsjón með kynningarefni og móttöku gesta.

Sótt er um starfið á vef Capacent, capacent.is.

Nánari upplýsingar veita Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Þóra María Guðjónsdóttir (thora.maria.gudjonsdottir@landsvirkjun.is).

Stöðvarverðir
Mývatnssvæði

Landsvirkjun leitar að tveimur einstaklingum; vélfræðingi og rafvirkja, til starfa á Mývatnssvæði. Í störfunum felst umsjón með rekstri aflstöðva og veitumannvirkja við Kröflu, Bjarnarflag og Þeistareyki auk eftirlits og viðhalds aflstöðva. Stöðvarverðir vinna markvisst að því að efla rekstraröryggi og hagkvæmni ásamt því að hafa umsjón með að öryggiskröfum Landsvirkjunar og annarra opinberra aðila sé framfylgt.

Sótt er um starfið á vef Landsvirkjunar, www.landsvirkjun.is.

Nánari upplýsingar veitir Þóra María Guðjónsdóttir (thora.maria.gudjonsdottir @landsvirkjun.is).

Stöðvarvörður
Blöndustöð

Landsvirkjun óskar eftir að ráða vélfræðing til að annast rekstur, eftirlit og viðhald aflstöðva og veitumannvirkja við Blöndustöð. Í starfinu felst meðal annars vinna við aukið rekstraröryggi og hagkvæmni í rekstrinum. Stöðvarvörður hefur einnig eftirlit með því að öryggiskröfum Landsvirkjunar og annarra opinberra aðila sé framfylgt.

Loftkæling og CD magasín. Á 15" álfelgum og góðum ónelgdum vetrardekkjum. Nýkominn úr smurningu og skoðaður 2017. Búið að skipta um tímareim og nýtt í bremsum að aftan.Verð: 700.000 kr. Uppl. í s: 6962254



Honda CRV executive 05'16. Bensín. Ek. 4þ.km. Ásett verð 6.390.000. S. 8961931



Skoda Octavia RS '07. Ek.124þ.km. Ný tímareim og vatnsdæla. V. 1.890þ. S: 6118799

Renault Kangoo 2005 Ný skoðaður án athugasemda, ný tímareim, nýjar bremsur o.fl. ekinn 152.000. bíll í góðu standi! S:842-2535

Nissan Almera 1996 Ný skoðaður án athugasemda, ekinn 185.000 Fæst fyrir lítið. S:842-2535

Toyota Land cruiser GX árg. 2013. Ekinn 79.000 km, verð 7.800þ Ath skipti ódýrari. Uppl. s 696 9503

Bílar óskast

BÍLL ÓSKAST Á 25-250PÚS.
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

Fornbílar



Lincoln Town Car. Árg. 1989. Gott eintak. Tilboð óskast, eða skipti. Uppl í s. 869 3869

Hópferðabílar

Til sölu: MB. 404 árg. 1996, ek. 670 þ. 55 +1 +1 farþega bíll í góðu standi. Uppl. í S. 892 8888

Húsbílar

rotor.is

Dótabúð

Rótor ehf, s. 5554900
Helluhrauni 4, H.f

Hjólbarðar

VAKA

FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

VETRARDEKK STÆRÐ 235-55-R19

NOKIAN harðkorna vetradekk. Verð kr. 120þús. kosta ný kr. 280þús. Mjög lítið slitin. Uppl. í s. 897-3464

ÞJÓNUSTA

Bókhald

Bókhald - Bókhald
Laun - skattframtöl.
Stjornun.is - Ármúla 38
Sími 566-5555 & 868-5555

Öll bókhaldsþjónusta á einum stað. Frí stofnun fyrirtækja. MD bókhald ehf. sími 616-9480

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

REGNBOGALITIR

Alhliða málningarþjónusta.Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Vönduð vinna góð umgengni. malarar@simnet.is og s 891 9890

Inni og útimálun - fagmennska og vönduð vinnubrögð. Fáðu frítt tilboð og gerðu verðsamanb. S:8587531

til sölu

GLUGGA GERÐIN

Gamli glugginn úr,
nýi glugginn í
...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Súðarvogur 5 • Sími 566-6630 • gluggagerdin@gluggagerdin.is

Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

Er vandamál með neysluvatnið?
Við ástandsskoðum, hreinsum og fóðrum neysluvatnslagnir.

HREINAR LAGNIR

Varanlega vörn gegn tæringu, ryðmyndun, stíflu og leka.
S: 519-6480
hreinarlagnir.is

Rennismíði • Nýsmíði • Viðhald
Smíðum úr:
Ryðfríustáli • Áli • Járni

MANNBERG ehf
Vélsmiðja

www.mannberg.is • mannberg@mannberg.is
Akralind 1 • 201 Kópavogi • Sími 564 2002

Öryggismyndavél fyrir sumarbústað og heimili.

Tekur venjulegt GSM SIM kort,
Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
SMS og MMS viðvörun í síma og netfang.
Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.
Getur tengst blikkljósi og sírenu. Stýrist með appi.
Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is

Málarar

LITASKIL EHF
Við hjá Litaskil ehf getum bætt við okkur inniverkum fyrir veturinn. Lökkun, spörtlun eða endurmálun. Vanir öllu. S. 8410490- Jón málari

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

SMIÐSKRAFTUR EHF.

NÝSMÍÐI OG VIÐHALD.
Getum bætt við okkur verkefnum gipsvinna, parketlagnir og allt almennt viðhald.
Uppl. í s. 663 3944 Ingi
smidskraftur@gmail.com

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

KEYPT & SELT

Til sölu

myranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

STUBBASTANDAR - STUBBAHÓLKAR
Bæði frístandandi og á vegg S:842-2535

HUMARSALAN

SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI
Heimsending. www.humarsalan.is
Pöntunarsími: 8676677

Mahony bílskúrshurð til sölu í umbúðunum. Breidd: 242 cm hæð: 226 cm. Uppl í s: 8640101

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is
s. 552-4910.

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
Opið mán - fös 11-16, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)
Upplýsingar í síma 782 8800

Hljóðfæri

HYUNDAI PÍANÓ + LEÐUR STÓLL
HYUNDAI píanó til sölu, ásamt bólstruðum leður stól. Verð 220þús eða tilboð. Uppl. í s. 663 3313 / 863 4291

RÖSLER PÍANÓ
Til sölu Rösler píanó. Brúnt pólerað. Vel með farið. Verð kr. 120þ. S. 6152970

Vélar og verkfæri

Ýmislegt

Smíðastál til sölu. I-bitar 18x9 cm. H-bitar 14x14 cm. Heildregin rör þvermál 7,6 cm. 4 stk Dekk 205/15R15 M+S. 4 stk dekk 195/65R15. s:8689170

Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Barnavörur

VAGNSTYKKI, KERRUSTYKKI OG SKIPTITASKA
Verð frá kr. 99.900. Barnið Okkar Hlíðasmára 4, 201 Kóp. Barnidokkar.is

Dýrahald

Hreinræktaðir ættbókarfærðir labrador hvolpar til sölu. Uppl. í s. 8462628. Hetju labrador á fb.

Húsnæði í boði

EINBÝLISHÚS Í 108 R.VÍK
(EINKAHEIMILI MEÐ ÖLLUM BÚNAÐI)

TIL LEIGU
FRÁ 3. NÓV. 2016 TIL 20. APRÍL 2017.
Einungis 100% reglufólk kemur til greina.

Uppl. í síma: 845 2822.

TIL LEIGU Á NÝBÝLAVEGI
150 fm verslunar og lager húsnæði

430 fm atvinnuhúsnæði

285 fm Kistumelur 14

Hafsteinn 690 3031

LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

TIL LEIGU NÝLEGT 285 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK
285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000

Húsnæði óskast

Verktakafyrirtæki óskar eftir íbúðum fyrir starfsmenn á Suðurnesjum. Leigutími 15/10-31/3 2017. Tryggar greiðslur. Uppl. í s. 840-0609

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

Bílskúr

Til leigu 23 fm bílskúr í Álftamýri. Langtímaleiga. Umsóknir sendist á siggi7149@gmail.com eða s. 004798664627

Atvinna í boði

PERSÓNULEGUR AÐSTOÐARMAÐUR
Óskum eftir að ráða persónulegan aðstoðarmann fyrir hressan og skemmtilegan 18 ára hreyfihamlaðan pilt. Starfið felst í að aðstoða hann við flestar athafnir daglegs lífs og hjálpa honum við að sinna sínum áhugamálum, eins og að fara á tónleika, kvikmyndahús, kaffihús, sund o.fl. Getur hentað vel sem aukavinna með skóla. Einnig kemur til greina að ráða í stærra starfshlutfall eða eftir samkomulagi. Starfið veitist nú þegar. Persónlegur aðstoðarmaður þarf að vera heiðarlegur, áreiðanlegur, þolinmóður, hvetjandi og með ríka þjónustulund. Sveigjanleiki og sjálfstæði í vinnubrögðum í starfi er nauðsynlegur. Bílpróf nauðsynlegt.

Umsóknir ásamt ferilskrá og meðmælum sendist á birngud@hotmail.com

SÓLAR

SÓLAR EHF
Óskum eftir hressu fólki í ræstingarvinnu í Hafnarfirði. Nánari uppl á skrifstofu Sólar Kleppsmýrarveg 8, 104 R milli 10-16. We are looking for people for cleaning jobs. More info at Sólar office Kleppsmýrarveg 8, 104 R between 10-16. Must speak icelandic or english.

HANDVERK Í HÁVEGUM HAFT · KORNIÐ · BAKARÍ

Starfsfólk vantar í hlutastörf í bakaríið okkar á Tjarnavöllum. Vinnutími 07-12:30 og 12:30-18. 18 ára og eldri. Íslensku kunnátta skilyrði. Umsóknir sendist á umsokn@kornid.is

KJÖTSMIÐJAN EHF.
óskar eftir að ráða starfskraft í hlutastarf. Starfið felst m.a í því að sjá um mötuneyti, þvott og ýmislegt fleira tilfallandi.
Áhugasamir vinsamlega sendið póst á netfangið birgir@kjotsmidjan.is ásamt ferilsskrá.

VÉLSTJÓRI 3000 HÖ
Óska eftir vélstjóra til afleysingar frá 03. okt 01. nóv 2016. Uppl. sendist á johann@bjorgun.is

PLASTVIÐGERÐIR Grétars www.plastvidgerdir.is

ÚTKEYRSLA OG FL.
Óskum eftir stundvísum og áreiðanlegum starfskrafti til aðstoðar á verkstæði okkar 4 - 6 tíma á dag. Fjölbreytt starf sem hentar jafnt körlum sem konum á öllum aldri, möguleiki á sveigjanlegum vinnutíma. Fyrirtækið er sérhæft í viðgerðum á plasthlutum í bíla og fleira fyrir einstaklinga og bílaverkstæði.

Starfslýsing:

- Almenn sendlastörf, sækja og senda varahluti og fl. (léttir hlutir)
- Aðstoð í móttöku við símsvörun og afgreiðslu viðskiptavina
- Skráning verkefna, tölvupóst og sms samskipti
- Ýmis tilfallandi aðstoð á verkstæði

Áhugasamir hafi samband við Grétar í s. 8937913 eða með tölvupósti : gretar@plastvidgerdir.is

Plastviðgerðir Grétars

Skemmuvegi 4 200 Kópavogi

KÖKUHORNIÐ
Röskur starfskraftur óskast sem fyrst í afgreiðslustarf í bakarí okkar í Bæjarlind. Æskilegt er að viðkomandi sé 20 ára eða eldri. Íslenskukunnátta skilyrði. Framtíðarstarf.
Uppl. gefur Gréta í s. 867 1433 eða senda á kokuhornid@kokuhornid.is

Gröfumaður óskast, aðeins vanir menn. Einnig verkamenn vanir jarðvinnu. Uppl.eftir kl. 17 í s. 8521910

KAFFI MILANO FAXAFENI 11
Starfsfólk óskast í fullt starf (dagvinna). Sendið uppl. á milano@simnet.is

Yfirvélstjóra vantar á 60 tonna dragmótarbát sem rær frá Þorlákshöfn og Grindavík til lok oktobers. Uppl. í s. 847 8182

Atvinna óskast

Hraustur, pólskur maður, 30 ára, talar góða ensku, óskar eftir verkamannavinnu, t.d. í byggingaiðnaði. Pawel S. 692-9002

Tapað - Fundið

GIFTINGARHRINGS SAKNAÐ
Týndist á ferðalagi um Suðaustur- og Austurland milli 22. og 31. ágúst 2015. Mögulega í sturtum/búningsklefum fyrir heita potta eða á gistiheimili. Hringurinn (smíðaður úr fjórum minni hringjum, 3 úr silfri og 1 úr gulli) tilheyrði karlmanni sem lést í fjallgöngu nálægt Seyðisfirði í september árið 2015. Hringurinn er ekkjunni mikils virði.

Fundarlaun. Hafið samband við Jón Bjarna í síma 6636817

Einkamál

SÍMADÓMUR 908 1666
Við erum mjög heitar, langar til að heyra í þér. 100% trúnaður.

atvinna

Langar þig að vinna á fjörugum vinnustað?

Við leitum að þjónustufúsu fólki í afgreiðslu og önnur tilfallandi störf á þjónustustöðvar okkar um land allt. Unnið er á vöktum.

Viðkomandi þurfa að vera liprir í mannlegum samskiptum og eiga auðvelt með að vinna í hóp. Reynsla af þjónustustörfum er kostur.

Áhugasamir sæki um á **www.n1.is** – merkt framtíðarstörf.

Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um starfið.

Framúrskarandi fyrirtæki · Jafnlaunavottun VR · N1

skemmtanir

RELAX - ENJOY - EXPERIENCE



MYVATN NATURE BATH

- WELCOME TO MÝVATNSSVEIT -

www.jardbodin.is · phone +354 464 4411 · info@jardbodin.is

Hrein náttúra á sinn þátt í því hvað kjötið er bragðgott.

Fjöldi veitingastaða er í samstarfi við Markaðsráðið og salan hefur aukist.

Ýmsar ullarafurðir eru merktar merkinu góða sem vísar til sérstöðu íslensku kindarinnar.

Íslensk sauðfjárrækt er í úrvalsdeild

Tvö mikilvæg verkefni eru í vinnslu hjá Markaðsráði kindakjöts um þessar mundir í samvinnu við íslenska sauðfjárbændur. Annars vegar markaðssetning sauðfjárafurða til erlendra ferðamanna sem hefur gengið vel og hins vegar undirbúningur vegna alþjóðlegrar vottunar.

Markaðsráð kindakjöts vinnur um þessar mundir að tveimur afar þörfum verkefnum í samvinnu við íslenska sauðfjárbændur. Annars vegar er það verkefni er snýr að markaðssetningu íslenskra sauðfjárafurða undir einu merki til erlendra ferðamanna hér á landi. Hins vegar er unnið hörðum höndum að því að fá ýmsar alþjóðlegar vottanir á sérstöðu, sjálfbærni og hreinleika íslensku sauðkindarinnar og afurðanna.

Að sögn Svavars Halldórssonar, framkvæmdastjóra Markaðsráðs kindakjöts, eru mörg tækifæri fram undan í greininni og eiga þau bæði við sölu ýmissa afurða hér landi og á erlendum mörkuðum.

„Átakið varðandi erlenda ferðamenn hér á landi hófst þannig að við gerðum ítarlegar rannsóknir og greiningar á því hvernig til hefði tekist víða erlendis varðandi markaðssetningu ýmissa afurða sem eru með einhverja sérstöðu. Þar má t.d. nefna ítölsk vín, franska osta og fleiri dæmi. Í kjölfarið létum við útbúa merki sem vísar til sérstöðu íslensku kindarinnar sem notað er til að merkja ýmsar sauðfjárafurðir og þau fyrirtæki sem bjóða upp á þær.“

Góður árangur

Í upphafi var unnið með um 60 veitingastöðum og nokkrum af stærstu ullarvörufyrirtækjum landsins. „Þá eru ullarpeysur og aðrar skyldar afurðir merktar þessu merki og skilti fest utan á þá veitingastaði sem eru með í átakinu. Sala á lambakjöti á þeim stöðum sem taka

Svavar Halldórssonar er framkvæmdastjóri Markaðsráðs kindakjöts. MYND/GVA

þátt hefur greinilega aukist og sama má segja um ýmsar ullarafurðir í verslunum. Átakið hefur því skilað strax góðum árangri og má segja að það sé sólargeislinn í lífi bænda þetta sumarið.“

En þetta er bara upphafið því átakið er til þriggja og hálfs árs að sögn Svavars. „Við stefnum á samstarf við um 300 veitingastaði og að merkja allar afurðir úr lopa og gærur sem sannarlega eru íslenskar afurðir. Auk þess ætlum við að merkja sauðfjárbúin þannig að erlendir ferðamenn geti þekkt þau.“

Samhliða þessu er verið að vinna í að koma upp sameiginlegri samstarfsgátt fyrir alla aðila í útflutningi á lambakjöti, þá helst til að samræma skilaboðin út á við.

Vantar vottanir

Varðandi ýmsar vottanir segir Svavar að búið sé að skoða íslenska sauðfjárrækt í alþjóðlegum samanburði. „Við erum í úrvalsdeild varðandi alla þætti er snerta hreinleika og umhverfisþætti. Okkur vantar hins vegar alþjóðlegar vottanir á það sem við erum að gera vel. Í fyrra var íslenska sauðkindin skráð í Bragðörk hinna alþjóðlegu Slow Food samtaka sem er mikill heiður. Nú er að detta á bann við notkun á erfðabreyttu fóðri í greininni, sem við erum búin að vera að berjast við að fá í gegn í nokkur misseri. Notkunin er hverfandi en við viljum hreinsa greinina algerlega af erfðabreyttu fóðri og fá það vottað. Við erum einnig að láta taka út kolefnisfótspor greinarinnar og eftir það förum við eftir áætlun sem miðar að því að íslensk sauðfjárrækt verði kolefnisjöfnuð.“

Einnig er verið að skoða vottanir varðandi dýravelferð þótt vitað sé mætavel að hlutirnir séu þar í sérlega góðu lagi, að sögn Svavars. „Við teljum einfaldlega að allt þetta hjálpi til við að segja þá sögu sem við viljum segja í ferðaþjónustu hér á landi og í útflutningi á afurðum sauðfjárræktarinnar. Grunnhugsunin með þessu öllu saman er þó ekki að auka framleiðsluna heldur að auka virði varanna. Því þótt afurðirnar sjálfar séu í efsta gæðaflokki og búskaparhættirnir siðlegir og umhverfisvænir í öllu alþjóðlegu tilliti eru íslenskir sauðfjárbændur enn með eitt lægsta afurðaverðið í álfunni. Því viljum við breyta á næstu árum.“

Lambakjöt

Þjóðarréttur Íslendinga er lambakjöt



8,4% Fiskréttir

73,9% Lambakjötsréttir

17,7% Annað

*Um 74% þátttakenda í könnun Gallup, sem var unnin fyrir kokkalandsliðið, nefndu lambakjöt þegar þeir voru spurðir hver þjóðarréttur Íslendinga væri.



Dagskrá Local Food sýningarinnar

Sýningin Local Food er haldin í Íþróttahöllinni á Akureyri.

Kl. 13-18
Sýning Iðnaðarsafnsins á Akureyri þar sem sögð er saga matvælaframleiðslu í bænum. Fjöldi áhugaverðra muna verður til sýnis.

Kl. 13
Local Food Festival kokkanemi ársins 2016. Keppt um besta saltfiskréttinn.

Kl. 14
Besta kakan á Akureyri – opin keppni fyrir almenning.

Kl. 15
Local Food Festival kokkur ársins 2016. Þar keppa kokkar sem hafa sveinspróf í matreiðslu og reiða fram tveggja rétta matseðil og fer matreiðslan fram fyrir framan gesti sýningarinnar. Kokkarnir hafa 90 mínútur til umráða og er eldað fyrir fjóra.

Kl. 15.20
Frá haga í maga – sýning á vinnsluferli lambakjöts.

Kl. 15.30
Kokteilakeppni – Barþjónar bæjarins keppa um besta kokteilinn.

Kl. 16
Þjónahlaup – Þjónar bæjarins sýna snerpu sína með fullan bakka af glösum.

Kl. 17.15
Sýningarnefnd velur fallegasta básinn og frumlegasta básinn og veitt verða frumkvöðlaverðlaun.



Forty Licks í Hofi

Ýmislegt annað skemmtilegt er í gangi á Akureyri helgina sem Local Food Festival fer fram. Þar má til dæmis nefna tónleikana Forty Licks, þar sem öll bestu lög The Rolling Stones verða flutt. Það er sami hópur sem stendur að Forty Licks og að heiðurstónleikunum David Bowie in Memoriam og The Beatles.

Tónlistarmennirnir sem koma fram eru Stefán Jakobsson, Pétur Ben, Þór Breiðfjörð, Agnes Björt Andradóttir, Unnur Birna Bassadóttir og Egill Ólafsson ásamt tíu manna hljómsveit Tómasar Tómassonar.

Tónleikarnir fara fram í Menningarhúsinu Hofi laugardaginn 1. október klukkan 20.

LOCAL FOOD KOKKUR OG KOKKANEMI ÁRSINS

Einn af viðburðunum á Local Food Festival er keppni um hver verður Local Food kokkur ársins 2016 og Local Food kokkanemi ársins 2016. „Keppnin hefur verið haldin undanfarin ár, hún hefur heppnast vel, og þátttaka verið góð," segir Einar Geirsson veitingamaður og einn af skipuleggjendum keppninnar. „Sýningin er bara einn dagur og keppnin því stutt. Kokkarnir hafa níutíu mínútur til að elda forrétt og aðalrétt fyrir fjóra en nemarnir fá klukkutíma til að elda aðalrétt fyrir fjóra." Keppendur fá aðalhráefnin afhent á staðnum, kokkarnir elda lax og hlýra í forrétt og lambahryggvöðva og lambaskanka í aðalrétt og kokkanemarnir verða með saltfiskhnakka í aðalrétt. „Kokkarnir koma sjálfir með aðalhráefni, soð, marineringu, deig og mjólkurvörur, eins mikið undirbúið og þeir vilja en annað hráefni, grænmeti og annað meðlæti verður í svokallaðri leynikörfu sem keppendur fá aðgang að hálftíma fyrir keppni. Keppnin hefur verið spennandi undanfarin ár og verður eflaust ekki breyting þar á í ár," segir Einar.

LANDMARK
FASTEIGNASALA

Sími 512 4900
landmark.is

Magnús Einarsson	Sigurður Samúelsson	Sveinn Eyland	Kristján Ólafsson	Þórarinn Thorarensen	Eggert Maríuson	Guðrún Diljá Lúðvíksdóttir	Benedikt Ólafsson	Nadia Katrín	Helga Snorradóttir	Ásdís Rósa Ásgeirsdóttir	Ingibjörg Agnes Jónsdóttir
Löggiltur fasteignasali Sími 897 8266	Löggiltur fasteignasali Sími 896 2312	Löggiltur fasteignasali Sími 690 0820	Hrl. Löggiltur fasteignasali	Sölustjóri Sími 770 0309	Aðstoðarmaður fasteignasala Sími 690 1472	skjalagerð	Sölumaður / Nemi í lgf. Sími 661 7788	Sölufulltrúi Sími 692 5002	Skjalavinnsla	Lögfræðingur / lögg. fasteignasali Sími 895 7784	Sölufulltrúi Sími 897 6717

Landmark leiðir þig heim!

EGILSGATA 19 - 310 BORGARNES
BÓKIÐ SKOÐUN
- 116 fm. 3ja herbergja íbúð á 2. hæð. mikið endurnýjuð eign.
- Möguleiki á að yfirtaka leigusamning, mikill skortur á leiguhúsnæði.
- Frábært útsýni úr íbúðinni.
- Góð staðsetning miðsvæðis í Borgarnesi.
- **V. 25,9 millj.**

Hafðu samband
INGIBJÖRG AGNES JÓNSDÓTTIR
Sölufulltrúi. Sími 897 6717

KOLFLÖT 8 - REYKHOLTSHREPP
BÓKIÐ SKOÐUN
- 53,4 fm. 3ja herbergja glæsilegt sumarhús með svefnlofti á rúmlega 1/2 hektara eignarlóð.
- Stór verönd og heitur pottur, á fallegu landi, umluktu kjarri og hrauni.
- Möguleiki á að bæta við einu svefnherbergi.
- Stutt frá Húsafelli, Hraunfossum og fleirri náttúruperlum.
- **V. 15,7 millj.**

Hafðu samband
INGIBJÖRG AGNES JÓNSDÓTTIR
Sölufulltrúi. Sími 897 6717

BARRHOLT 24 - 270 MOSFELLSBÆ.
OPIÐ HÚS MÁN. 29. SEPT FRÁ KL 16:30 TIL 17:00
- Mjög fallegt einbýlishús og vel við haldið 200,6 fm. með stóri verönd og pöllum.
- Mjög björt stofa / borðstofa, gott eldhús, granít á borðum.
- Eign sem stoppar stutt við.
- Göngufæri er í alla helstu þjónustu.
- **V. 57,8 millj.**

Hafðu samband
BENEDIKT ÓLAFSSON
Sölumaður / Nemi í lgf. Sími 661 7788

MEISTARAVELLIR 5 - 107 REYKJAVÍK.
OPIÐ HÚS MÁN. 29 SEPT. FRÁ KL 18:30 TIL 19:00 ÍBÚÐ MERKT: 104.
- Mjög falleg og björt 109.3 fm. 4ra herb. íbúð á 1 hæð í mjög góðu fjölbýlishúsi með hita í plani.
- Mjög björt stofa / borðstofa, fallegt eldhús, gott skápapláss. Sameign er öll til fyrirmyndar
- Eign sem stoppar stutt við.
- Göngufæri er í alla helstu þjónustu.
- **V. 46,2 millj.**

Hafðu samband
BENEDIKT ÓLAFSSON
Sölumaður / Nemi í lgf. Sími 661 7788



GRÝTUBAKKI 26 - 109 REYKJAVÍK.
OPIÐ HÚS MÁN. 29 SEPT. FRÁ KL 17:30 TIL 18:00 ÍBÚÐ MERKT: 301.
- Mjög falleg og vel skipulögð björt og falleg 86.1 fm. 3ja herbergja íbúð á 3ju hæð til vinstri.
- Mjög björt stofa, fallegt eldhús, gott skápapláss. Rúmgóð herbergi.
- Hér er verið að ræða um snyrtilega eign með fallegum sameigninlegum garði.
- Göngufæri er í alla helstu þjónustu.
- **V. 29,2 millj.**

Hafðu samband
BENEDIKT ÓLAFSSON
Sölumaður / Nemi í lgf. Sími 661 7788

VALSHEIÐI 2 - 810 HVERAGERÐI.
OPIÐ HÚS MÁN. 29. SEPT FRÁ KL 18:30 TIL 19:30
- Mjög fallegt einbýlishús og vel viðhaldið 200,6 fm. með afgirta verönd og heitum potti.
- Mjög björt stofa / borðstofa, stórt og gott eldhús með góðri eyju, frábær vinnu aðstaða, fjögur stór svefnherb.
- Eign sem stoppar stutt við.
- Göngufæri er í alla helstu þjónustu.
- **V. 47,9 millj**

Hafðu samband
BENEDIKT ÓLAFSSON
Sölumaður / Nemi í lgf. Sími 661 7788

TEIGASEL 4 – 109 RVK
OPIÐ HÚS SUNNUDAGINN 25. SEP FRÁ KL. 15.00 – 15.30
- Snyrtileg 43,3 fm stúdíóíbúð.
- Eign á annarri hæð.
- Mikið endurnýjuð að innan.
- Stutt í alla þjónustu.
- **V. 17,9 millj.**

Hafðu samband
EGGERT MARÍUSON
sölufulltrúi. Sími 690 1472

NJÖRVASUND 23 – 104 RVK
OPIÐ HÚS SUNNUDAGINN 25. SEP FRÁ KL.16.00 – 16.30
- Snyrtileg 3ja herb. 80,0 fm kjallari.
- Sérinngangur.
- Hús nýlega múrviðgert og málað.
- Stutt í alla þjónustu.
- **V. 31,9 millj.**

Hafðu samband
EGGERT MARÍUSON
sölufulltrúi. Sími 690 1472

Fólkið í Bæ, Guðbjörg Þorsteinsdóttir, Magnea Fönn átta ára, Aníta Mjöll tíu ára, Pálína Hjaltadóttir og Gunnar Helgi Guðjónsson. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

Þetta verður *alltaf* sveitin mín

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

Þó að töfrar **Árneshrepps á Ströndum** séu ótvíræðir á lygnum haustdögum þegar Trékyllisvíkin er spegilslétt og jörðin skartar fegurstu litum, þá steðjar að honum vandi nú vegna fólksfækkunar. Tíu manns eru á förum, þar af fimm börn, og meðalaldur hækkar í sveitinni.

Gunnar Helgi Guðjónsson og Pálína Hjaltadóttir í Bæ eru meðal þeirra ungu bænda sem bregða búi í Árneshreppi. Þau eru þar núna að sinna smalamennsku og ráðstöfun fjárins en fluttu að Vogum á Vatnsleysuströnd fyrr í haust með dæturnar tvær, Anítu Mjöll og Magneu Fönn, svo þær gætu hafið skólagöngu þar jafnsnemma öðrum. Gunnar er byrjaður í vinnu hjá fyrirtækinu Stólpa í Reykjavík en Pálína er heima við og tekur á móti stelpunum að skóladegi loknum.

Spurður hvernig honum líði með að yfirgefa sveitina svarar Gunnar: „Mér líður ágætlega, svipað og þegar ég kom. Þetta eru bara breytingar."

Pálína er uppalin í Bæ en Gunnar í Mýrartungu 1 í Reykhólasveit. Þau hittust á balli í Sævangi við Steingrímsfjörð undir lok síðustu aldar. Sambandið þróaðist og þau settust að á Reykhólum þar sem Gunnar starfaði við Þörungaverksmiðjuna. Þangað kom Hjalti, faðir Pálínu, og bauð þeim að taka við búinu í Bæ, sem þau þáðu og hófu búskap þar árið 2000. Síðan eru liðin 16 ár. Bústofninn var um 700 fjár þegar flest var. Gunnar kveðst hafa þekkt hverja kind með nafni og finnst það ekkert merkilegt. En sér hann ekki eftir þeim nú? „Nei, ég finn bara til léttis. Við seljum þær líka flestar á fæti í Reykhólasveitina."



Þó að Gunnar sé aðfluttur óar hann ekki við að veguriinn í sveitina sé lokaður nokkra mánuði á vetri vegna snjóa og segir miklar breytingar hafa orðið til bóta í samgöngum og samskiptamálum á seinni árum. „Tengdapabbi sagði mér að stundum hefði vegurinn ekki verið ruddur frá nóvember fram í maí, júní, en flugið hafi bjargað. Nú hefur Vegagerðin þá reglu að ryðja einu sinni frá áramótum til 20. mars og reyna að halda opnu eftir það." Hann segir flugvöllinn á Gjögri hafa verið lagðan bundnu slitlagi fyrir tveimur árum og tölvusamband verða sífellt betra. „Í sumar fengum við 4G, langt á undan ýmsum öðrum sveitarfélögum. Þar hjálpar ferðamannastraumurinn, það er pressa á að sambandið sé gott út af öryggi þeirra."

Ákvörðun sem tók á

Gunnar fer sem sagt ekki vegna biturleika út í stjórnvöld. „Nei, allur biturleiki hvarf þegar ég ákvað að hætta. En það tók á að ákveða það. Mér fannst eiginlega furðulegast að það var léttara fyrir Pálínu en mig þó hún sé rótgróin hér. Ég sagði henni á vissum tímapunkti að mig langaði að fara að fækka fénu. Svona viku seinna spurði hún hvort við ættum ekki bara að hætta alveg. Þá varð allt auðvelt á eftir."

Pálína kveðst sátt við þessa ákvörðun ekki síst stelpnanna vegna sem nú eru átta og tíu ára. „Mig langar að leyfa þeim að kynnast fleira fólki og komast í meiri félagsskap jafnaldra. Ég met það sem hluta af menntun. Þeim hefur verið afskaplega vel tekið í Vogunum."

En er þeim hjónum ekki legið á hálsi fyrir að fara? „Jú, jú," svarar Gunnar. „Sumir segja að það sé okkur að kenna að hreppurinn sé að fara í eyði, ég segi að það sé bara einum að kenna, þá heldur fólk að ég nefni eitthvert nafn en ég segi: Þeim síðasta sem fer."

Þýðir ekkert að drepast úr svartsýni

Guðbjörg Þorsteinsdóttir, nefnd Gugga í Bæ í daglegu tali, er ekkja og móðir Pálínu. Hús hennar og ungu hjónanna eru samföst. Nú verður hún ein eftir í Bæ. Hún láir unga fólkinu ekkert að fara. „Ef fólk er orðið leitt er um að gera fyrir það að fara meðan það á kost á vinnu annars staðar. Það getur gengið erfiðlegar þegar það eldist. Aldurinn er eins og bremsa. Það er heldur engin endurnýjun í búskap í hreppnum og ekkert framtíðarplan af neinu tagi," segir hún og ber fram kaffi og kleinur að rammíslenskum sið.

Gugga er uppalin á Finnbogastöðum, spölkorn frá Bæ, og hefur átt heima í Trékyllisvík alla tíð. „Ég flutti bara yfir skurð og girðingu á sínum tíma," bendir hún á glaðlega. Hún segir mun meira líf hafa verið í sveitinni í hennar uppvexti, til dæmis hafi hún fermst í 11 barna hópi. En svo hafi smáfækkað. „Unga fólkið fór í skóla og skilaði sér ekki heim heldur skapaði sér framtíð annars staðar, eins og gengur," segir hún. Sjálf á hún fjögur börn og ellefu barnabörn, auk stjúpdóttur í Ameríku sem á dóttur og tvo dóttursyni. „Svo ég er orðin langamma á ská," segir hún brosandi.

Hún kveðst ósköp róleg yfir breytingunum á bænum þó auðvitað sakni hún unga fólksins. „Krakkarnir eru að spyrja hvar ég mundi helst vilja vera, ég segi að mér sé alveg sama, ég þurfi alls staðar að byrja upp á nýtt." Hún ætlar samt að vera heima í vetur og kveðst ekkert kvíðin. „Það þýðir ekkert að drepast úr svartsýni. Ég hef gaman af handavinnu og lestri og að horfa á sjónvarpið. Nú svo verð ég að hreyfa mig og elda handa mér. Ef mér leiðist fer ég bara í símann og hringi. Svo er fólk hér alls staðar í kring." En ætlar hún ekki að hafa nokkrar kindur sér til skemmtunar? „Nei, það skapar bara vandræði. Þá er ég föst," segir hún ákveðin. „Hingað er flogið tvisvar í viku yfir veturinn og ég vil geta skroppið suður að hitta fólkið mitt þegar mér dettur það í hug. Ég er ekki nema hálftíma!"

Álasar syninum ekki

Nú er ég komin í morgunkaffi til Guðmundar, bróður Guggu, sem býr í nýlegu húsi á Finnbogastöðum. Eldhúsið angar því Linda dóttir hans, sem kom að sunnan kvöldið áður, er með tvöfalda marenskökku í ofninum. Meðan á bakstri stendur gengur hún milli glugga og skyggnir ærnar, sem sumar heita algildum kvenmannsnöfnum eins og Ósk og Vigdís, hún talar um þær eins og hjartkærar vinkonur og hrósar þeim fyrir falleg lömb.

Þorsteinn, þrítugur sonur Guðmundar, ætlar að skera niður mest allan fjárstofninn og flytja burt, en verður þó með nokkrar ær á fóðrum að Heiðarbæ í Steingrímsfirði. Hann kveðst eiga vísa vinnu í byggingarvöruverslun í Reykjavík til að byrja með, svo sé hann opinn fyrir öllu, jafnvel að kíkja út fyrir landsteinana. „Ég ætla bara að reyna að standa mig, hvar sem ég verð," heitir hann.

Eins og Gugga systir hans sér Guðmundur fram á að verða einbúi, hvernig skyldi það fara í hann? „Svona og svona," svarar hann ➡

Það eru blessaðar kindurnar sem búskapurinn í Árneshreppi snýst um. Nú fækkar þeim verulega.

LIND FASTEIGNASALA

510 7900

Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

Þórunn	Sveinn	Hannes	Lára	Kristján	Ólafur	Kristín	Bjarni	Albert	Helga	Stefán	Harpa	Gunnar	Arna	Vernharð	Magnús
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI	LÖGGILTUR FASTEIGNASALI	LÖGGILTUR FASTEIGNASALI	LÖGGILTUR FASTEIGNASALI	LÖGGILTUR FASTEIGNASALI	LÖGGILTUR FASTEIGNASALI	LÖGGILTUR FASTEIGNASALI	LÖGGILTUR FASTEIGNASALI	LÖGGILTUR FASTEIGNASALI	LÖGGILTUR FASTEIGNASALI	LÖGGILTUR LEIGUMIÐLARI	AÐSTOÐARMAÐUR FASTEIGNASALA	AÐSTOÐARMAÐUR FASTEIGNASALA	AÐSTOÐARMAÐUR FASTEIGNASALA	AÐSTOÐARMAÐUR FASTEIGNASALA	AÐSTOÐARMAÐUR FASTEIGNASALA

OPIÐ HÚS › 25. sept 16:00 – 16:30



Hafravellir 5

221 HAFNARFJÖRÐUR

STÆRÐ: 190,9 fm EINBÝLI HERB: 4

Mjög fallegt og vandað hús með fallegum garði. Gegnheilt eikar parket, gólfsíðir gluggar í stofu, stórir pallar og viðhaldslítill garður. Þetta er hús sem vert er að skoða.

Heyrumst
Kristján › 696 1122 **66.500.000 KR**
Löggiltur fasteignasali

OPIÐ HÚS › 26. sept 17:30 – 18:00





Boðagrandi 2a

107 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 130 fm FJÖLBÝLI HERB: 4

Mjög falleg og björt íbúð á efstu hæð með sér-bílastæði í lokuðum bílakjallara. Einstakt sjávarútsýni, tvennar svalir, nýtt parket á íbúðinni, hús klætt að utan. Byggt árið 2000.

Heyrumst
Hannes › 699 5008 **57.900.000 KR**
Löggiltur fasteingasali







Mánatún 13

105 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 111,2 fm FJÖLBÝLI HERB: 3

Glæsileg 3ja herbergja íbúð á 6.hæð við Mánatún 13 í Rvík. Íbúðin er 111,2fm, þar af geymsla 13,6fm. Góðar svalir með fallegu útsýni í N/V

Heyrumst
Gunnar › 699 3702 **54.700.000 KR**
Sölufulltrúi/Í námi til lögg.fasteignasala

OPIÐ HÚS › 25. sept 16:00 – 16:30

Skúlagata 20

101 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 70,2 fm FJÖLBÝLI HERB: 2

Falleg íbúð á 3.hæð í vönduðu húsi fyrir 60 ára og eldri. Vandaðar innréttingar og yfirbyggðar svalir. Starfandi húsvörður, öryggiskerfi í íbúð og aðgengi að öflugu starfi Þjónustum. Rvk.

Heyrumst
Stefán › 892 9966 **36.700.000 KR**
Löggiltur leigumiðlari/Í námi til lögg.fasteignasala

OPIÐ HÚS › 25. sept 13:00 – 13:30







Þrúðsalir 4

201 KÓPAVOGUR

STÆRÐ: 284 fm EINBÝLI HERB: 6

Mjög fallegt og vel skipulagt 6.herbergja einbýlishús á fallegum stað við Þrúðasali 4 í Kópavogi.

Heyrumst
Gunnar › 699 3702 **86.900.000 KR**
Sölufulltrúi/Í námi til lögg.fasteignasala

OPIÐ HÚS › 26. sept 17:00 – 17:30





Holtsvegur 37-39

210 GARÐABÆR

STÆRÐ: 100-132 fm FJÖLBÝLI HERB: 3-4

Lind Fasteignasala kynnir:

Nýjar og glæsilegar íbúðir á fallegum útsýnis-stað við Holtsveg 37-39 í Urriðaholti, Garðabæ.

Öllum íbúðum fylgir stæði í lokaðri bílageymslu. Vandaðar innréttingar og tæki og steinn á borðum í eldhúsi. Íbúðirnar afhendast fullbúnar án gólfefna en votrými flísalögð. Afhendingartími er áætlaður okt-nóv 2016.

Nánari upplýsingar veita:
Hannes lögg.fasteignasali s: 699-5008
Kristján, lögg. fasteignasali s: 696-1122
Stefán, lögg.leigumiðlari s: 892-9966

Heyrumst
Stefán › 892 9966 **Verð frá 47,9 M KR**
Lögg.leigumiðlari/Í námi til lögg.fasteignasala

OPIÐ HÚS › 25. sept 14:00 – 14:30



Ennishvarf 27

203 KÓPAVOGUR

STÆRÐ: 262 fm EINBÝLI HERB: 5

Mjög fallegt og vel skipulagt einbýlishús á einstökum stað í fallegri botnlangagötu í jaðri byggðar, stutt í náttúruperlur. Eignin afhendist tilbúin til innréttinga.

Heyrumst
Gunnar › 699 3702 **87.000.000 KR**
Sölufulltrúi/Í námi til lögg.fasteignasala

Uppspretta ánægjulegra viðskipta



Fólkið á Finnbogastöðum, Þorsteinn Guðmundsson, Guðmundur Þorsteinsson og Linda Guðmundsdóttir, ásamt hundunum Rex og Perlu.

Lindu finnst átakanlegt að sjá á eftir kindunum í sláturhús FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

➡ með hægð. „Þetta er dálítið átak en maður er búinn að hafa ár til að melta það. Þorsteinn var fluttur að heiman en kom aftur eftir hrunið. Ég bauð honum að prufa að taka við búinu og við skiptum því til helminga fyrsta árið, svo tók hann alveg við. Ég fékk að vera í horninu hjá honum en hann sá um öll verk, ég greip bara í að gefa ef hann var í öðru. En nú finnst honum þetta ekki lífvænlegt lengur, hann er yngsti bóndinn í sveitinni og er einn. Ég álasa honum ekki þó hann vilji fara."

Guðmundur kveðst verða að vera heima í vetur. „Ég hef ekki efni á að gera neinar ráðstafanir fyrr en ég get selt. Að hafa þetta fyrir sumarhús og svo heimili annars staðar er ekki inni í myndinni. Ég var að spá í að hafa fáeinar kindur sem ég gæti séð um mér til dundurs. En ég hætti við það og við heyjuðum ekkert í sumar. Ef kindurnar eiga að ná að hita húsin nægilega upp til að halda vatninu rennandi þyrfti ég að hafa 30 til 50. Það er of margt. Ég er orðinn gigtveikur og get ekki klippt, bólusett og annað slíkt og þyrfti þá að leita til annarra. Það er ekki hægt að búa upp á það."

En gætir þú hugsað þér að eiga heima annars staðar? spyr ég. – Þögn. – Linda kemur honum til hjálpar. „Í kirkjugarðinum kannski." „Já, við látum það svar gilda," segir Guðmundur kankvís.

Elskar kindurnar

Linda er búsett í Reykjavík, vinnur í Þjóðminjasafninu og hjá Bílastæðasjóði auk þess að læra söng í FÍH. Hún er ein þeirra sem koma heim til að rétta. Þetta haust er það átakanlegt þar sem hún þarf að sjá á eftir öllum kindunum til slátrunar, nema tveimur sem Sara í kaffihúsinu ætlar að bjarga frá aflífun. „Ég elska kindurnar," segir Linda. Hún kveðst hafa tekið allt sumarfríið sitt á vorin til að koma heim í sauðburð. „Ég var á næturvöktum í vor. Það er best í heimi. Sólsetrið hérna og sólarupprásin er líka sjónarspil. Sólin siglir niður með Krossnesfjallinu, syndir eftir haffletinum og rennir sér svo upp með Hyrnunni. Ótrúlega magnað."

Henni finnst atgerfisflóttinn úr sveitinni ömurlegur. „Íbúum hefur farið fækkandi hér alla mína ævi og lengur. Síðasta veturinn minn í skóla hér vorum við krakkarnir níu, það fólk er allt farið. Svona er þetta, maður breytir því ekki. Ég get alveg skilið Þorstein bróður minn. Hér er svo fátt ungt fólk og erfitt að vera einn að basla. Sauðfjárbúskapur er svo mikil vinna og maður þarf að hafa svo gífurlegan áhuga til að standa í honum. Hann er líka hugsjónastarf því menn lifa ekki á honum, eins sorglegt og það er." Hallar sér fram á eldhúsbekkinn og horfir út á víkina. „En þetta verður alltaf heim, það tekur enginn frá mér, þó jörðin seljist kannski og hingað komi nýtt fólk. Ég get alltaf gengið um fjörurnar og farið upp í fjall. Þetta verður alltaf sveitin mín."

Suzukitónlistarskólinn í Reykjavík

Tónlistarnámskeið fyrir ung börn og foreldra þeirra

Nú í haust býður Suzukitónlistarskólinn í Reykjavík upp á námskeið fyrir börn á aldrinum 3ja mánaða til þriggja ára.

Á námskeiðinu verða kennd barnalög og kvæði, leikið, dansað og notið samverunnar. Kennari notar m.a. kennsluefni og hugmyndafræði Suzukiaðferðarinnar til grundvallar námskeiðinu og foreldrar læra leiðir til að nota söng og tónlist í daglegu uppeldi og umönnun barna sinna.

Kennari er Diljá Sigursveinsdóttir, suzukifiðlukennari við skólann, sem einnig er menntuð söngkona og söngkennari og hefur margra ára reynslu sem kennari ungra barna.

Námskeiðið hefst fimmtudaginn 6. október nk. og er kennt vikulega í 8. vikur.

Námskeið ætlað börnum á aldrinum eins árs til þriggja ára er kennt frá kl. 09:00 til 10:00.

Námskeið ætlað börnum á aldrinum þriggja mánaða til eins árs er kennt frá kl. 10:00 til 11:00

Verð kr. 25.000

Skráning er á netfanginu postur@suzukitonlist.is

ALLTAF VIÐ HÖNDINA

Þú getur lesið Fréttablaðið í heild sinni á Vísi og í Fréttablaðs-appinu

Þú færð appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum App Store Google Play Microsoft

FRÉTTABLAÐIÐ ... allt sem þú þarft

Hætta á hnignun

Gunnsteinn Gíslason á Bergistanga, fyrrum oddviti og kaupfélagsstjóri, segir hættu á hnignun í byggðarlaginu þegar unga fólkið fari. Hann býst við að erfitt verði að manna snjómokstur í vetur bæði á vegum og flugvellinum sem ungu bændurnir í Bæ og á Finnbogastöðum hafa sinnt. Þegar hann var sex ára voru 524 íbúar skráðir í Árneshreppi. Nú verða þeir milli 40 og 50 og sumir að heiman, að minnsta kosti yfir veturinn.

Það segir sig því sjálft að Gunnsteinn hefur áður upplifað fólksflótta og erfiðleika. Hann man 7. áratuginn, mikið harðindatímabil þegar hafís var fyrir landi ár hvert og grasbrestur vegna kulda. „Það kostaði mikla vinnu og fjárútlát að ná í fóður handa skepnunum því það sem fékkst heima dugði engan veginn. Upp úr 1970 fluttu margir úr hreppnum, til dæmis fólk frá Eyri í Ingólfsfirði og Dröngum, Melum og Kjörvogi," rifjar hann upp. „Staðan var samt gerólík því sem hún er nú, því þá voru hér miklu fleiri íbúar og það var ekki eins tilfinnanleg fækkun á börnum og núna. En ég er ekkert hissa þó ungt fólk fari því þessi staður býður ekki upp á nógu mikið eins og er."

Gunnsteinn hefur átt heima í Árneshreppi alla tíð og man tímana tvenna.

EN ÉG ER EKKERT HISSA ÞÓ UNGT FÓLK FARI ÞVÍ ÞESSI STAÐUR BÝÐUR EKKI UPP Á NÓGU MIKIÐ EINS OG ER.

Færri að tala við

Hjónin Bjarnheiður Júlía Fossdal, kölluð Bodda, og Björn Torfason hafa búið á Melum 1 í 41 ár. Þó unga fólkinu fækki í sveitinni og blikur séu á lofti ætla þau að halda ótrauð áfram. „Við erum þrárri þessi gömlu," segir Bodda glettin en hefur samt áhyggjur af þróuninni. „Það verður ýmislegt erfiðara, til dæmis að smala heimalöndin og ef eitthvað kemur upp á. – Já, og svo bara færri að tala við," nefnir Björn. Börnin fimm eru flogin úr hreiðrinu en koma á annatímum með fjölskyldur sínar. Barnabörnin hafa hlutverkum að gegna í réttunum, þá hjálpast allir að.

Melaféð skilaði sér margt um síðustu helgi. Björn saknar samt kinda af afréttunum sem gengnir voru. „Óþekku rollurnar eru eftir. Þær koma seinna með bestu lömbin!"

Hjónin á Melum 1, Bjarnheiður Júlía og Björn G. Torfason ásamt harðsnúnu liði barnabarna. Þau heita Lárus Guðni Svavarsson, Brynja Dröfn Ásgeirsdóttir, Ólafur Bjarkarson, Kristófer Logi Bjarkarson og Alexander Freyr Bjarkarson.

markhönnun ehf

nettó

ALLT AÐ **25%** AFSLÁTTUR AF HEILSU- & LÍFSSTÍLSVÖRUM

HEILSU & LÍFSSTÍLSDAGAR

Síðustu dagarr

15. - 25. SEPTEMBER

25% AFSLÁTTUR

250 ML
ÁÐUR: 259 KR
194 KR

KYNNINGAR Í VERSLUNUM NETTÓ

24. SEPT
- **Kl:13-17** Nettó Glerártorgi - Hafra Chiagrautur m.Isola möndlumjólk, kanil & turmerik
- **kl:14-16** Nettó Granda - Ragga Nagli
- **Kl:14-17** Nettó Granda - Voelkel og Derit snakk
- **kl:16-19** Nettó Krossmóa Geosilica

25. SEPT
- **Kl:14-17** Nettó Mjódd - Nakd nibbles Tooty Fruity, Derit snakk & Bai

OFURTILBOÐ HELGARINNAR

LAUGARDAGUR 24. SEPT

Tilboð dagsins

33% AFSLÁTTUR

ISOLA MÖNDLUMJÓLK - 1 L
~~VERÐ ÁÐUR: 479 KR/STK~~
33% | 321 KR/STK

SUNNUDAGUR 25. SEPT

Tilboð dagsins

40% AFSLÁTTUR

NAKD NIBBLES - 40 G
TOOTY FRUITY
~~VERÐ ÁÐUR: 179 KR/PK~~
40% | 107 KR/PK

Ásdís Grasalæknir

Heilsu pönnukökur

- 1 egg
- 110 ml möndlumjólk Isola
- 1 tsk lífrænt hunang / hlynsíróp
- 1 tsk fljótandi kókósolía
- 55 g bókhveitimjöl
- 1 tsk Baobab duft Green Origins
- ¼ tsk vínsteinslyftiduft
- 1 tsk vanilludufti
- Smá sjávarsalt
- 1-2 tsk kanill

Blandið þurrefnum saman í eina skál og þískrið saman blautefnum í aðra skál. Hitið pönnu á miðlungshita og notið smá kókosolíu til að steikja upp úr. Setjið ca 1 msk af deiginu á pönnuna og steikjið á hvorri hlið þar til tilbúið (1 msk = 1 pönnukaka). Þetta eru mjög næringaríkar og matmiklar litlar pönnslur sem gott er að nota sem morgunmat, hádegismat með hollu áleggi eða sem millimál.

25% AFSLÁTTUR

BOLLARÉTTUR BULGUR & KÍNÓA
70G
359KR | 25% | **269KR**

BOLLARÉTTUR KÚSKÚS & LINSUR
70G
359KR | 25% | **269KR**

GRÆNKERA SKYNDIRÉTTIR

Frystivörur

QUORN STYKKER - 300 G
~~VERÐ ÁÐUR: 629 KR/PK~~
566 KR/PK

QUORN FARS - 300 G
~~VERÐ ÁÐUR: 629 KR/PK~~
566 KR/PK

QUORN FILETER - 312 G
~~VERÐ ÁÐUR: 629 KR/PK~~
566 KR/PK

QUORN NUGGETS - 280 G
~~VERÐ ÁÐUR: 699 KR/PK~~
629 KR/PK

NUTANA FALAFEL - 285 G
~~VERÐ ÁÐUR: 439 KR/PK~~
395 KR/PK

DALOON GRÆNMETISBUFF - 380 G
~~VERÐ ÁÐUR: 499 KR/PK~~
449 KR/PK

ANAMMA VEGOBURGERE - 300 G
~~VERÐ ÁÐUR: 589 KR/PK~~
530 KR/PK

ANAMMA MINIBURGER BASIL - 300 G
~~VERÐ ÁÐUR: 589 KR/PK~~
530 KR/PK

Sykkulaði

FULLT AF BRAGÐI EN ÁN SYKURS

25% AFSLÁTTUR

BRAGÐGOTT RÓTARSNAKK

HEILSU OG LÍFSSTÍLSBLAÐ NETTÓ

120 SÍÐUR AF FRÓÐLEIK OG FRÁBÆRUM TILBOÐUM

Tilboðin gilda 15. – 25. september 2016

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

netto.is

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík
Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

Þingkonurnar þrjár hafa mislanga reynslu af störfum á Alþingi. Katrín Júlíusdóttir hefur setið þar síðan 2003, Ragnheiður Ríkharðsdóttir síðan 2007 en Jóhanna María síðan 2013. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@365.is

Jákvæðari andi í Alþingishúsinu

Katrín Júlíusdóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir og Jóhanna Sigmundsdóttir hverfa af þingi eftir mánuð. Þær segja frá eftirminnilegustu atburðunum á ferlinum og ræða um lífið eftir að þingstörfum lýkur.

Kosið verður til Alþingis þann 29. október og ráðgert er að ljúka þingstörfum núna í lok mánaðar. Minnst þriðjungur núverandi þingmanna mun hverfa frá störfum eftir kosningar. Þingkonurnar Katrín Júlíusdóttir úr Samfylkingunni, Ragnheiður Ríkharðsdóttir úr Sjálfstæðisflokknum og Jóhanna María Sigmundsdóttir úr Framsóknarflokki hafa setið mislengi á þingi. Katrín lengst, eða frá árinu 2003, Ragnheiður frá árinu 2007 en Jóhanna frá 2013. Allar eru þær nú að hverfa á braut.

Þær eru allar sammála um það að þingstörfin beri þess merki þessa dagana að það er farið að þetta þing er farið að styttast í annan endann.

Lausnamiðuð hugsun

Katrín: Maður er algjörlega farinn að finna það. Nú eru allir flokkarnir að stilla upp á lista og það eru búin að vera prófkjör og þá eru komin svolítið önnur tilfinning í húsið og störfin. En mér finnst allt annar og jákvæðari andi í húsinu núna heldur en oft áður við þinglok. Það er mikill vilji til þess að klára þetta sómasamlega.“ Hún segir málin ekki snúast um það núna að semja um það hvaða mál verði kláruð og hvaða mál sitji eftir heldur að finna í sameiningu út úr því hvaða mál sé raunverulega hægt að klára á þeim tíma sem eftir er.

Ragnheiður: „Já, ég tek undir það og það er eiginlega búið að vera frá því að við lukum þingstörfum síðastliðið vor. Þá var líka annars konar andrúmsloft í þinginu. Við vissum þá að við færum inn í kosningar í október.“

Þarf að hafa gaman af fólki

Þingkonurnar þrjár eru allar sammála um að tíminn á Alþingi hafi verið mjög skemmtilegur.

Katrín: „Starfið er fjölbreytt og mjög skemmtilegt og þú ert að hafa áhrif. Ég mæli með þessu við hvern sem er og hvet fólk til að taka þátt í stjórnmálum.“

Undir þetta tekur Ragnheiður. „Mér hefur þótt þetta ótrúlega skemmtilegur tími. En þú þarft að hafa gaman af fólki. Þú þarft að vera félagslyndur og opinn. Þú þarft að hafa gaman af að vera innan um fólk, að tala við fólk og tala um málefni.

Jóhanna: „Það er rosalega erfitt að fara á þing ef þú átt erfitt með samskipti.“

Landsdómsmálið ömurlegt

Blaðamaður spyr þær um eftirminnilegustu atvikin frá þingmannsferlinum.

Ragnheiður: „Eitthvað sem stendur upp úr og eitthvað sem stendur niður úr. Þá er það landsdómsmálið í mínum huga. Það var mjög þarft og gott að fá rannsóknarskýrslu Alþingis. Hún flutti okkur margan boðskap og margt sem þar stóð þurfti að fara í gegn um og skoða.“ Framhaldið, að taka ákvörðun um að ákæra ráðherra úr fyrri ríkisstjórn, hafi hins vegar ekki verið gott. „Mér fannst lúkning þess máls ömurleg fyrir þingið í heild sinni. Ég vildi óska þess að ég hefði ekki þurft að taka þátt í því ferli.“

Katrín segir að landsdómsmálið hafi verið erfitt fyrir sinn flokk líka. „Það hefur haft áhrif fram á daginn í dag og mun örugglega gera það áfram.“

> MÉR FANNST LÚKNING ÞESS MÁLS ÖMURLEG FYRIR ÞINGIÐ Í HEILD SINNI. ÉG VILDI ÓSKA ÞESS AÐ ÉG HEFÐI EKKI ÞURFT AÐ TAKA ÞÁTT Í ÞVÍ FERLI.

Katrín segir þó eftirminnilegasta tímann fyrir sig í pólitíkinni hafa verið þegar hún var iðnaðarráðherra og við Íslendingar upplifðum eldgos ofan í bankahrunið. „Ég var ferðamálaráðherra á þessum tíma og allar hótelbókanir og flugbókanir stoppuðu. Það var að koma sumar og ferðaþjónusta var enn þá árstíðabundin. Við tókum okkur saman, stjórnvöld og greinin, og ákváðum að snúa vörn í sókn og hrinda af stað verkefninu Inspired by Iceland.“

Katrín segir þetta hafa verið rosalega skemmtilegan tíma. „Þarna sá maður að opinberi geirinn og einkageirinn geta snúið bökum saman og gert hlutina vel.“

Jóhanna segir miklar hræringar hafa orðið í þingflokki sínum á þeim tíma sem hún hefur setið á þingi. „Það erfiðasta sem ég hef gert er að sitja á þingi og þurfa að halda áfram að vinna öll þessi góðu mál sem hafa verið að koma inn á meðan þetta var í gangi hjá okkur.“ Þar vísar Jóhanna í forsætisráðherraskiptin og þá atburði sem leiddu til þeirra. „En það sem stendur upp úr á mínum þingferli er tíminn í Norðurlandaráði. Það innlegg sem ég náði að koma með fyrir Íslands hönd þar inn og er enn verið að vinna að í dag. Meðal annars um heilbrigðisþjónustu í dreifðari byggðum.“

Hefði orðið þrusuráðherra

Ragnheiður hefur verið þingmaður í níu ár og blaðamaður spyr hana hvort hún sakni þess ekkert að hafa ekki orðið ráðherra.

„Það er kannski ekki hægt að tala um að maður sakni einhvers sem maður hefur ekki fengið. En mér er engin launung á því að ég taldi að ég hefði alla burði til þess að fara inn í ráðherrastól þegar Sjálfstæðisflokkurinn myndaði ríkisstjórn með Framsóknarmönnum og ég taldi mig líka hafa alla burði til þess að taka við þegar Hanna Birna fór frá. En svona ákvarðanir eru teknar af formanni flokksins og varaformanni og þeirra mat var annað,“ svarar hún.

Katrín: „Ég veit að Ragnheiður hefði orðið þrusuráðherra.“ En Katrín er ekki á því að það hafi verið hápunktur ferils síns að verða ráðherra. „Vissulega er það stór viðburður og ég hafði gaman af því að vera ráðherra. Það hentaði mér vel og ég hafði gaman af starfinu í iðnaðarráðuneytinu og mér gekk vel í því.“ Hún segir þó alveg ljóst að það sé jafn mikilvægt að vera góður þingmaður og að vera góður ráðherra. „En ég skal alveg viðurkenna það að maður kemur meiru í verk og hraðar inni í ráðuneyti heldur en inni í þinginu. Ég ætla ekki að segja að þetta hafi verið toppurinn á mínum ferli en það var sannarlega stór hluti af honum.“

Jóhanna María er með fastmótaðar skoðanir á því hvernig hún ætlar að verja tímanum eftir Alþingi. „Ég er búin að vera í Háskólanum á Bifröst og er núna að klára fyrsta árið í miðlun og almannatengslum. Ég ætla að vinna mér í það að klára háskólanámið.“ Að auki rekur hún kúabú með foreldrum sínum og segist því alls ekki verða verkefnalaus.

Katrín: „Eina ákvörðunin sem ég hef tekið er að taka enga ákvörðun fyrr en ég er búin að vera í frí í nokkrar vikur. Þannig að ég ætla að byrja á því að taka mér frí í nokkrar vikur og svo ætla ég bara að fara að leita mér að einhverri skemmtilegri vinnu. Ég kem úr einkageiranum og langar þangað aftur, hvort sem ég er hérlendis eða erlendis.“

Ragnheiður hefur ekki tekið neinar ákvarðanir heldur. „Ég ætla að njóta þess að eiga daginn fyrir mig og mína. Hins vegar ef eitthvað kemur upp í hendurnar á mér að þessu þingi loknu og einhver vill ráða mig til starfa í eitthvað, þá er ég alveg tilbúin til þess að skoða það. En í augnablikinu ætla ég ekki að fara að ráða mig í eitt né neitt.“

ÍSLENSKUR

GÓÐOSTUR

– BARA GÓÐUR –

Á hverjum degi færir sveitin okkur hreina gleði.
Við erum að tala um náttúrulega hollustu, vináttu
sem vex og dafnar — og Góðost ofan á brauð.

Saga til næsta bæjar

Stefán Pálsson skrifar um landnámsmenn.

Þrælamorðinginn Ingólfur

Hvaða Ingólf?“ – hnussaði úfinn fornleifafræðingur í sjónvarpsviðtali fyrir mörgum árum. Fréttakona hafði mætt á vettvang uppgraftar í Kvosinni og spurt: „Eruð þið búin að finna Ingólf?“

Óþol fornleifafræðinga fyrir þeirri hvimleiðu en þó skiljanlegu tilhneigingu fólks að tengja fornleifafundi við nafngreindar manneskjur er löngu þekkt. Ritheimildir um landnám Íslands virðast í meginatriðum í samræmi við rannsóknir fornleifafræðinga og raunvísindafólks að því marki að Ísland virðist hafa byggst býsna hratt í byrjun tíundu aldar af fólki ættuðu frá Noregi.

Það segir þó ekkert um hvernig fyrstu skrefum landnámsins var háttað, hvort hér hafi verið verstöðvar eða jafnvel takmörkuð föst búseta um langt árabil áður en aðalbylgja fólksflutninganna skall á. Því síður gefur það okkur tilefni til að taka bókstaflega frásagnir Landnámu um nafngreinda og stórættaða höfðingja sem fyrstir settust að í hverjum firði eða vík.

Það er í sjálfu sér ekkert útilokað að maður að nafni Ingólfur hafi fyrstur sest að í víkinni í Kvosinni á seinni hluta níundu aldar, nytjað eyjarnar á Kollafirði og geymt skip sín og báta í grunnu tjörninni steinsnar frá bænum sem hann reisti sér. Þessi Ingólfur gæti vel hafa verið Arnarson eða Björnólfsson líkt og heimildunum greinir á um. Og það er vel líklegt að nokkrum kynslóðum síðar hafi afkomendur hans staðhæft, líklega í góðri trú, að langalangafi hafi verið fyrsti landnámsmaðurinn.

Hafi Ingólfur ekki verið uppi í raun og veru var nauðsynlegt að búa hann til. Öll samfélög þurfa sína upprunasögn, nafngreindan einstakling (oftast stórættaðan karl) sem hægt er að kalla stofnanda eða ættföður. Landnám, stofnun borga eða fæðing þjóða verður helst að geta smættast niður í einn atburð, afmarkaðan í tíma og rúmi. Þess vegna er sagan um Ingólf, öndvegissúlurnar og fund Reykjavíkur svo hentug.

Einhver þarf að vera fyrstur

Sú hefð að ársetja landnám Ingólfs við 874 er frá ofanverðri nítjándu öld og var að sumu leyti fengin með lestri heimilda og að sumu leyti endurspeglaði hún praktíska nauðsyn. Íslendingar áttuðu sig á að það hlyti að fara að líða að þúsund ára afmæli byggðar í landinu og að slíku stórafmæli bæri að fagna.

Talan 874 var engan veginn augljós út frá mótsagnakenndum heimildunum, en hentaði vel þar sem hún gaf rúman en þó ekki of langan tíma til að undirbúa veglega veislu. Öld síðar þótti landsmönnum auðveldara að halda sig bara við þetta ártal en að þurfa að útskýra hvers vegna minna en hundrað ár liðu milli 1000 ára og 1100 ára afmælisins.

874 var heppilegt ártal og Ingólfur var heppilegur fyrsti landnámsmaður, enda kennum við börnunum okkar hvort tveggja í skóla – þrátt fyrir að kennslubækur slái varnagla um að hvort tveggja sé ágiskun og líklega ekki hárnákvæmt.

Eina alvarlega atlagan að stöðu Ingólfs sem hins táknræna fyrsta landnámsmanns tengist nafni annars manns, sem jafnvel enn minna er vitað um. Hann hét Náttfari.

Náttfara er aðeins getið í þremur línum í Landnámu. Hann er sagður hafa verið í för með Garðari Svavarssyni, sænskum manni sem sigldi umhverfis Ísland og hafði vetursetu við Skjálfandaflóa. Um vorið, þegar Garðar bjó sig til heimferðar „sleit frá honum mann á báti er hét Náttfari, ok þræl ok ambátt.“ Síðar í ritinu er getið um Náttfara í framhjáhlaupi, þar sem segir að landnámsmaðurinn Eyvindur Þorsteinsson hafi hrakið hann frá bæ sínum í Reykjadal í eyðilega vík yst við Skjálfandaflóa, Náttfaravík.

Á grunni þessarar stuttu og slitróttu frásagnar ákváðu Húsvíkingar að efna til sinnar eigin landnámshátíðar sumarið 1970 og skákuðu þar með öðrum landsmönnum um fjögur ár. Hátíðin stóð í nokkra daga og hafði flest einkenni hefðbundinna bæjarhátíða eins og þær hafa verið haldnar í seinni tíð. Þótti Norðanmönnum ekki leiðinlegt að ná að slá við liðinu fyrir sunnan með sinn ofmetna Ingólf.

Ingólfur norðursins

Náttfarahátíðin var ekki bara hentug átylla til að slá upp veislu.

> HANN VARÐ FYRSTUR MANNA TIL AÐ BERA MORÐVOPN AÐ HJARTA UNDIRSTÉTTARINNAR.

Mörgum nyrðra var full alvara með að rétta hlut síns manns í sögunni, líkt og sést af því hve hugleikinn Náttfari var norðlenskum rithöfundum á fimmta, sjötta og sjöunda áratugnum. Árið 1941 skrifaði rithöfundurinn og þingmaðurinn Bjartmar Guðmundsson ljóðrænan sagnaþátt eða smásögu um landnámsmanninn Náttfara, Jón Sigurðsson frá Ystafelli ritaði heila bók um Náttfara og Garðar Svavarsson sem út kom árið 1968 og 1960 kom út skáldsagan Náttfari eftir Flateyinginn Theodór Friðriksson.

Allir þurftu höfundarnir að geta í risastórar eyður í frásögn sinni. Þeir eiga það sameiginlegt að freistast til að gera Náttfara að ættgöfgum manni, að álykta að hann hljóti að hafa strokið frá Garðari í stað þess að hafa slitið óvart á brott og daðra við þá hugmynd að ástin hafi átt þar hlut að máli sem skýri ambáttina í strokubátnum.

Lengst gengur Theodór í skáldsögu sinni, þar sem hann gerir Náttfara að fóstbróður Garðars og hvatamanni að siglingunni til Íslands. Sá leiðangur hafi ekki verið nein slysni, heldur útpældur rannsóknarleiðangur að undirlagi móður Náttfara, sem hafi haft vitneskju sína um landið frá grískum sæförum. Á Íslandi leiðir flókinn ástarþríhyrningur til þess að Náttfari flýr með ambáttinni, en saman eiga þau fjölda dætra sem hver um sig giftist frægum landnámsmönnum og urðu þannig ættmæður göfugustu fjölskyldna landsins. Með slíkri hugarleikfimi reyndu höfundarnir ekki að rísa gegn hefðbundinni upprunasögu Íslendinga, heldur aðeins að bæta Náttfara við hana og fella hann að staðalmyndinni um landnámsmenn sem djarfa höfðingja, helst af höfðingjakyni.

Áratugum áður hafði rithöfundurinn og kommúnistinn Gunnar Benediktsson hins vegar ritað grein um Náttfara, fyrsta landnámsmann Íslands, þar sem hann gekk á hólm við hina höfðingjamiðuðu sögusýn. Tilefnið var 1000 ára afmæli Alþingis árið 1930. Hátíðarhöldin einkenndust af skefjalausri dýrkun á „gullöld Íslendinga“, þjóðveldistímanum. Íslenskir kommúnistar voru þeir einu sem ekki tóku þátt í þeim kór.

Ekkert gleðiefni

Í tímaritinu Rétti túlkaði Einar Olgeirsson stofnun Alþingis með sínum hætti: „930 var, – með stofnsetningu löggjafarsamkundunnar, Alþingi, – stjettarvald jarðeigendanna, þrælaeigendanna og þrælamorðingjanna löghelgað, hnefavaldið gert að lagavaldi, hin rænda jörð að lögverndaðri eign, víkingarnir að drottnendum lands og þjóðar, ræningjarnir að ríkisstjórum. … Þess ætlar nú íslensk yfirstjett að minnast.“

Grein Gunnars birtist í sama tölublaði Réttar. Að hans mati var Náttfari fátækur húskarl sem réðst til Íslandsfararinnar, ef til vill til að vera í námunda við ambáttina sem hann elskaði. Þegar færi gafst, létu þau sig hverfa frá húsbóndanum til að skapa sér nýtt líf, frjáls í hinu nýja landi.

Að mati Gunnars var það lítilsigld hégómagirnd íslenskra sagnritara sem olli því að Náttfari fékk ekki nafnbót fyrsta landnámsmannsins: „Þem mun hafa þótt það ekki skammlaust fyrir þjóðina, að í svona veglegu sæti sögu hennar sæti óbrotinn húskarl með ambátt við hlið sér. Ingólfur var maðurinn, sem þjóðin var sæmd af að eiga í því sæti, – af ríkum ættum kominn, þrælaeigandi og þrælamorðingi, gripdeildarmaður, að stórum hluta af landinu, sem hann síðan úthlutaði öðrum af ríkdómi náðar sinnar.“

Að einu leyti taldi Gunnar Benediktsson þó réttmætt að miða upphaf Íslandsbyggðar við búsetu Ingólfs og telja hann fyrsta landnámsmanninn. „Það er fyrst við komu hans, og undir eins við komu hans, að stéttabaráttan og stéttakúgunin tekur sér aðsetur hér á Íslandi. Hann varð fyrstur manna til að bera morðvopn að hjarta undirstéttarinnar, og kveða þannig niður frelsisbaráttu hennar. Hann gaf fordæmið að því, að einstakir menn slægju eign sinni á heil landsvæði, til að úthluta síðan öðrum og þar með fá vald yfir bjargráðum þeirra og lífsskilyrðum. Það er hann, sem flytur hingað til lands það skipulag, sem hefir fært flestum Íslendingum þrældóminn að vöggugjöf, og örfáum réttinn til að drottna yfir lífsskilyrðum fjöldans.“

Niðurstaða Gunnars var sú að á sama hátt og með Ingólfi hafi saga hinnar alþjóðlegu kúgunar hafist á Íslandi, þá hafi með stroki Náttfara byrjað frelsisbarátta kúgaðrar alþýðu á Íslandi. Gat höfundurinn, sem fæddur var í Skaftafellssýslum, ekki stillt sig um að senda pillu á mölina með því að benda á að sú barátta hafi eins og aðrar félagshreyfingar hafist í Þingeyjarsýslu. „En enn þann dag í dag lýtur íslensk alþýða dýpst og átakanlegast auðvaldi yfirstéttarinnar og kúgun hennar í landnámi þrælamorðingjans Ingólfs Arnarsonar.“

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

199 kr. kg

Chiquita Bananar
Verð áður 249 kr. kg

20% afsláttur

LÁGT VERÐ ALLA DAGA

GOTT VERÐ Í BÓNUS

NÝTT Í BÓNUS

259 kr. 100 g

Bónus Kálblanda
Spínat og grænkál, 100 g

398 kr. 500 g

Akursel Gulrætur
Lífrænar, 500 g

259 kr. 500 g

Íslenskar Gulrætur
500 g

10 sett

398 kr. 10 stk.

Bónus Boost Sett
Glös, lok og rör, 10 stk.

GOTT Í BOOSTIÐ!

398 kr. 1 kg

Berjablanda
Frosin, 1 kg

398 kr. 1 kg

Jarðarber
Frosin, 1 kg

398 kr. 500 g

Hindber
Frosin, 500 g

398 kr. 500 g

Nice'n Easy Bláber
Frosin, 500 g

2L

759 kr. 2 L

Debic Vanillu Shake
2 L

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Opnunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

Verð gilda til og með **25. september** eða meðan birgðir endast

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

24. SEPTEMBER 2016 LAUGARDAGUR

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

Páls Hlöðverssonar

Hjallalundi 20, Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Heimahlynningar á Akureyri fyrir einstaka umönnun.

Hannveig Valtýsdóttir
Katrín Guðrún Pálsdóttir
Bogi Pálsson
Linda Björk Pálsdóttir
Ólafur Arnar Pálsson
Þórarinn Valur Árnason
Anette Kristin Jacobsen
Lena Sif Rögnvaldsdóttir
Agnes Eva, Steinar Gauti, Lilja Jóna, Auðunn Elfar, Þórdís Erla, Hákon, Jenný, Camilla Rós og Emma Júlía.

†

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Björk Lind Óskarsdóttir

Miðgarði 2, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, sunnudaginn 18. september. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Pálmi B. Aðalbergsson
Guðmundur Páll Pálmason
Snorri Pálmason
Axel Pálmi Snorrason
Björk Lind Snorradóttir
Hlynur Snær Snorrason
Kristín Sesselja Kristinsdóttir

†

Elskuleg mamma okkar, tengdamamma, dóttir og systir,

Elísabet Sigurbjarnadóttir

Bettý,

lést á heimili sínu 17. september. Útför fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 27. september klukkan 13.00.

Eva María Ægisdóttir
Bjarni Þór Kristjánsson
Sverrir Freyr Kristjánsson
Róbert Óðinn Kristjánsson
Sigurbjarni Guðnason
Berglind Ósk Guðmundsd.
Elísabet Eva Ottósdóttir
Sigurveig Hera Björnsdóttir
Jóhanna Jakobsdóttir
systkini og aðrir aðstandendur.

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Margrét Símonardóttir Kjærnested

Þorfinnsgötu 8,

er látin. Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 26. september kl. 15.00.

Símon Ingi Kjærnested
Örn Kjærnested
Margrét H. Kjærnested
Helgi Kjærnested
Elínborg S. Kjærnested
Hildur Einarsdóttir
Pétur E. Oddsson
og aðrir aðstandendur.

Nærgætni, hlýja og virðing *Við andlát ástvinar*

Ísleifur Jónsson
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

Steinunn Magnúsdóttir
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA ÚSR REYKJAVÍKUR

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

Mynd úr safni Jóns Kaldals ljósmyndara. Tekin í stofu Haraldar Árnasonar kaupmanns sem bjó við Laufásveg í Reykjavík.

Yngstu myndirnar eru af Hljómum

Tvær sýningar á myndum Jóns Kaldal ljósmyndara (1896-1981) verða opnaðar í Þjóðminjasafninu í dag. Þannig er þess minnst að 120 ár eru frá fæðingu hans.

Myndir af þekktum Íslendingum einkenna sýninguna Portrett Kaldals sem opnuð verður í dag klukkan 15 í ljósmyndasal Þjóðminjasafnsins. „Þetta eru myndir sem eru varðveittar hér í safninu. Þær hafa verið gefnar út á bók og sýndar tvívegis áður, fyrst 1966 og aftur 1996. En með því að sýna þær aftur og aftur halda þær ákveðinni stöðu sem sígilt myndefni," segir Inga Lára Baldvinsdóttir, sviðsstjóri ljósmyndasafns safnsins. „Þær fyrstu eru teknar árið 1925 og þær yngstu eru af Hljómum, líklega frá því um 1968," lýsir hún.

Sjálfur varð Jón Kaldal ljósmyndari þjóðfrægur í lifanda lífi. Þar réðu mestu einstakar portrettmyndir hans af listamönnum og framámönnum þjóðarinnar.

Inga Lára segir sumar þeirra mynda hafa prýtt forsíðu Vikunnar í kring um miðja öldina. Til dæmis mynd af séra Arnóri Árnasyni, sem er táknmynd fyrir sýninguna nú. Hún telur ljóst að Kaldal hafi verið einstakar myndir ástfólgnari en aðrar. „Þegar Kaldal varð sjötugur 1966 gerði hann heila sýningu af stækkuðum myndum og það efni er uppistaðan í því sem er sett upp núna. Sú sýning var í Casa Nova í MR. Það var svo mikill skortur á sýningarrými í Reykjavík þá að salur þar var notaður fyrst eftir að hann var opnaður."

En ljósmyndarinn átti sér fleiri hliðar og þær birtast á sýningunni Kaldal í tíma og rúmi sem er líka opnuð í dag á veggnum framan við ljósmyndasalinn. Inga Lára lýsir því sem þar ber fyrir augu. „Það tíðkaðist til dæmis hjá betri borgurum í Reykjavík að láta mynda glæsileg heimili sín og á veggnum er úrval af rýmismyndum sem eru teknar í heimavistarskólum, í fínum stássstofum borgarbúa og verslunum. Þetta eru myndir frá tólf ára tímabili, nýjar kópíur sem ljósmyndari safnsins, Ívar Brynjólfsson, hefur gert eftir glerplötum Jóns Kaldals sem við geymum hér í safninu í tugþúsundavís. Þær hafa aldrei verið sýndar áður."

gun@frettabladid.is

„Þarna er fræga fólkið!" segir Inga Lára um sýninguna Portrett Kaldals. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

> **Það tíðkaðist til dæmis hjá betri borgurum í Reykjavík að láta mynda glæsileg heimili sín og á veggnum er úrval af rýmismyndum sem eru teknar í heimavistarskólum, í fínum stássstofum borgarbúa og verslunum.**
>
> Inga Lára Baldvinsdóttir



Séra Arnór Árnason, Hofi, Skagafirði, var einn af þeim sem Jón Kaldal myndaði.

Valgerður kveðst heppin að vera að fást við það sem hana langar til og hafa visst rými til að gera það sem henni dettur í hug. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Er spennt að verða fertug

Valgerður Jónsdóttir, söngkona og tónmenntakennari, verður fertug á morgun og hlakkar til að vakna á afmælisdaginn með minningu frá skemmtilegum tónleikum í dag.

„Tónleikarnir hefjast á píanólagi sem ég samdi þegar ég var fimmtán ára og í lok þeirra mun Karlakórinn Svanir syngja lagið í raddsetningu sem ég gerði fyrir hann. En pabbi minn, hann Jón Trausti Hervarsson, samdi texta við lagið," segir Akurnesingurinn, söngkonan og kórstjórinn Valgerður Jónsdóttir. Hún ætlar að halda upp á fertugsafmælið sitt í dag með tónleikum, kaffi og kökum og býður fjölskyldu, samstarfsfólki og öðrum vinum. Flest laganna eru hennar eigin, eða þeirra hjóna, hennar og Þórðar Sævarssonar.

„Við vorum að dusta rykið af hljómsveitinni okkar, My Sveet Baklava. Svo kláraði ég klassískt söngnám í FÍH á sínum tíma og ætla að taka eina aríu og eitthvað fleira úr þeirri deild. Svo raular fjölskyldan nokkur lög. Dóttirin, Sylvía, er að verða tíu ára og farin að radda."

Ég þekki margt fólk milli fertugs og sextugs og það virðist svo gaman hjá því.

Valgerður kennir tónmennt í Grundaskóla á Akranesi. Auk þess heldur hún námskeið, stjórnar karlakór og syngur fyrir túrista. „Við Doddi, maðurinn minn, höfum verið að taka á móti hópum á safnasvæðinu á Görðum, þar syngjum við þjóðlög og erum með kynningar og myndir. Þetta er svona lítil fræðslu- og tónlistarstund."

Valgerður kveðst ánægð með lífið og spennt að ná þessum aldri. „Ég þekki margt fólk milli fertugs og sextugs og það virðist svo gaman hjá því. Svo er ég líka svo heppin að vera að fást við það sem mig langar til, að sinna tónlistinni og hef ákveðið rými til að gera það sem mér dettur í hug. Það er dýrmætt."

gun@frettabladid.is



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Sigurður Jóel Friðfinnsson

Kársnesbraut 133,

lést laugardaginn 10. september. Útför fer fram frá Fíladelfíukirkju, Hátúni 2, mánudaginn 26. september klukkan 15.

Sigríður Einarsdóttir
Elín Sigurðardóttir **Alfred Cassis**
Helga Sigurðardóttir **Gunnar Bragason**
Anna Margrét Sigurðardóttir **Gunnþór Ingvason**
Erla Huld Sigurðardóttir **Karl Gunnarsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Hugheilar þakkir til ykkar allra sem hafið auðsýnt okkur samúð og veitt stuðning og styrk vegna andláts og útfarar elskaðrar eiginkonu, móður, systur, og tengdadóttur,

Ingibjargar Baldursdóttur

Starhaga 16, Reykjavík.

Franz Jezorski
Baldur, Kristín, Hanna og Björg Jezorski,
Jóhann og Sigurður Baldurssynir,
Sesselja og Franz Jezorski

---

†

Ástkær móðir mín, dóttir, systir og mágkona,

Svanlaug Ingvadóttir

lést á heimili sínu 22. september sl.

Karen Líf Brynjarsdóttir,
Arnrún Antonsdóttir, Ingvi Þór Sigfússon
Anton L. Ingvason, Guðrún Lýðsdóttir
Þórður G. Ingvason og Hrönn Brandsdóttir

---

†

Útför okkar ástkæru móður, tengdamóður og ömmu,

Huldu Filippusdóttur

sem lést á Grund – dvalar- og hjúkrunarheimili, verður gerð frá Fossvogskirkju mánudaginn 26. september klukkan 13.00.

Á Grund, deild A2, var afskaplega vel hugsað um Huldu og vilja dætur hennar færa kærar þakkir fyrir ást og umhyggju sem Huldu var veitt í veikindum sínum. Ef ástvinir vilja minnast Huldu þá mega Alzheimersamtökin njóta þess og Grund minningarkort.

Jóhanna Vigfúsdóttir **Þorbjörn Björnsson**
Ásgerður Vigfúsdóttir **Fjölnir Ernis Sigvaldason**
Aðalbjörg Vigfúsdóttir **Janus Þór Valdimarsson**
og barnabörn.

---

†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa, bróður og mágs,

Magnúsar Árnasonar

húsgagnasmiðs,
Móasíðu 3c, Akureyri.

Sérstakar þakkir til lækna og starfsfólks Sjúkrahússins á Akureyri fyrir góða og hlýja umönnun.

Anna Guðrún Jóhannsdóttir
Árni Rúnar Magnússon **Hulda Þórey Gísladóttir**
Guðjón Ingi Magnússon **Kristveig Þorbergsdóttir**
Sandra Ósk Magnúsdóttir **Jón Ragnar Jónsson**
Hákon Logi, Ágúst Ívar og Eyrún Erla Árnabörn
Steinn Elmar Árnason **Guðlaug Guðmundsdóttir**

---

†

Michela Roberta Jespersen

Bjarmalandi 11, Sandgerði,

lést þann 15. september. Útför hennar fer fram mánudaginn 26. september í Safnaðarheimilinu í Sandgerði kl. 13.00.

Helgi Marteinn Ármannsson
Elísa Dögg Helgadóttir **Ejub Purisevic**
Gísli Helgason **Ólöf Vigdís Ragnarsdóttir**
Ármann Ólafur Helgason
Ludviga Kata Soley Thomsen **Vinjard Thomsen**
barnabörn og langömmudrengur.

---

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Gunnar L. Hjartarson

Víðilundi 20, Akureyri,

lést föstudaginn 16. september á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 27. september kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Hollvinasamtök Sjúkrahússins á Akureyri.

Anna Gunnarsdóttir **Girish Hirlekar**
Hjördís Gunnarsdóttir **Grétar Viðarsson**
Ómar Gunnarsson **Árný Helga Reynisdóttir**
Gunnar G. Gunnarsson **Valgerður L. Gísladóttir**
afabörn og langafabörn.

---

†

Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Erlendur Steinar Búason

Vesturhólum 5, Reykjavík,

lést á Landspítalanum 19. september síðastliðinn. Útför hans fer fram frá Fella- og Hólakirkju mánudaginn 26. september kl. 13.00.

Þeim sem vilja minnast hans er bent á K.F.U.M. og Fella- og Hólakirkju.

Hólmfríður Pétursdóttir
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir **Gísli Jónsson**
Jóna Erlendsdóttir **Bjartmar Kristjánsson**
Ólafía Guðný Erlendsdóttir **Rune Berge**
og barnabörn.

---

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, sonur, bróðir og tengdasonur,

Þorleifur Njáll Ingólfsson

sem lést laugardaginn 17. september verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju mánudaginn 26. september kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á líknar- og hjálparsjóð Landssambands lögreglumanna, reiknnr. 0303-18-930437, kt. 540574-0149.

Sigrún Ásgeirsdóttir
Sara Kristín Þorleifsdóttir
Guðbjörg Eva Þorleifsdóttir
Guðbjörg Þórisdóttir
Sigfús Þór Ingólfsson **Gyða Árný Helgadóttir**
Rúnar Þórir Ingólfsson
Ásgeir Jónasson **Bergljót Kjartansdóttir**

---

†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Jón Bergsson

Mávahlíð 34,

andaðist á Landspítalanum í Fossvogi miðvikudaginn 14. september. Útförin fór fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Guðbjörg Lilja Jónsdóttir
Þorbjörg Kristín Jónsdóttir **Haukur Ásgeirsson**
Bergur Jónsson **María Jörgensdóttir**
Brigitte Chastanet
barnabörn og barnabarnabörn.

KROSSGÁTA

LÁRÉTT

1 Eldur; sé hann af landnorðri, þá má vænta ösku og hrauns (7)
11 Draugur risti frá sporði að haus, það var frábært (14)
12 Regla getur komið fyrir fingrafimt fólk (7)
13 Leiðst stjórnendur en hafnaðir skósveinum þeirra (14)
14 Kofi fyrir kagga og krimmar með (7)
15 Krukkuatriði er bara tala á réttarskjali (9)
16 Spila spil en leita tveggja spilafélaga (9)
19 Geri út af við kolbrand (4)
20 Afneita þrengingum og skorti matvæla (9)
22 Ávöxtur skyndikynna er hrakfallabálkur (9)
25 Þvílíkt þrumuskotið sem tappinn tók! (6)
31 Þeysisprettur gerir þau bálill (8)
32 Þessi hljómsveit spilar líka upp á peninga (5)
33 Kljúfa eikarborð verslunar (9)
34 Hvaða öskur eru í Öldu þarna í svallinu? (8)
35 Klár í íslensku er góð í dönsku (5)
36 Fuglar í ruglinu fá móral (5)
37 Tef sóla með fætinum einum, en á bíl vil ég pedala (8)
39 Leita prentfilma milli hranna (5)
42 Rannsókn á miðpunkti alheimsins kallar á sjálfsrýni (11)
45 Halda þau alltaf sambandi? (7)
46 Heiðalamb elskar blundinn (5)
47 Glæra við hrygginn ber við jökulbrúnina (9)
48 Þau duglegustu í stuðinu voru öll úr lagi gengin (7)
49 Lúta höfði í lotningu yfir fegurð fjarða (5)
50 Stafur með skán fór hring eftir hring (7)

LÓÐRÉTT

1 Gistiheimili í Grímsey fær gyllta stjörnu (7)
2 Sá sem vill síga fer með Fúsa (7)
3 Ötum það auri og freknum (7)
4 Lenda enn einusinni langt úti í hundsrassi (9)
5 Óskakona fyrir nafnlausan burgeis (9)
6 Varð uppiskroppa með þessa lauktegund (9)
7 Mitt er það sem hrifnast er, ef ég eignast það (9)
8 Hví segirðu framgöngustefnuna jafnast á við gerræðislega þjóðrembuna? (9)
9 Baðar þennan sólarhring í ljóma liðinnar vinnuviku (9)
10 Lifandi staða fyrir engla (9)
17 Sá er ekki lifandi sem ekki kann að deyja (7)
18 Hendi hátt í tíu hörðum aldinum (14)
21 Hnikum torfærutrölli eftir seinförnum slóða (10)
23 Rjúkum burt áður en við stiknum (7)
24 Lausn Vilhjálms er algjört úrræðaleysi (8)
26 Náðum til tappans fyrir rest (7)
27 Fanga hund ferjumanns framliðinna (7)
28 Vandaður fantur sér um að allt sé eins og það á að vera (7)
29 Hitar klaka kökugerðar (7)
30 Rjómablíðan boðar ljós og myrkur náttpotta (11)
34 Umframagnir og börn kalla á rányrkjuna (8)
38 Kem Indíru í uppnám er Austureyjar verða Vestur (6)
40 Bráðræðisflan á brjáluðum en jákvæðum skautum (6)
41 Dansa við hunda (6)
43 Panta bíl ef hross eru ekki í boði (5)
44 Sú gamla komin í höfuðborgina eystra (5)





Lausnarorð síðustu viku var
SJÁVARÚTVEGUR

FORLAGIÐ

VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af **Dulnefnunum** eftir **Braga Ólafsson** frá JPV. Vinningshafi síðustu viku var **Ómar Árnason, Reykjavík.**



LAUSNARORÐ

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt upp birtist náttúruperla. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 23. september næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „30. september“.

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

Þrautir

Bridge Ísak Örn Sigurðsson

SVEIFLUSPIL

Sveit Grants Thornton sem varð bikarmeistari á dögunum eftir sigur 156-143 í úrslitaleik gegn sveit Lögfræðistofu Bjarna Hólmars Einarssonar vann sigur með tæpasta mun á sveit Kviku í undanúrslitaleik. Sá leikur fór 90 impar gegn 89 fyrir sveit Grants. Þegar svo litlu munar, er auðvelt að nefna spil sem réð úrslitum í leiknum. Spil 40 í leiknum olli mikilli sveiflu til sveitar Grants Thornton. Á öðru borðanna í leiknum var lokasamningurinn 5 tíglar í AV, spilað af liðsmönnum Grants Thornton. Liðsmenn Grant bjuggust varla við því að græða á spilinu, enda stóð hálfslemma í áttir AV. Sagnir á hinu borðinu voru hins vegar hagstæðar fyrir sveit Grant Thornton. Vestur var gjafari og allir á hættu:

Norður
♠ KD10632
♥ 87
♦ K102
♣ 72

Vestur
♠ -
♥ KG942
♦ Á85
♣ ÁDG65

Austur
♠ 7
♥ ÁD6
♦ DG943
♣ K1043

Suður
♠ ÁG9854
♥ 1053
♦ 76
♣ 98

Liðsmenn Grants Thornton sátu í NS á þessu borði.
Vestur hóf sagnir á einu hjarta, norður ákvað að koma inn á sagnir á tveimur spöðum, sem sýnir 6 spil í litnum og undir opnunarstyrk. Austur stökk í 4 ♥ og suður sagði 4 ♠. Vestur stökk þá í 6 ♥ á sín góðu spil sem voru pössuð yfir til suðurs. Hann ákvað að berjast í 6 ♠ og vestur passaði til að sýna áhuga á alslemmu (passið var sterkara en dobl). Austur var ekki viss um gildi spila sinna og ákvað að taka áskoruninni og fór í alslemmu í hjarta. Þann samning var hins vegar ekki hægt að vinna því það var óhjákvæmilegur tapslagur á tígullitinn. Sveit Grants Thornton græddi því 12 impa á spilinu örlagaríka.

Skák Gunnar Björnsson

Svartur á leik

Zchako átti leik gegn Hertel í Brand-Erbisdorf árið 1990.

1. ... Hh2+! 2. Kxh2 Dxf3 0-1.
Ingvar Þór Jóhannesson sem tefldi fyrir Verkís sigraði á Kringluskákmóti Víkingaklúbbsins í gær.
www.skak.is: Minningarmót í HM í dag.

Sudoku

LÉTT

	6		5					3
9	8		3			2		7
2			4			9		
				1		8		2
6	2		9	3				
	3	5	8					4
3					9	1		
	9					7	6	5

MIÐLUNGS

8		2			3			
1	9			4				
	5		2	8			9	
		7			4	5		
5			1			2		
2	3	9			7			6
				3	8			1
9	4						7	
	2		9		5		6	

ÞUNG

						5		6
4		8	2			9	3	
	7		8			1		
		1				7		3
			9		8			
		6		4	7			
3	6							2
			4	6			5	
	4			3				

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

7	9	6	3	5	2	1	4	8
8	3	5	4	9	1	2	7	6
1	2	4	6	7	8	3	9	5
2	4	9	8	3	6	5	1	7
3	5	8	1	2	7	4	6	9
6	7	1	5	4	9	8	2	3
9	1	3	7	8	4	6	5	2
4	8	2	9	6	5	7	3	1
5	6	7	2	1	3	9	8	4

7	8	4	2	3	6	5	1	9
9	2	6	1	5	8	7	3	4
5	3	1	7	9	4	6	8	2
4	9	3	5	6	1	8	2	7
1	5	8	4	7	2	9	6	3
2	6	7	9	8	3	1	4	5
6	1	9	3	2	7	4	5	8
3	4	5	8	1	9	2	7	6
8	7	2	6	4	5	3	9	1

8	7	3	5	9	2	6	1	4
4	5	9	3	6	1	8	2	7
1	6	2	7	4	8	5	9	3
9	3	1	6	5	4	7	8	2
5	2	4	9	8	7	1	3	6
6	8	7	1	2	3	4	5	9
3	9	5	8	7	6	2	4	1
7	4	8	2	1	9	3	6	5
2	1	6	4	3	5	9	7	8

BÓKA MARKAÐUR

Gjöf fylgir ef keypt er fyrir 6.000 kr. eða meira

á Fiskislóð 39

OPIÐ ALLA DAGA kl. 10–19

690 kr.



690 kr.

490 kr.

490 kr.

Gunnar Helgason kemur kl. 15

og les upp úr óútkominni bók sinni, *Pabbi prófessor*

3.500 kr.

590 kr.

Yfir 4000 titlar frá öllum helstu útgefendum landsins!

4.990 kr.

990 kr.

690 kr.

4.990 kr.

*Birt með fyrirvara um prentvillur. Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.

Bókamarkaður Forlagsins · Fiskislóð 39 · 101 Reykjavík · forlagid@forlagid.is · Opið alla daga kl. 10–19

Konráð og félagar á ferð og flugi 218

Bragi Halldórsson

„Jæja þá, sudoku gáta," sagði Kata glottandi. „Nú er ég orðin svo góð í að leysa sudoku að við skulum koma í kapp um hver verður fyrstur til að leysa hana," bætti hún við. Konráð horfði á gátuna. „Allt í lagi," sagði hann. „Til er ég." Lísaloppa var líka góð í að leysa sudoku gátur svo hún var alveg til í keppni. „Við glímum öll við hana og þá kemur í ljós hversu klár þú ert orðin," sagði hún. „Allt í lagi," sagði Kata. „En ég vara ykkur við, ég er orðin mjög klár," sagði hún montin.

Heldur þú að þú getir leyst þessa sudoku gátu hraðar en Kata?

			4	8	9	2		5
		1		6	5			
	4			3		6		
			6	9				3
7	3	9	8	5		1		6
	5	6	3	1	7			
		4		2		7	8	1
3		2			6	4		9
5								2

Leikur vikunnar

Skessuleikur

Þetta er hlaupaleikur fyrir hóp, hann fer fram á velli eða túni með tvær endalínur. Allir standa aftan við aðra línuna nema skessan sem snýr móti öllum hinum. Þegar skessan klappar hendast allir af stað og hlaupa yfir völlinn en skessan reynir að snerta eins marga og hún getur og segja „klukk" um leið. Þá verða þeir í liði með henni og hjálpa henni að klukka hina þegar þeir hlaupa á milli lína. Sá sem fyrstur er klukkaður verður næsta skessa.

HÁRÆÐASLIT Í ANDLITINU ?
ÞAÐ ER TIL LAUSN - VIÐ FJARLÆGJUM HÁRÆÐASLIT ENDANLEGA Í ANDLITI



PANTAÐU FRÍAN TÍMA
Í SKOÐUN STRAX Í SÍMA
893-0098

Snyrtistofan Hafblik

Ármúla 21, 2. hæð • S. 893 0098 • snyrtistofanhafblik@gmail.com

„Ég vil eiga heima bæði í sveit og í Reykjavík," segir Iðunn sem hér klifrar í stóru tré inni í Sundum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Mundi vilja verða dýrahirðir

Iðunn Ægisdóttir naut þess að fara upp í sveit um síðustu helgi. Hún dró kindur í dilk, fór í berjamó og gaf hænuungum að borða.

Iðunn Ægisdóttir er átta ára og er að verða níu ára í nóvember. Hún á heima í Reykjavík, gengur í Langholtsskóla og finnst skemmtilegast í skrift og íþróttum. Svo skreppur hún í heimsóknir norður á Strandir og þar var hún um síðustu helgi.

Hvað skyldi hún hafa brallað þar? Ég fór í smalamennsku bæði í Árneshreppi og í Bæ 1 á Selströnd hjá ömmu og afa.

Labbaðir þú langt? Nei, ég labbaði ekkert svo mikið, en ég fann ber á leiðinni.

Hjálpaðir þú til að draga kindur í réttinni? Já, við pabbi drógum nokkrar kindur saman, það var gaman.

Hvað brallaðir þú fleira þarna fyrir norðan? Ég var mikið úti að leika, fór í berjamó, gaf hænuungum að borða, henti steinum út í á og fór í heitu pottana á Drangsnesi.

Hvað fannst þér skemmtilegast við ferðina? Það var bara allt skemmtilegt.

Ferðu oft norður? Já, ég fer mjög oft í heimsókn til ömmu og afa sem eiga heima rétt hjá Drangsnesi en ekki eins oft í Árneshreppinn.

Gætir þú hugsað þér að eiga heima í sveit? Já, ég vil eiga heima bæði í sveit og í Reykjavík.

Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór? Ég mundi vilja verða dýrahirðir og vinna í Húsdýragarðinum.

Listaverkið

Mamma og pabbi að gifta sig, heitir þessi mynd eftir **Helga Steinar Heiðarsson.**



markhönnun ehf

nettó

Allt fyrir þig og þína

KJARNAFÆÐI

NAUTAÞYNNUR - FROSIÐ
VERÐ ÁÐUR: 2.648 KR/KG
2.277 KR/KG

-21%

ÍSFUGL

KALKÚNASTRIMLAR
VERÐ ÁÐUR: 2.398 KR/KG
1.894 KR/KG

Gott í pottréttinn

ÍSFUGL

-25%

KALKÚNABRINGA - FERSK
VERÐ ÁÐUR: 3.957 KR/KG
2.968 KR/KG

-41%

KALKÚNALÆRI
HÁLFÚRBEINUÐ
VERÐ ÁÐUR: 2.679 KR/KG
1.581 KR/KG

-30%

KJARNAFÆÐI

GRÍSAÞYNNUR - FROSIÐ
VERÐ ÁÐUR: 1.998 KR/KG
1.399 KR/KG

-20%

ÍSFUGL

KALKÚNAHAKK - 600 G
VERÐ ÁÐUR: 859 KR/PK
687 KR/PK

KJÖTSEL

NAUTGRIPAHAKK
VERÐ ÁÐUR: 1.694 KR/KG
1.491 KR/KG

helgarkjúllinn

NETTÓ KJÚKLINGUR HEILL
VERÐ ÁÐUR: 798 KR/KG
694 KR/KG

lax, lax, lax og aftur lax..

LAX Í HVÍTLAUK OG KRYDDJURTUM
LAX Í LIME OG SMJÖRI
LAX Í SÆLKERAMARINERINGU
VERÐ ÁÐUR: 2.698 KR/KG
2.374 KR/KG

Holta

HEIMSHORNA KJÚKLINGUR
300 G
VERÐ ÁÐUR: 984 KR/PK
886 KR/PK

998KR

PLOKKFISKUR
700 G
998 KR/PK

fagur fagur fiskur...

LAXAFLÖK, ÞVERSKORIN
VERÐ ÁÐUR: 1.798 KR/KG
1.582 KR/KG

LAXAFLÖK BEINLAUS. M. RAUÐI
VERÐ ÁÐUR: 2.598 KR/KG
2.182 KR/KG

-20%

FJARÐARBOLLUR
VERÐ ÁÐUR: 1.798 KR/KG
1.438 KR/KG

Fljótlegt og bragðgott

KLAKI KOLSÝRT VATN
3 TEG - 2L
VERÐ ÁÐUR: 169 KR/STK
149 KR/STK

NICE´N EASY
7 TEG
VERÐ ÁÐUR: 479 KR/STK
399 KR/STK

-20%

TRADIZIONALE PIZZUR
3 TEG
VERÐ ÁÐUR: 749 KR/STK
599 KR/STK

-30%

Súrt og sætt

SÍTRÓNUR
VERÐ ÁÐUR: 569 KR/KG
398 KR/KG

LIME
VERÐ ÁÐUR: 479 KR/STK
335 KR/KG

www.netto.is | Tilboðin gilda 22 – 25. september 2016

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.
Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Veðurspá Laugardagur



Norðaustanátt 8-15 í dag en 13-20 m/s norðvestan til á landinu. Víða rigning og hiti 4 til 12 stig, hlýjast sunnan heiða.

Heimurinn

Kaupmannah. 17°	Oslo 16°	Stokkhólmur 14°	Gautaborg 18°	Helsinki 14°	Þórshöfn 12°	Nuuk 4°
London 22°	Amsterdam 21°	Paris 23°	Berlin 19°	Madrid 26°	Brussel 23°	Róm 24°
Boston 15°	New York 17°	Orlando 24°	Moskva 12°	Singapúr 28°	Tókýó 22°	Sydney 15°

Flóð & fjara

Flóð	Fjara
Reykjavík	
06.31	**12.28**
4,02m	0,11m
06.51	**12.42**
4,23m	0,15m
Akureyri	
10.52	**04.57**
1,52m	0,22m
11.06	**05.17**
1,55m	0,13m
Ísafjörður	
08.24	**02.32**
2,23m	0,04m
08.41	**02.44**
2,42m	0,02m

Tunglstaða

Vaxandi

100%

Sólarupprás: 06.57

Sólarlag: 19.44

Reykjavík

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
11° ←7	8° ↙10	8° ↙7	7° ↓5	8° ↗1

Ísafjörður

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
2° ↙11	2° ↙10	3° ↙8	5° →4	5° →5

Akureyri

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
5° ↙6	4° ↓7	3° ↙4	3° ↘4	4° →5

Egilsstaðir

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
8° ↓5	5° →7	2° ↓7	4° ↘4	4° →5

Kirkjubæjarklaustur

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
10° ←6	10° ←1	8° ↙10	7° ↙3	7° ↘5

Myndasögur

PONDUS — Eftir Frode Øverli

GELGJAN — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

BARNALÁN — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

BYLGJAN 30 ÁRA 989

365

Lækkaðu verðið á GSM reikningnum þínum

ENDALAUS SÍMTÖL & SMS Í ALLA

OG ÞÚ VELUR ÞANN GAGNAMAGNSPAKKA SEM HENTAR ÞÉR

0 GB	1 GB	5 GB	30 GB*
790 KR	1680 KR	2680 KR	2990 KR

Greitt er fyrir farsímanotkun erlendis, til útlanda og í upplýsinganúmer. Á ferðalögum erlendis eru boðnir ferðapakkar Evrópski Draumurinn og Ameríski Draumurinn

* 30 GB gagnamagn er innifalið í hverjum mánuði en endalaust gagnamagn fyrir 2.000 krónur bætist við af farið er umfram 30 GB

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á 365.IS OG SÍMA 1817

Í þá tíð voru gerð hróp að listamönnum úti á götu

Yfirlitsýning á verkum Valtýs Pétursonar listmálara verður opnuð í Listasafni Íslands í dag. Samtímis kemur út bók um ævi og störf listamannsins, sem var á meðal frumkvöðla í málaralist á Íslandi á síðustu öld.

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Valtýr Pétursson listmálari var fæddur árið 1919 og lést 1988 og hafði þá skilið eftir sig djúp spor í íslenskri listasögu. Dagný Heiðdal, ritstjóri bókarinnar um Valtý og deildarstjóri listaverkadeildar Listasafns Íslands, segir að það hafi verið kominn tími til að rifja upp kynnin við Valtý þar sem hann hafi ekki verið áberandi á sýningum undanfarið. „Okkur langaði því til þess að kynna hann fyrir nýjum áhorfendum, enda á hann fullt erindi. Nýjar kynslóðir sjá alltaf eitthvað nýtt og horfa á verkin með öðrum augum."

Valtýr var mjög ungur þegar hann fékk áhuga á myndlist og stundaði þá nám í teikningu í Reykjavík. Dagný segir hins vegar að þeir sem voru í kringum hann hafi verið á því að hann ætti að læra eitthvað hagnýtt. „Það varð því úr að Valtýr fór til Bandaríkjanna árið 1944 í verslunarnám en þar hafði hann líka tækifæri til þess að skoða söfn og sýningar og kynnast listasögunni. Hann sagði frá því sjálfur að hann hefði farið á MoMA í New York og fyrir framan verk eftir Van Gogh hefði hann fengið þá uppljómun að hann yrði að feta listabrautina og eftir það varð ekki aftur snúið. Þá fór hann í einkaskóla í Boston og síðar til Flórens á akademíuna þar og var svo í París í tæp tvö ár. Að auki var hann sérstaklega duglegur við að ferðast og skoða söfn og sýningar, alltaf að kynna sér það nýjasta.

Þó svo ferill Valtýs hafi verið ákaflega fjölbreyttur þá bendir Dagný á að hann hafi vissulega verið brautryðjandi í abstraktlistinni á Íslandi. „Hann átti verk á septembersýningunni 1951 sem hét Á svörtum grunni, sem er talið vera fyrsta fullkomna konkretverkið sem var sýnt á Íslandi enda var það alveg í takt við það nýjasta sem var að gerast í París á þessum tíma. Hann var í hópi ungra manna sem börðust fyrir framgangi abstraktlistarinnar á Íslandi á þessum tíma sem var misvel tekið.

Dagný Heiðdal, sýningarstjóri yfirlitssýningar á verkum Valtýs Pétursonar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

ÉG HELD AÐ VERKIN HANS VALTÝS TALI JAFNVEL MEIRA TIL UNGA FÓLKSINS Í DAG EN MARGRA FYRRI KYNSLÓÐA.

Valtýr sagði frá því að það hefðu verið gerð hróp að þeim úti á götu og mikið gengið á. Þetta var eins og með atómskáldin sem einnig voru að ryðja nýjum hugmyndum braut og það voru ekki allir sem skildu það á þessum tíma þó svo að þetta séu verk sem við kunnum vel að meta í dag.

En það er athyglisvert hversu þátttaka og áhugi almennings var mikill á þessum tíma enda var umfjöllunin í blöðunum um myndlist mikil. Umfjöllun um myndlist var líka stór þáttur í ævistarfi Valtýs en hann var gagnrýnandi Morgunblaðsins í 36 ár og skrifaði hátt í 900 greinar, mest um íslenska myndlist."

Dagný segir að það skipti miklu máli fyrir ungu kynslóðina í myndlistinni að geta komið og séð verk málara fyrri kynslóða. „Ég held að verkin hans Valtýs tali jafnvel meira til unga fólksins í dag en margra fyrri kynslóða. Hver tími setur upp ný gleraugu og sér eitthvað nýtt. Valtýr átti mjög fjölbreyttan feril og var alls ekki bara abstraktmálari þó svo flestir þekki hann þannig. Hann sneri til að mynda við blaðinu seint á ferlinum og fór aftur að vinna fígúratíft. Hann er svo fjölbreyttur að ég held að á sýningunni sem við erum að opna núna ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi sama hvar áhugasviðið liggur."

Alls konar blús

MYNDLIST

Beucoup of Blues

★★★☆☆

Sýningarstaður: Tveir hrafnar
Listamaður: Jón Óskar
Sýningarstjórar: Halla og Gústi

